Í verklega þætti námskeiðsins þarf hver nemandi að lágmarki að hafa meðferðis: Tvær ísaxir, mannbrodna, klifurbelti, hjálm, snjóflóðayli, skóflu, snjóflóðastöng, sigtöl, prússiklykkju, þrjár læstar karabínur og tvo 120 cm borða.

Aðeins þeir sem hafa lokið Fjallamennsku I, geta sótt þetta námskeið.

Verð: 67.000/70.000. Innifalið: Kennsla og verklegar æfingar.

N06 GPS - Námskeið II

2. maí, þriðjudagur

Leiðbeinandi: Andri Már Númason.

Mæting: kl. 18 – 22 í risi FÍ Mörkinni 6.

Almennt GPS námskeið þar sem fjallað er um GPS tækið, helstu virkni og meðferð ferla, punkta og leiða. Tilvalið fyrir þá sem nota GPS til leiðsögu á göngu, í bíl eða á sleða.

Námskeiðið er eingöngu í formi fyrirlestra og verkefna. Það fer að mestu leyti fram innandyrna. Nemendur þurfa að hafa með sér GPS-tæki.

Verð: 10.000/13.000.

N07 Jöklabroddanámskeið

3.- 4. maí, 2 dagar

Ferðafélag Íslands heldur námskeið fyrir byrjendur þar sem kennd verða

undirstöðuatriði í notkun brodda og ísaxa til fjalla. Við æfum göngu á broddum og kennum ísaxarbremsu.

Námskeiðið skiptist í bóklegan og verklegan hluta og æskilegt er að þátttakendur hafi lokið bóklega hlutanum áður en að verklegum æfingum kemur.

Námskeiðið veitir grunn í notkun öryggisbúnaðar í vetrar- og jöklaferðum.

Bókleg kennsla fer fram á Zoom, miðvikudaginn 3. maí kl. 20.

Kennslan tekur 1,5 klst.

Verklegi hlutinn verður í Bláfjöllum fimmtudaginn 4. maí frá kl. 17-21.

Þátttakendur þurfa að mæta með ísöxi, brodda, belti og hjálm í verklega hlutann.

Verð: 10.000/13.000. Innifalið: Kennsla og verklegar æfingar.

N08 Skyndihjálpar og óhöpp í óbyggðum

8., 10. og 15. maí, 3 kvöld

Leiðbeinendur: Ævar og Örvar Aðalsteinssynir.

Kennt: Kl. 18-22 í risi Fí, Mörkinni 6.

Námskeið fyrir göngufólk í skyndihjálpar og viðbrögðum við óhöppum í óbyggðum. Eftir stutta upprifjun á grunnatriðum skyndihjálpar er lögð áhersla á viðbrögð við slysum, veikindum og ýmsum aðstæðum sem geta mætt ferðafólki fjarri byggð. Verklegar æfingar og raunhæf verkefni. Farið yfir frásagnir af slysum og viðbrögð við óhöppum rædd. Námskeiðið endar á útíæfingu þar sem þátttakendur þurfa að fást við slasað ferðafólk.

Verð: 30.000/33.000. Innifalið: Kennsla og verklegar æfingar.

N09 Ferðamennska og rötun

2. - 4. júní, 3 dagar

Leiðbeinandi: Einar Eysteinnsson.

Kennt: Kl. 18:30-22 föstudag og kl. 9-17 laugardag og sunnudag í risi Fí, Mörkinni 6.

Langt helgarnámskeið þar sem kennd eru grunnatriði í rötun og ferðamennsku. Á föstudag og laugardag er farið í rötun með það markmið að þátttakendur verði sjálfbjarga í notkun áttavita og korta ásamt því að öðlast grunnþekkingu í notkun GPS-tækja. Meðal annars er fjallað um kortalestur, mælikvarða, útreikning vegalengda, bauganet jarðar, áttavitastefnur og misvísun. Þátttakendur þurfa að koma með áttavita, reglustiku, skriffæri, GPS-tæki og reiknivél.

Á sunnudeginum er sjónum beint að ferðamennsku með það markmið að gera þátttakendur hæfari til að stunda útivist af öryggi við erfiðar aðstæður. Fjallað er um ferðahegðun, ofkælingarhættu, fatnað, ferða- og útivistarbúnað, mataræði, veðurfræði og gerð snjóhúsa og neyðarskýla.

Verð: 30.000/33.000. Innifalið: Kennsla og verklegar útíæfingar.

N10 GPS – Námskeið III

14. júní, miðvikudagur

Leiðbeinandi: Andri Már Númason.

Mæting: kl. 18 – 22 í risi FÍ Mörkinni 6.

Almennt GPS námskeið þar sem fjallað er um GPS tækið, helstu virkni og meðferð ferla, punkta og leiða. Tilvalið fyrir þá sem nota GPS til leiðsögu á göngu, í bíl eða á sleða.

Námskeiðið er eingöngu í formi fyrirlestra og verkefna. Það fer að mestu leyti fram innandyr. Nemendur þurfa að hafa með sér GPS-tæki.

Verð: 10.000/13.000.

N11 Öryggi í og við straumvötn

23. -24 júní, 2 dagar

Leiðbeinandi: Kemur frá Björgunarskólanum.

Kennt: Bóklegt 23. júní kl. 19-22 í risi FÍ, Mörkinni 6, og verklegt 24. júní í Tungufljóti við Geysi. Markmið námskeiðsins er að gera þátttakendur hæfari til að taka ákvarðanir við að fara yfir ár og takast á við vandamál ef þau koma upp. Nemendur fræðast um og fá reynslu í sund- og vaðtækni, hegðun straumvatns, hvað ber að varast og hvernig hægt er að koma búnaði yfir ár, ásamt því hvað gott er að hafa meðferðis þegar vaða þarf straumvötn. Námskeiðið skiptist í fyrirlestra, búnaðarkynningu, umræður og verklegar æfingar. Þátttakendur þurfa að verða sér úti um þurrgalla, blautvettlinga og annað hvort neoprene skó eða gamla strigaskó sem henta í straumvatn. Gönguskór eru ekki æskilegir og sandalar og stígvél eru bönnuð þar sem þau falla af við sund. Verð: 30.000/33.000. Innifalið: Kennsla og verklegar æfingar.

SKÍÐAFERÐIR

HÁLENDIÐ

SK01 Bláfell á Kili 2 skíðaskór **NYTT**

4. mars, laugardagur

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson og Salome Hallfreðsdóttir
Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá Olís við Rauðavatn.
Ekið norður fyrir Gullfoss að rótum Bláfells. Þar er hægt að komast beint á snjó og skinnað upp á tind Bláfells sem er 1204 m hár og bíður upp á frábært útsýni yfir Langjökul, Kjöl, Kerlingarfjöll, Heklu, Tindfjallajökul og Eyjafjallajökul. Skíðað niður vesturhlíðar Bláfells að bílum og síðan ekið heim eftir stopp við Geysi.
Ferð fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.
Verð: 15.000/18.000. Innifalið: Fararstjórn.

VESTURLAND

SK02 Snæfellsjökull frá Dagverðará 3 skíðaskór

25. mars, laugardagur

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson og Salome Hallfreðsdóttir.
Brottför: Kl. 9 á einkabílum frá Olís í Borgarnesi.
Ekið í samfloti vestur á Snæfellsnes og suður fyrir jökul að Dagverðará þar sem við spennum á okkur fjallaskíðin.
Skinnað upp nokkuð bratta leið á topp Snæfellsjökuls (1446 m) með hækkun sem er um 1300 m. Sama leið skíðuð niður að Dagverðará þar sem ferðin endar.
Verð: 18.000/21.000. Innifalið: Fararstjórn.

AUSTURLAND

SK03 Austfjarðaveisla 3 skíðaskór

19.-23. apríl. 5 dagar

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson, Salome Hallfreðsdóttir, í samstarfi við Skúla Júlíusson og Óskar Ingólfsson.
Mæting á miðvikudagskvöldi á Hótel 1001 nótt við Egilsstaði.
Eingöngu gist í tveggja manna herbergjum.
Daginn eftir tekur við fjallaskíðaveisla á Austfjörðum þar sem fjöll verða valin eftir veðurspá og aðstæðum. Eftirtalin fjöll eru í sigti:
Snæfell. (1833 m). Hæsta fjall á Íslandi utan jökla og innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs. Frábært fjall til fjallaskíðunar þegar aðstæður eru góðar og hægt að skíða nokkrar ólíkar leiðir á því.
Kistufell inn af Reyðarfirði. (1239 m). Hæsta fjall við Austfjarðaströndina sem býður upp á frábæra langa fjallaskíðabrekku.
Hólmaticindur við Eskifjörð. Bæjarfjall Eskifjarðar og eitt tignarlegasta fjall Austfjarða. 985 m.
Hoffell við Fáskrúðsfjörð. (1092 m). Bæjarfjall Fáskrúðsfjarðar og niður af því er næstum 1000 m há skíðabrekka.
Ferðinni lýkur á sunnudag með hálf dags fjallaskíðaferð á Brúardalsfjall frá Þórudal eða á Sandfell í Skriðdal.
Verð: 135.000/140.000. Innifalið: Gisting, matur og fararstjórn.

SUÐURLAND

SK04 Hvannadalshnjúkur á fjallaskíðum 4 skíðaskór

13. maí, laugadagur

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson og Salome Hallfreðsdóttir.

Brottför: Snemma að morgni við Sandfell.

Það er ógleymanlegt að sigrast á hæsta tind landsins gangandi, en enn tilkomumeira á fjallaskíðum, enda brekkan niður af Hvannadalshnjúki einhver lengsta skíðabrekka landsins. Gengin er hefðbundin Sandfellsleið, þar af fyrstu 2 klst. með skíðin á bakinu upp í 700 m hæð. Þaðan er farið á skinum upp að Línusteini og áfram upp svokallaða *Dauðabrekku* að brún öskjunnar í 1750 m hæð. Haldið er eftir hefðbundinni leið vestan megin öskjunnar að rótum Hvannadalshnúks (2210 m) og hann toppaður. Síðan er skíðuð niður sama leið að Sandfelli. Gisting á eigin vegum. *Í þessari ferð verður gengið á einn af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar.*

Verð: 25.000/28.000. Innifalið: Fararstjórn.

HÁLENDIÐ

SK05 Kerlingarfjöll 3 skíðaskór NÝTT

9. – 11. júní. 3 dagar

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson og Salome Hallfreðsdóttir.

Brottför á einkabílum frá Olís við Rauðavatn kl. 17 á föstudeginum og ekið inn á Kjalveg að Kerlingarfjölum. Gist er í gamla Fí skálanum í Kerlingarfjölum.

1d., föstud. Hittumst hjá Olís við Rauðavatn kl. 17, þaðan ökum við saman inn á Kjalveg að Kerlingarfjölum og komum okkur fyrir í skála og förum yfir dagskrá næstu daga.

2.d. Ekið upp á efsta bílastæði og þaðan skinnað yfir jökulinn að rótum Loðmundar, þaðan upp á Snót og hæsta tindinn Snækoll (1488 m). Af honum er skíðað í suður að fáförnum háhitasvæðum. Skinnað aftur upp en nú á Fannborgu (1448 m) og af henni niður að bílastæðinu. Að loknum skíðadegi bíða jarðhitaböð fyrir þau sem vilja.

3.d. Daginn eftir er bílum lagt á bílastæði við háhitasvæðið í Hveradölum. Gengið austan Mænis að Ögmundi (1357 m) og hann skinnaður og skíðaður. Á leiðinni heim er hægt að skíða Mæni líka. Ekið heim um kvöldið.

Verð: 40.000/45.000. Innifalið: Gisting og fararstjórn

DAGSFERÐIR

SUÐVESTURLAND

D01 Borgarganga: Holt, hæðir og ásar í fjallahring Skeifu og Laugardals 1 skór **NÝTT**

15. janúar, sunnudagur

Fararstjórn: Pétur H. Ármannsson.

Brottför: Kl. 10:30 frá Mörkinni 6.

Á undanförunum árum hefur Ferðafélag Íslands staðið fyrir borgargöngu í upphafi árs. Að þessu sinni verður „fjallahringurinn“ í nágrenni skrifstofu Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6 kannaður. Leiðin liggur um holt, hæðir, ása og leiti sem umlykja Skeifuna og Laugardal. Genginn verður um 7 km hringur og endað á upphafsstað.

Verið öll velkomin, þátttaka ókeypis.

VESTURLAND

D02 Snæfellsjökull um páska 3 skór **Hundrað hæstu** 6. apríl, fimmtudagur (föstudagur 7. og laugardagur 8. til vara)

Brottför: Kl. 9 frá Stapafelli.

Snæfellsjökull (1446 m) er með frægustu jöklum á Íslandi.

Sumir finna sterk áhrif frá jöklinum og telja að hann sé ein af sjö stærstu orkustöðvum jarðar. Löngum hefur dulúð því sveipað jökulinn og umhverfi hans. Á góðum degi er magnað útsýnið frá toppi Snæfellsjökuls sem skilur engan eftir ósnortinn. Við munum leggja af stað frá Stapafelli kl. 9 og er áætlað að ganga á jökulþúfurnar sé um 7 – 8 klst.

Jöklabúnaður er nauðsynlegur; ísöxi, jöklabroddar og göngu-belti.

Verð: 18.000/21.000. Innifalið: Fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á tvo af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar á bls. 36.

SUÐURLAND

D03 Þverártindsegg 4 skór **Hundrað hæstu** 29. apríl, laugardagur

Brottför: Aðfaranótt laugardags á eigin jeppum frá Gerði eða truck frá Gerði sem þarf þá að greiða aukalega fyrir.

Löng og krefjandi fjallganga á eitt glæsilegasta fjall landsins, Þverártindsegg, sem rís beint upp af botni Kálfafellsdals í Suður-sveit, háreist, brött og gríðarlega falleg. Gengið er upp brattar skriður þar til komið er á jökul í um 800 m hæð. Þaðan liggur leiðin upp á hrygg sem leiðir okkur upp á sjálfa fjallseggina. Bratti á jöklinum er ekki mikill nema þegar komið er að egginni. Toppurinn

stendur upp úr jöklinum og er því íslaus. Jöklabúnaður er nauðsynlegur; ísöxi, jöklabroddar, göngubelti og hjálmur. Sunnudagur til vara, takið daginn frá. **Krafa um þekkingu á notkun jöklabúnaðar.** Ganga: 17 km. Hækkun: 1700 m
Verð: 25.000/28.000. Innifalið: Fararstjórn.
Í þessari ferð verður gengið á einn af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar á bls. 36.

SUÐVESTURLAND

D04 Á fjöllum við fyrsta hanagal: Morgungöngur Fl 2 skór

1.- 5. maí

Fararstjórn: Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir.

Brottför: Kl. 6 frá upphafsstað hverrar göngu, sjá hér að neðan.

Morgunstund gefur gull í mund. Komdu sjálfum þér á óvart með göngu í morgunsárið og fylltu lungun af fjallalofti fyrir verkefni dagsins. Fjallaskáld Ferðafélags Íslands 2023 verður með í för og les úr verkum sínum. Göngutími: 2-3 klst.

1. maí, mánud. Helgafell ofan Hafnarfjarðar. Gangan hefst við bílastæði skammt frá Kaldárseli.

2. maí, þriðjud. Mosfell. Gangan hefst við bílastæðið við Mosfellskirkju í Mosfellsdal.

3. maí, miðvikud. Úlfarsfell. Gangan hefst við bílastæði Skógræktarinnar við Vesturlandsveg.

4. maí, fimmtud. Helgafell í Mosfellsbæ. Frá bílastæði undir fjallinu, Mosfellsdalsmegin.

5. maí, föstud. Esjan upp að Steini. Gangan hefst við bílastæðið undir Esju.

Verið öll velkomin, þátttaka ókeypis.

SUÐVESTURLAND

D05 Örganga: Hvaleyrarholt 1 skór **NÝTT** 3. maí, miðvikudagur

Fararstjórn: Jónatan Garðarsson.

Brottför: Kl. 19 frá bílastæði á móts við World Class í Hafnarfirði.

Gengið yfir göngubrú á Reykjanesbraut að því sem eftir er af Þorlákstúni. Þaðan er gengið vestan við Hvaleyrarskóla eftir Suðurholti og í áttina að Vesturholti. Gengið að húsi Golfklúbbsins Keilis og þaðan að Flókavörðu. Hvaleyrarréttin skoðuð og gamla grjótnáman, en síðan gengið upp á Eyrarholt og þaðan eftir stíg að Álfholti og til baka yfir Hvaleyrarbraut. Göngutími: 1 ½ - 2 ½ klst.

Verið öll velkomin, þátttaka ókeypis.

SUÐURLAND

D06 Sveinstindur: Í fótspor Sveins Pálssonar 4 skór

Hundrað hæstu

6. maí, laugardagur

Brottför: Aðfaranótt laugardags við Vattará á hringvegi 1, sunnan Kvískerja.

Gengið á Sveinstind, næst hæsta fjall landsins, í fótspor Sveins Pálssonar, landlæknis og náttúrufræðings, sem gekk fyrstur þessa leið árið 1794. Leiðin liggur frá Kvískerjum, sunnan við Hrutárjökul, fram hjá Sveinsgnípu og á Sveinstind. Á leiðinni blasa Hnapparnir við í suðri og í norðri sést Hrutárjökullinn sem fellur frá Sveinstindi. **Jöklabúnaður er nauðsynlegur; ísöxi, jöklabroddar og göngubelti.** Gisting á eigin vegum. Sunnudagur til vara, takið daginn frá. Ganga: 22 km. Hækkun: 2000 m.

Verð: 25.000/28.000. Innifalið: Fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á einn af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar á bls. 36.

SUÐVESTURLAND

D07 Örganga: Hellisgerði og Víðistaðir 1 skór NÝTT

10. maí, miðvikudagur

Fararstjórn: Jónatan Garðarsson.

Brottför: Kl. 19 frá Hellisgerði.

Gangan hefst við Hellisgerði og þaðan gengið í áttina að Víðistaðatúni og hugað að sögunni. Gengið að skátaheimilinu Víðistaðamegin og þaðan að Víðistaðakirkju. Síðan liggur leiðin fram hjá Víðistaðaskóla og Norðurbraut er fylgt til baka að Hellisgerði. Göngutími: 1 ½ - 2 ½ klst.

Verið öll velkomin, þátttaka ókeypis.

SUÐVESTURLAND

D08 Örganga í Garðabæ: Hrauntangi við Urriðakotsvatn 1 skór

NÝTT

17. maí, miðvikudagur

Fararstjórn: Jónatan Garðarsson.

Brottför: Kl. 19 frá bílastæði Toyota umboðsins í Garðabæ.

Gengið frá bílastæðinu um Hrauntanga við vesturenda Urriðakotsvatns, en Mjóitangi nefnist sá hluti hans sem nær lengst út í vatnið til suðurs. Þessi hrauntangi átti sinn þátt í því að stífla dalverpið sem Urriðakotsvatn er í og skapa þar með skilyrði fyrir því að Urriðakotsvatn myndaðist. Göngutími: 1 ½ - 2 ½ klst. Verið öll velkomin, þátttaka ókeypis.

SUÐVESTURLAND

D09 Úlfarsfell 2000

18. maí, fimmtudagur

Helgi Björnsson og Reiðmenn vindanna munu spila fyrir gesti á fellinu.

Nánari upplýsingar auglýst síðar.

SUÐURLAND

D10 Hrutárfjallstindar 4 skór Hundrað hæstu

20. maí, laugardagur

Brottför: Aðfaranótt laugardags frá vegarstöða undir Hafrafelli við Svínafellsjökul.

Krefjandi fjallganga í stórbrotnu umhverfi á Hrutárfjallstinda (1875 m). Jaðri Skaftafellsjökuls er fylgt, gengið upp Hafrafell og þaðan upp á jökul um Sveltiskarð. Reynt verður að toppa alla fjóra tindana eða að lágmarki tvo; Hátind, sem er hæstur og innstur séð frá Þjóðvegi, og Vesturtind. Gisting á eigin vegum. Jöklabúnaður er nauðsynlegur; ísöxi, jöklabroddar og göngubelti. Sunnudagur til vara, takið daginn frá. **Krafa um þekkingu á notkun jöklabúnaðar.**

Ganga: 23 km. Göngutími: 15-17 klst.

Verð: 25.000/28.000. Innifalið: Fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á einn til þrjá af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar á bls. 36.

SUÐURLAND

D11 Rótarfjallshnúkur í Örfæfjökli 4 skór

20. maí, laugardagur

Fararstjórn: Ævar og Örvar Aðalsteinssynir.

Brottför: Aðfaranótt laugardags frá bílastæðinu við Sandfell í Örfæfum.

Rótarfjallshnúkur er einn af tindum Örfæfjökulsöskjunnar. Gengin er Sandfellsheiði eins og þegar gengið er á Hvannadalshnúk. Þegar komið er á öskjubrún er sveigt til suðurs að tindinum. Þessi fáfarni tindur tekur vel á móti göngumönnum sem þurfa að klífa upp snjóhrygg síðasta spölinn. Ganga: 20 km. Hækkun: 1800 m. Göngutími: 12-14 klst. **Jöklabúnaður er nauðsynlegur; ísöxi, jöklabroddar og göngubelti.** Gisting á eigin vegum.

Verð: 25.000/28.000. Innifalið: Fararstjórn.

SUÐURLAND

D12 Hvannadalshnúkur 4 skór Hundrað hæstu

27. maí, laugardagur

Brottför: Aðfaranótt laugardags frá bílastæðinu við Sandfell. Árleg hvítasunnuförð FÍ á Hvannadalshnúk (2110 m). Gengin er Sandfellsleið um Sandfellsheiði. Þessi fjallganga er verðug áskorun hverjum göngugarpi enda löng. Þátttakendur þurfa að vera í góðu líkamlegu formi og hafa stundað fjallgöngur markvisst í 6-8 vikur fyrir gönguna á Hvannadalshnúk. Gott viðmið er að geta gengið upp að Steini á Esjunni á 55 mínútum. Fyrir þá sem hafa ekki reynslu í notkun öryggisbrodda og meðferð línu í jöklagöngu, býður FÍ upp á jöklabroddanámskeið. Gisting á eigin vegum. **Jöklabúnaður er nauðsynlegur; ísöxi, jöklabroddar og göngubelti.** Sunnudagur og mánudagur til vara. Takið dagana frá. Ganga: 12-15 klst. Hækkun: um 2000 m. Verð: 25.000/28.000. Innifalið: Fararstjórn. Í þessari ferð verður gengið á einn af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar á bls. 36.

SUÐURLAND

D13 Birnadalstindur 4 skór

10. júní, laugardagur

Brottför: Kl. 5 á einkabílum frá Kálfafellsstaðakirkju. Birnadalstindur (1400 m) er tindur í Kálfafellsfjöllum, einn margra í sunnanverðum Vatnajökli. Hann minnir helst á skipsstaft séð frá veginum, en leiðin er stórkostleg og minnir á Alpna þar sem skriðjökla steypast niður þverhnipta dali. Útsýnið af toppnum er stórbrotið til allra átta. Mjög krefjandi fjallganga þar sem gengnar eru eggjarnar inn að tindinum. Gisting á eigin vegum. **Jöklabúnaður nauðsynlegur; ísöxi, jöklabroddar og göngubelti.** Sunnudagur til vara, takið daginn frá. Ganga: 24 km. Göngutími: 15-16 klst. Verð: 25.000/28.000. Innifalið: Fararstjórn.

SUÐVESTURLAND

D14 Þjóðhátíðarganga: Kattartjarnarleið 2 skór

17. júní, laugadagur

Fararstjórn: Árni Þór Finnsson
Brottför: Kl. 8 með rútu frá Reykjavík
Kattartjarnarleið liggur milli Þingvallarvatns og Hveragerðis. Skemmtileg leið þar sem farið verður um fjöll, gil og gljúfur. Í byrjun göngu þarf að vaða yfir Ölfusvatnsá, svo gott er að hafa með sér vaðsko. Gengið meðfram Ölfusvatnsá að Hrómundartindi, upp Tindagil og að Kattartjörn. Þaðan er farið niður í Reykjadal. Ef tími gefst er hægt að dýfa sér í lækinn áður haldið er heim á leið, svo þeir sem vilja geta tekið með sundföt og létt handklæði. Ganga: 16 km. Hækkun um 500 m. Göngutími: 6-7 klst. Verð: 12.000/15.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

VESTURLAND

D15 Sumarsólstöður á Snæfellsjökli 3 skór Hundrað hæstu

23. júní, föstudagur

Fararstjórn: Guðjón Benfield.
Brottför: Kl. 20 frá Jökulhálsinum.
Á sumarsólstöðum er lengsti dagur ársins. Þá er lengstur sólargangur og sólin hæst á lofti, hér á norðurhveli jarðar. Takmarkið er að vera á toppi jökulsins við sólsetur og upplifa sólarupprás á niðurleiðinni. Þátttakendur koma sér sjálfir á upphafsstað göngu. **Jöklabúnaður nauðsynlegur; ísöxi, jöklabroddar og göngubelti.** Ganga: um 12 km. Hækkun: 1000 m. Göngutími: 6-8 klst. Verð: 18.000/21.000. Innifalið: Fararstjórn. Í þessari ferð verður gengið á einn af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar á bls. 36.

VESTURLAND

D16 Eiríksjökull 3 skór Hundrað hæstu

24. júní, laugardagur

Fararstjórn:
Brottför: Kl. 7 með fjallarútu frá Reykjavík.
Eiríksjökull (1675m) er geysistór, jökulkrýndur móbergsstapi og er hæsta fjall Vesturlands. Hann þykir með falletgri fjöllum á Íslandi. Ekið er um grófan og seinfarinn veg til að komast að upphafsstað göngunnar. Gengið er um hraun og skriður þar til komið er að jöklinum. Ganga: 22 km. Hækkun: 1300 m. Göngutími: 10 klst. Verð: 25.000/28.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn. Í þessari ferð verður gengið á einn af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar á bls. 36.

HÁLENDIÐ

D17 Upplifðu Þórsmörkina: Eldri og heldri ferð 1 skór

6. júlí, fimmtudagur

Fararstjórn: Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og Hannes Baldursson.
Brottför: Kl. 8:30 með rútu frá Reykjavík.
Hversu langt er síðan þú komst inn í Þórsmörk og upplifðir töfra svæðisins? Þessi ferð er sérstaklega hugsuð fyrir eldri og heldri borgara en allir eru velkomnir. Við heimsækjum Þórsmörk og kynnumst þeim þremur ferðamannasvæðum sem þar eru. Byrjað er á að skoða uppbygginguna í Húsadal þar sem snæddur er hádegisverður. Að því búnu er Langidalur heimsóttur og loks er svæðið í Básum kannað, áður en haldið er heim á leið. Létt ganga á milli svæðanna fyrir þá sem vilja. Harmonikka er með í för og sungið og sagðar sögur, sumar nýjar en aðrar gamlar, sumar sannar en aðrar ekki alveg. Aðalatriðið er að eiga góða og skemmtilega stund saman í Mörkinni. Verð: 21.000/24.000. Innifalið: Rúta, hádegismatur, kaffisopi og fararstjórn.

SUÐURLAND D

18 Árbókarferð 1 skór **NÝTT**

8. júlí, laugardagur

Nánar auglýst síðar.

HÁLENDIÐ D19 Grænihryggur I 3 skór

26. júlí, miðvikudagur

Fararstjórn: Bjarni Már Gylfason.

Brottför: Kl. 7 á einkabílum frá Reykjavík.

Gönguferð á Grænahrygg og nánasta umhverfi. Þetta er ein fallegasta gönguleið landsins, svæðið er sannkölluð náttúruperla og er einstakt á heimsmælikvarða. Krefjandi ferð þar sem vaða þarf straumharða á nokkrum sinnum. Gengið um Halldórgsil inn að Grænahrygg. Krefjandi ganga um einstaklega fjölbreytt og litríkt landslag. Ganga: 16-18 km. Hækkun: 800 m. Göngutími: 8-9 klst. Verð: 9.000/12.000. Innifalið: Fararstjórn.

HÁLENDIÐ

D20 Grænihryggur II 3 skór

10. ágúst, fimmtudagur

Fararstjórn: Bjarni Már Gylfason.

Brottför: Kl. 7 á einkabílum frá Reykjavík.

Gönguferð á Grænahrygg og nánasta umhverfi. Þetta er ein fallegasta gönguleið landsins, svæðið er sannkölluð náttúruperla og er einstakt á heimsmælikvarða. Krefjandi ferð þar sem vaða þarf straumharða á nokkrum sinnum. Gengið um Halldórgsil inn að Grænahrygg. Krefjandi ganga um einstaklega fjölbreytt og litríkt landslag. Ganga: 16-18 km. Hækkun: 800 m. Göngutími: 8-9 klst. Verð: 9.000/12.000. Innifalið: Fararstjórn.

SUÐURLAND

D21 Öslað í Ölfusá 1 skór **NÝTT**

Frá Hrauni að Arnarbæli

17. ágúst, fimmtudagur

Fararstjórn: Ólöf Sigurðardóttir.

Brottför: Kl. 10 með rútu frá Reykjavík.

Er ekki langt síðan þú hefur farið út og sullað í ám eða lækjum? Þessi ferð er opin öllum og er tilvalin fyrir eldri og heldri félaga. Ekið er að Hrauni í Ölfusi þar sem gangan hefst. Í upphafi göngunnar er vaðið meðfram bökkum Ölfusár, síðan er gengið eftir Nauteyrum á grónu landi þar sem við tökum okkur hvíld og borðum nestið. Svo er vaðið aftur og að lokum er gengið á grónu landi að gamla kirkjustaðnum Arnarbæli. Þetta er létt leið, u.þ.b. 8 km og vaðið er almennt ekki djúpt, en gæti náð upp á mið læri á smá hluta leiðarinnar. Ekki þarf séstaka vaðskó, gamlir strigaskór nægja, svo og venjulegir léttir gönguskór. Göngustafir koma að gangi. Einnig dagpoki með nesti til dagsins.

Verð: 12.000/15.000.

Innifalið: Rúta og fararstjórn.

VESTURLAND

D22 Síldarmannagötur: Forn þjóðleið 2 skór

26. ágúst, laugardagur

Fararstjórn: Ólöf Sigurðardóttir.

Brottför: Kl. 10 með rútu frá Reykjavík.

Gengin er forn þjóðleið upp úr botni Hvalfjarðar yfir Botnsheiði niður að Vatnshorni og Fitjum í Skorradal. Í upphafi ferðar er gott útsýni yfir Hvalfjörð og í lok ferðar yfir Skorradal og inn til fjalla. Rifjaðar upp sögur um síldveiðar fyrri alda sem tengjast svæðinu. Göngutími: 5-6 klst.

Verð: 12.000/15.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

D23 Óvissuferð: Eldri og heldri ferð 1 skór **NÝTT**

26. ágúst, laugardagur

Fararstjórn: Sigurður Kristjánsson.

Brottför: Kl. 8 frá Reykjavík.

Ekið út í óvissuna. Að venju veit enginn hvert leiðin liggur nema fararstjórnin.

Verð: 30.000/33.000. Innifalið: Rúta, hádegismatur og fararstjórn.

SUÐVESTURLAND D24

Örganga: Umhverfis Helgafell í Hafnarfirði 1 skór **NÝTT**

23. september, laugadagur

Fararstjórn: Jónatan Garðarsson.

Brottför: Kl. 10:30 frá bílastæði við enda Kaldárselsvegur.

Lagt af stað frá bílastæði við enda Kaldárselsvegur. Haldið í áttina að Helgafelli eftir malarbornum stíg að Undirhlíðahorni nyrðra. Þar er sveigt til suðurs og litið á nokkra gamla hraungíga í bakhlíðum Undirhlíða. Gengið að Helgafellsskúta á mótis við Gvendarselshæð og fyrir vesturenda fellsins framhjá Kastala. Hugað verður að Riddara og Gatínu ofarlega í suðaustanverðu Helgafelli og kjarrinu sem hefur vaxið upp síðustu áratugina í suðausturhlíðum fellsins. Þar var eitt sinn talað um Helgafellsskóg. Síðan er haldið áfram með Kaplatór á hægri hönd að austanverðu Helgafelli og gengið um Valahnúkaskarð að stígnum sem liggur milli Helgafells og bílastæðisins. Göngutími: 3 klst. *Verið öll velkomin, þátttaka ókeypis.*

SUMARLEYFISFERÐIR

VESTFIRÐIR

S01 Söguganga: Mannlíf og morð í Rauðasandshreppi 2 skór

NYTT

25.-29. maí, 5 dagar

Fararstjórn: Sigrún Valbergdóttir. Sögufræðari: Gísli Már Gíslason.

Mæting: Þátttakendur koma á eigin bílum og safnast saman fimmtudaginn 25. maí Kl. 20 hjá Ferðaþjónustunni í Breiðuvík þar sem gist er í uppþúnum rúmum í tveggja manna herbergjum með baði. Gengið er um söguslóðir í Rauðasandshreppi hinum forna og einnig gengnar leiðir sem áður voru farnar á milli bæja.

1.d., fimmtud. Kl. 20 er safnast saman í Breiðuvík og sögusvæðið kynnt.

2.d. Ekið að Melanesi á Rauðasandi. Gengið að Sjöunda og upp í Söðul. Ganga: 7 km. Hækkun og lækkun: 160 m.

3.d. Ekið í Geldingarskorardal. Gengið að Setnagjá og að brún bjargsins ofan við Flaugarnef. Ganga: 2,5 km. Hækkun og lækkun: 100 m. Ekið að Látrum. Gengið eftir vikinni að Brunnum. Ganga: 6 km.

4.d. Ekið að Látrahálsi. Gengið þaðan niður í Breiðavíkurveg og að hótelinu. Ganga: 5,5 km. Lækkun: 200 m.

5.d. Sögulok og heimferð.

Verð: 115.000/120.000. Innifalið: Gisting x4, morgunverður x4, nesti x3, kvöldverður x3, sögufræðsla og fararstjórn.

SUÐURLAND

S02 Söguganga: Í fótspor eldklerksins 2 skór

8.-11. júní, 4 dagar

Fararstjórn: Sigrún Valbergdóttir. Sögufræðari: Pétur Eggerz. Mæting: Kl. 12. Þátttakendur koma á eigin bílum á bílastæðið við Svörtu fjöruna hjá Reynisfjalli.

Í þessari sögugöngu fetum við í fótspor Jóns Steingrímssonar, eldklerks, eftir að hann flutti búferlum úr Skagafirði í Mýrdal og síðar að Prestbakka á Síðu. Komið verður á ýmsa þá staði sem hann lýsir í ritum sínum sem breyttu um ásýnd við hamfarirnar í Lakagígagösinu 1783. Aðsetur sögugöngunnar er að Hörgslandi á Síðu. Þar er góður matsalur og aðstaða fyrir sögustundir. Sameiginlegur kvöldmatur ekki innifalinn í verði.

1.d., fimmtud. Ekið niður í Reynishverfi í Mýrdal og gengið að Hellum þar sem Jón Steingrímsson bjó í helli veturinn 1755-56. Ekið yfir Mýrdalssand að Kirkjubæjarklaustri og langleiðina að Systrastapa. Gengið að stapanum og til móts við Eldmessutanga í Skaftá. Þaðan er haldið upp á Grjótárholt við Systravatn, þar sem gott útsýni er yfir Eldhraun. Um 4 km. Minningarkapella og leiði Jóns Steingrímssonar á Kirkjubæjarklaustri heimsótt. Ekið að Hörgslandi á Síðu.

2.d. Ekið upp Skaftártungu að gljúfrinu þar sem meginhluti Eldhraunsins steypist niður og flæddi síðan yfir víðfeðmt svæði sunnan fjallanna og breytti farvegum áa og bjó til nýja. Gengið upp með Skaftárgljúfri að vestan að Núpsheiði og um Hurðarbók til baka að bílum. Ganga: 12 km. Hækkun 200 m.

3.d. Ekið að Þverá í Fljótshverfi, bílar skildir eftir. Farið með rútu upp að Miklafelli og gengið yfir að Hnútu og þaðan niður með hinum nýja farvegi Hverfisfljóts sem varð til í seinni hrinu Skaftárelda. Ganga: 15 km.

4.d. Ekið að Prestbakka á Síðu þar sem Jón Steingrímsson bjó. Þaðan ekið niður að Botnum í Meðallandi sem voru umkringdir hraunhafinu. Sögulok og heimferð. Verð: 75.000/80.000. Innifalið: Gisting x3, morgunverður x3, nesti x2, akstur á degi þrjú, fararstjórn og sögufræðsla.

HORNSTRANDIR

S03 Ylur og birta í Hornbjargsvita:

Vinnuferð 2 skór

15.-19. júní, 5 dagar

Fararstjórn: Halldór Hafdal Halldórsson.

Brottför: Kl. 15 frá bryggjunni í Norðurfirði. Siglt að vitanum í Látravík, ef aðstæður leyfa, annars í Hornvík þaðan sem gengið er í Hornbjargsvita. Þátttakendur taka til hendinni og ganga í ýmis vorverk; mála, þrífa, smíða og undirbúa sumaropnun. Aðalvinnan felst í því að koma upp stiga og rennu ofan í fjöru til að flytja fólk, farangur og vistir. Halldór Hafdal, staðarhaldari í Hornbjargsvita, er öflugur veiðimaður og moka upp aflanum á sjóstöng. Þátttakendur njóta góðs af því og fá án efa að smakka hans rómuðu fiskibollur.

Verð: 40.000. Innifalið: Sigling, gisting, allur matur í Hornbjargsvita og fararstjórn.

VESTURLAND

S04 Að vakna við heimsfriðinn sjálfan 1 skór

NYTT

16.-18. júní, 3 dagar

Fararstjórn: Anton Helgi Jónsson, veislustjóri:

Sigrún Valbergdóttir.

Brottför: Kl. 15 með rútu frá Reykjavík.

Farið verður um slóðir skáldsins Guðmundar Böðvarssonar (1904-1974), lesið upp úr ljóðum hans og fjallað um tengsl hans við Arnarvatnsheiði. Inn í þetta fléttast létt gönguúvaf. Fyrri nóttina er gist á Hótel Á og þá seinni í Álftrákórksskála. Gist verður á Hótel Á í eins- og tveggja manna herbergjum. Þriggja daga ferð í samvinnu við Ferðir ehf. á Brekkulæk.

1.d.föstud. Ekið með rútu frá Reykjavík, upp Reykholtssdal og að Kirkjubóli í Hvítársíðu þar sem skáldið fæddist og bjó mestalla sína ævi. Þar er nú rekið hótél, Hótél Á, af afkomendum skáldsins. Þar verður snæddur þriggja rétta kvöldverður. Undir borðhaldi er dagskrá og upplestur.

2.d. Að morgunverði loknum er fyrst ekið að Hraunfossum og þaðan lagt á heiðina, fram hjá Kalmanstungu. Eftir viðkomu í hrossaðhaldi sem náttúran skóp, er ekið um krókóttan bílveg eftir Hallmundarhrauni að brúnni yfir Norðlingafljót. Þaðan er gengið að Álftakróksskála. Farangur verður fluttur á bíl milli gististaða. Sömuleiðis er möguleiki að flytja þátttakendur að hluta eða alla leið. Kvöldmatur og ljóðadagskrá. Svefnpokagisting í skálanum. Göngutími: 2 klst.

3.d. Að loknum morgunverði verður farið að tygja sig til heimferðar og komið til Reykjavíkur Kl. 17.
Verð: 79.000/84.000. Innifalið: Rúta, gisting; á hóteli x1 og í skála x1, morgunverður x2, kvöldverður x2, nesti fyrir dag tvö og fararstjórn.

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAG FJARÐAMANNA Göngu- og gleðivikan „Á fætur í Fjarðabyggð“

24. júní - 1. júlí

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 108

HÁLENDIÐ

S05 Laugavegurinn: Kvennaferð 2 skór

29. júní - 2. júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Ingibjörg Jónsdóttir.

Brottför: Kl. 7 með rútu frá Reykjavík.

Fjögurra daga kvennaferð um þessa vinsælu gönguleið sem er af mörgum talin sú fallegasta í heimi. Farið er með rútu frá Reykjavík á fimmtudagsmorgni og komið til baka á sunnudagskvöldi. Gengið verður frekar rösklega en þó ekki án þess að njóta þeirrar stórkostlegu náttúru sem svæðið býður upp á.

1.d., fimmtud. Ekið úr Reykjavík í Landmannalaugar. Gengið frá Landmannalaugum að Álftavatni þar sem gist er í skála.

Ganga: 24 km.

2.d. Gengið frá Álftavatni í Emstrur þar sem gist er í skála.

Ganga: 15 km.

3.d. Gengið frá Emstrum í Langadal þar sem slegið verður upp grillveislu. Ganga: 16 km.

4.d. Morgunganga á Valahnúk áður en haldið er af stað til Reykjavíkur um hádegisbil.

Verð: 79.000/84.000. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

HORNSTRANDIR

S06 Hinar einu sönnu Hornstrandir I 3 skór

29. júní - 2. júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir.

Mæting: Kl. 8:30 á bryggjuna á Ísafirði. Brottför Kl. 9.

Á Hornströndum renna haf og himinn saman í stórbrotinni fegurð og dulúð. Í þessari ferð byrjar ævintýrið með siglingu inn í Jökulfirði og heldur áfram þegar gengið er yfir í Hornbjargsvita, um hið mikla Hornbjarg og blómskrúðið í Hornvík. Stórbrotin fegurð blasir alls staðar við. Ekki spillir hin litríka og sérstæða mannlífssaga sem gefur gönguferðum um friðlandið enn meira gildi. Gist er í þrjár nætur í Hornbjargsvita og dvalið við náttúruskoðun og gönguferðir. Sameiginlegur matur, fyrir utan dagsnesti fyrsta daginn. Þátttakendur hafa með sér svefnpoka og fatnað til ferðarinnar sem þeir bera frá Lónafirði yfir í Hornbjargsvita í upphafi ferðar, og frá Hornbjargsvita yfir í Veiðileysufjörð í lok ferðar. Fremur erfið þriggja skóa ferð, langar dagleiðir, talsverð hækkun og víða grýttar slóðir. Nauðsynlegt að vera í góðu formi til þess að njóta ferðarinnar og gott að miða við að geta farið upp að Steini í Esju á um klukkutíma.

1.d., fimmtud. Siglt í Lónafjörð í Jökulfjörðum þaðan sem þátttakendur ganga með allan farangur, fyrir utan mat, yfir Snókaheiði og í Hornbjargsvita. Ganga: 14 km. Hækkun 500 m.

2.d. Gengið á Hornbjarg og ef til vill Kálfatind. Til baka um Almenn-ingaskarð. Ganga: 20 km. Hækkun 1100 m.

3.d. Gengið um Hrollaugsvík og Bjarnarnes, með áherslu á lífríki Hornstranda. Ganga: 13 km. Hækkun 400 m.

4.d. Gengið um Kýrskarð yfir í Hornvík þar sem vaða þarf Hafnarósinn. Farið um Hafnarskarð yfir í Veiðileysufjörð þar sem báturinn bíður. Ganga: 17 km. Hækkun 800 m.

Verð: 103.000/108.000. Innifalið: Sigling, gisting, fullt fæði og fararstjórn.

STRANDIR

S07 Við rætur Drangajökuls 3 skór **NÝTT**

1.- 4. júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir og Sigurður Pétursson. Mæting: Kl. 12:30 á bryggjuna á Norðurfirði. Brottför: Kl. 13. Hafið. Rekaviðurinn. Blágresið. Jökullinn. Þægileg, fróðleg og endurnærandi ferð að ystu mörkum byggðar á Íslandi. Hér er dvalið og gengið í friðsælu umhverfi við mörk Hornstranda-friðlandsins. Bryggja er í Reykjarfirði, þangað sem siglt verður fyrsta daginn. Gist verður í upphituðu húsi með eldunaraðstöðu og salerni. Aðgangur að heitri sundlaug á staðnum er innifalinn. Fararstjórnar verða með ýmsan fróðleik meðan á dvölinni stendur. Farið verður í tvær skipulagðar daggöngur (6-7 klst), að öðru leyti frjáls tími enda ýmislegt að skoða og njóta í Reykjarfirði. Ef mætt er kvöldið fyrir ferð í Norðurfjörð er gist á eigin vegum.

1.d., laugard. Siglt til Reykjarfjarðar (2 klst). Frjáls dagur að öðru leyti, hægt að rölta um nágrennið, skoða fjörur og kríuvarp og/eða slaka á í sundlauginni og búa sig undir göngur næstu daga.

2.d. Kl.10. Gengið á Geirólfsgrúpu þáðan sem útsýn er ægífögur í góðu veðri, til Hornbjargs og Drangaskarða. Á þessari leið þarf að vaða Reykjarfjarðará sem er all-straumþung jökulá. Göngutími: 6-7 klst.

3.d. Gengið út Paralátursnes og inn Paralátursfjörð, fram hjá Hvítufjöllum, áfram inn fjörð, upp á Reykjarfjarðarháls, yfir hann og endað í Reykjarfirði. Selir, refir og æðar fugl á leiðinni. Göngutími: 6 klst.

4.d. Gengið frá í húsinu. Báturinn kemur milli Kl. 15-17 og flytur hópinn í Norðurfjörð. Þáðan ekur hver heim til sín, e.t.v. eftir góða máltíð á Kaffi Norðurfirði, eftir því hvað fólk vill sjálft gera. Verð: 85.000/90.000. Innifalið: Gisting í Reykjarfirði, sigling, sund og fararstjórn.

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAGIÐ NORÐURSLÓÐ

Náttúra og saga í Kelduhverfi 1 skór

4. - 9. júlí. 6 dagar

Mæting fyrir kl. 19 á Hótel Skúlagarð.

Kelduhverfi geymir marga fallega staði, í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum og víðar í sveitinni. Ný sex daga bækistöðvarferð í fallegu umhverfi þar sem við njótum náttúrunnar í rólegheitum. Gist er í Gistihúsinu Garði í Kelduhverfi.

1. d., þriðjud. Kvöldmatur á Hótel Skúlagarði kl. 19, fundur um komandi daga kl. 20.

2. d. Í kringum Lónin vestast í Kelduhverfi. Gengið verður frá Fjallahöfn suður hlíðina vestan Lónanna en þaðan er gott útsýni yfir Lónin. Sunnan Lónanna verður litið eftir uppsprettum og svo verður hringnum lokað með því að ganga norður Flæðarnar austan Lónanna. Ganga: 11 km.

3. d. Við förum út úr dyrunum og göngum inn í heiðina sem geymir margt skemmtilegt, að Hraunstakkaborg sem er sérstök náttúrusmíð. Við litum einnig á Skjálftavatnið og göngum meðfram Veggnum og Veggjargjánni. Ganga: 9 km.

4. d. Svínadalshringur í Vatnajökulspjóðgarði. Skammt suður af Vesturdal liggur Svínadalur, harðbýl en grösug jörð þar sem búið var við fábrottnar aðstæður allt til 1946. Þar tengdust maður og náttúra í samhljómi og átökum, í blíðu og stríðu. Fjölmargar mannvistarleifar og örnefni bera því vitni og segja sögu af horfnum heimi. Komið að Karli og Kerlingu, Kallbjargi og Svínadal áður en hringnum verður lokað í Vesturdal. Ganga: 7 km.

5. d. Ekið í Vesturdal og gengið þaðan um Hljóðakletta, Rauðhóla og Klappir niður í Ásbyrgi. Frábært útsýni yfir gljúfrin og Ásbyrgi, einstakar jarðmyndanir, jarðsaga og fjölbreytt lífríki. Ganga: 14 km.

6. d.: Kveðjustund og brottför.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 122.

HORNSTRANDIR

S08 Hlöðuvík: Bækistöðvarferð 3 skór

5.- 8. júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Ragna Lára Ellertsdóttir og Valgerður Húnbogadóttir. Mæting: Kl. 8:30 á bryggjuna í Bolungarvík. Brottför Kl. 9.

Gengið um harðbýlar slóðir við nyrstu víkur Sléttuhrepps þar sem fólk tókst á við harðneskjuleg náttúruöfl fyrr á tímum. Í Hælavík fæddist skáldkonan Jakobína Sigurðardóttir sem skrifað hefur endurminningar frá bernskuárum sínum þar og lýst lífsbaráttu fólksins á þessum slóðum. Dvalið er í Búðum í Hlöðuvík og þaðan gengnar leiðirnar yfir skörðin sem fólk fór milli víka og fjarða fyrr á tíð. Um leið drögum við að okkur andrúmsloft liðinna tíma og njótum einstakrar náttúruferðar. Fólk gistir á eigin vegum nóttina fyrir brottför.

1.d., miðvikud. Siglt í Hlöðuvík þar sem hópurinn kemur sér fyrir í Búðum. Síðdegis er gengið yfir í Kjaransvík að Grásteini, vaðið er yfir Hlöðuvíkurós á leiðinni. Ganga: 7 km. Göngutími: 3-4 klst.

2.d. Gengið upp bæjarfjallið í Hlöðuvík um Skálarkamb og yfir í Hælavík á Hælavíkurbjarg þaðan sem horft er yfir Hornvík. Brúnum fylgt inn með Hælavíkinni til baka. Ganga: 18 km. Göngutími: 8-10 klst.

3.d. Gengið upp í Hlöðuvíkurskarð og um fjallahringinn yfir á Skálarkamb. Vaðið yfir Hlöðuvíkurós. Úr skarðinu sést yfir í Veiðileysufjörð. Ganga: 12-15 km. Göngutími: 7-9 klst.

4.d. Rólegur dagur. Ef tími og veður leyfir verður gengið með fjörunni út að Ófæru til fundar við seli og refi sem gjarnan fylgja ferðalöngum á þessum slóðum. 1-2 klst. Frágangur og sigling til baka. Verð: 85.000/90.000. Innifalið: Sigling, gisting og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

S09 Laugavegurinn I 2 skór

5.- 9. júlí, 5 dagar

Fararstjórn: Þóra Þráinsdóttir og Jón Einarsson.

Brottför: Kl. 8:30 með rútu frá Reykjavík.

Vinsælasta gönguleið landsins, sem er ekki bara gönguferð heldur líka mögnuð upplifun fyrir líkama og sál. Fjölbreytt landslag, m.a. háhitasvæði, litskrúðug líparítsvæði, svartir sandar, grænir skógar og ár, bæði brúaðar og óbrúaðar.

1.d., miðvikud. Ekið í Landmannalaugar. Þaðan er gengið undir Brennisteinsöldu um Laugahraun og Stórahver í Hrafninnusker þar sem verður gist. Ganga: 12 km. Hækkun: 400 m.

2.d. Gengið um litrík gil með hverum og jarðhitavirkni suður úr öskju Torfajökuls og svo niður Jökultungur með slæðufossum í Álftavatn. Ganga: 12 km. Lækkun: um 350 m.

3.d. Gengið úr Álftavatni um Hvanngil. Bratthálskvísl og Bláfjallakvísl vaðnar og arkað yfir sanda undir Hattafelli, Tudda og Tvíböku á leið í skálana í Botnum í Emstrum. Hið stórbrotna Markarfljóts-gljúfur skoðað í síðdegisgöngu. Ganga: 16 km og lítil hækkun.

4.d. Þrammað áfram um Fauskatorfur, Almenna og Kápu uns Þröngá er vaðin. Þaðan um ilmandi birkiskóga Þórsmörk í Skagfjörðsskála í Langadal. Ganga: 16 km og uppsöfnuð hækkun 200 m.

5.d. Morgunganga á Valahnúk áður en haldið er af stað til Reykjavíkur rétt fyrir hádegi.

Verð: 98.000/103.000. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

S10 Andstæður elds og íss og fjalladrottningin: Kverkfjöll og

Herðubreið 4 skór

Hundrað hæstu

6.- 9. júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson og Salome Hallfreðsdóttir.

Brottför: Kl. 12 á einkabílum (jeppum) frá skrifstofu Ferðafélags

Akureyrar, Strandgötu 23. Einhverjar hrikalegustu andstæður

elds og íss á Íslandi er að finna í Kverkfjöllum í norðanverðum

Vatnajökli, skammt frá eldstöðinni í Bárðarbungu og Holuhrauni.

Þetta er einstakt svæði sem fáir hafa augum litið. Ekki langt frá er drottning íslenskra fjalla, Herðubreið (1682 m), en ganga á hana er stórkostleg upplifun.

Jöklabúnaður er nauðsynlegur; ísöxi, jöklabroddar og göngubelti og hjálmur.

1.d., fimmtud. Ekið um Mývatn í Herðubreiðarlindir. Gengið um þessa einstöku gróðurvin við rætur Herðubreiðar áður en ekið er áfram suður að Dyngjufjöllum og gist í skála í Drekgili. Um kvöldið er gengið inn að fossi við enda Drekgils eða ekið að Holuhrauni og fossinn Skínandi í Svartá skoðaður.

2.d. Ekið frá Dreka í gegnum úfin hraun að rótum Herðubreiðar á mótis við Kollóttudýngju. Gengið á tind Herðubreiðar um skriður og brött klettabelti. Að lokinni 5-6 klst. göngu er ekið að Sigurðarskála í Kverkfjöllum, þar sem gist verður í tvær nætur. Kvöldganga er á Virkisfell (1108 m), þar sem í góðu veðri má fylgjast með sólinni hníga til viðar bak við Dyngjufjöll og Herðubreið.

3.d. Keyrt inn að Íshellunum. Gengið á mannbroddum yfir Kverkjökul og þaðan á snjó yfir svokallaða Löngufönn upp í Efri-Hveradal í 1760 m hæð. Þar er eitt stórkostlegasta jarðhitasvæði á Íslandi þar sem sjóðandi gufa mætir jökulís. Óviðjafnanlegt útsýni þar sem Herðubreið og Snæfell eru í aðalhlutverki en einnig gosstöðvarnar í Holuhrauni. Sama leið til baka. Þeir sem vilja hafa möguleika á að skíða niður jökulinn. Göngutími: 10-12 klst.

4.d. Ekið í Hvannalindir. Stutt ganga og svo ekið áfram til Akureyrar um Möðrudal.

Verð: 45.000/50.000. Innifalið: Gisting og fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á tvo til þrjá af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar á bls. 36.

HORNSTRANDIR

S11 Hinar einu sönnu Hornstrandir II 3 skór

6.- 9. júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir.

Mæting: Kl. 8:30 á bryggjuna á Bolungarvík. Brottför Kl. 9.

Á Hornströndum renna haf og himinn saman í stórbrotinni feg-

urð og dulúð. Í þessari ferð byrjar ævintýrið með siglingu inn í Jökulfirði og heldur áfram þegar gengið er yfir í Hornbjargsvita,

um hið mikla Hornbjarg og blómskrúðið í Hornvík. Stórbrotin fegurð blasir alls staðar við. Ekki spillir hin litríka og sérstæða

mannlífssaga sem gefur gönguferðum um friðlandið enn meira gildi. Gist er í þrjár nætur í Hornbjargsvita og dvalið við náttúru-

skoðun og gönguferðir. Sameiginlegur matur fyrir utan dagsnesti fyrsta daginn. Þátttakendur hafa með sér svefnpoka og fatnað til

ferðarinnar sem þeir bera frá Lónafirði yfir í Hornbjargsvita í upp-

hafi ferðar, og frá Hornbjargsvita yfir í Veiðileysufjörð í lok ferðar. Fremur erfið þriggja skóla ferð, langar dagleiðir, talsverð hækkun

og víða grýttar slóðir. Nauðsynlegt að vera í góðu formi til þess að njóta ferðarinnar og gott að miða við að geta farið upp að Steini í

Esju á um klukkutíma.

1.d., fimmtud. Siglt í Lónafjörð í Jökulfjörðum þaðan sem þátttakendur ganga með allan farangur, fyrir utan mat, yfir Snókaheiði og í Hornbjargsvita. Ganga: 14 km. Hækkun: 500 m.

2.d. Gengið á Hornbjarg og ef til vill Kálfatind. Til baka um Almenningskarð. Ganga: 20 km. Hækkun: 1100 m.

3.d. Gengið um Hrollaugsvík og Bjarnarnes, með áherslu á lífríki Hornstranda. Ganga: 13 km. Hækkun: 400 m.

4.d. Gengið um Kýrskarð yfir í Hornvík þar sem vaða þarf Hafnarósinn. Gengið er síðan um Hafnarskarð yfir í Veiðileysufjörð þar sem báturinn bíður. Ganga: 17 km. Hækkun: 800 m.

Verð: 103.000/108.000. Innifalið: Sigling, gisting, fullt fæði og fararstjórn.

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAG ÁRNESINGA

Sumarleyfisferð - helgarferð 3 skór

7.- 9. júlí. Nánar auglýst síðar.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 105

VESTFIRÐIR

S12 Grunnavík: Í fótspor Sumarliða pósts 3 skór

7.- 9. júlí, 3 dagar

Fararstjórn: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir og Sigurður Pétursson.

Mæting: Kl. 8:30 á bryggjuna á Ísafirði. Brottför Kl. 9.

Gönguferð um Snæfjallaheiði, sögusviðið í hinstu ferð Sumarliða pósts. Á þessum slóðum fórst hann í fávíðri sem gekk yfir Snæfjallaheiðina og seinna fórust fleiri menn sem leituðu hans. Strákurinn sem með honum var vann mikið þrekvirki að komast til byggða og leita aðstoðar. Þeir atburðir eru fyrirmynd að söguþæði sem lýst er í bók Jóns Kalmans Stefánssonar, *Harmur englanna*, þar sem mikil snjókoma og fannfergi setja svip á atburði og framvindu sögunnar.

1.d., föstud. Siglt yfir á Snæfjallaströnd að Berjadalsá. Báturinn heldur áfram með farangur yfir í Grunnavík.

Gengið yfir Snæfjallaheiði til Grunnavíkur. Gist þar.

Ganga: 14 km. Göngutími: 7-8 klst.

2. d. Gengið um Staðarheiði yfir á Höfðaströnd í Jökulfjörðum, að Kollsá og til baka um Kollsárheiði til Grunnavíkur. Ganga: 16 km. Göngutími: 7 klst.

3.d. Gengið á Maríuhorn, farið inn undir Staðarhlíð og upp á fjallshrygginn. Siglt síðdegis til Ísafjarðar. Ganga: 7-10 km. Göngutími: 4-5 klst.

Verð: 80.000/85.000. Innifalið: Sigling, trúss, gisting og fararstjórn.

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAG AUSTUR-SKAFTFELLINGA

Sæludagar í Lónsöræfum 3 skór

7.- 9. júlí, 3 dagar

Fararstjórn: Magnhildur Pétursdóttir.

Brottför: Kl. 7 frá Höfn.

1.d., föstud. Ekið að Illakambi og gengið þaðan niður í Múlaskála. Fólk kemur sér fyrir í skálanum og svo er gengið um Víðibrekkusker. 6-7 klst. Hækkun: 800 m.

2.d. Gengið inn að Tröllakrókum um Leiðartungur. 7-8 klst. Hækkun: 750 m.

3.d. Gengið frá Múlaskála fram Kamba að göngubru við Eskifell og þaðan að Hnappadalsá þar sem ferðin endar. Bílar keyra göngu-fólki niður á Höfn. 7 klst. Hækkun: 800 m.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 107

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAG AUSTUR-SKAFTFELLINGA

Sumarleyfisferð á Gerpissvæðið 3 skór

9.- 13. júlí, 5 dagar

Fararstjórn: Sævar Guðjónsson svæðisleiðsögumaður á Mjóeyri.

Gengið um Gerpissvæðið sem er á milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar, áhugaverðir staðir skoðaðir. Trússferð og gist í svefn-pokapláss í 4 nætur. Veisla og lokakvöldvaka.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 107

NORÐURLAND

S13 Í tröllahöndum á hæstu fjöllum 4 skór - Hundrað hæstu

10.- 16. júlí, 7 dagar

Fararstjórn: Kristján Eldjárn Hjartarson.

Mæting: Kl. 20 að kvöldi 10. júlí að Tjörn, Svarfaðardal.

Fimm göngudagar um svarfdælsk háfjöll, þar af átta af hundrað hæstu tindum landsins. Gengið um dali og fjallaskörð með gistingu að Tjörn í Svarfaðardal og í Tungnahryggskála. Fjölbreyttar og krefjandi dagleiðir um ægífagra fjallasal. Jarðfræði, jurtagreining, örnefnastúdía og þjóðfræði, í bland við alþýðukeðskap og innansveitarkróniku.

1.d., mánud. Farið yfir dagskrá næstu daga yfir kaffi og kleinum. Gist að Tjörn.

2.d. Gengið á Dýjafjallshnjúk, hæsta fjall Dalvíkurbyggðar (1445 m) frá Dagverðartungu í Hörgárdal. Gengið upp Ytri-Tungudal með jafnri hækkun inn undir botn en þar tekur við snögg en góð hækkun allar götur upp á toppinn. Af Dýjafjallshnjúk er stefnan tekin eftir eggjum og 55 m. lækkun á Kvarnárdalshnjúk (1425 m.) Af Kvarnárdalshnjúk er haldið beint ofan í Kvarnárdalsbotn og áfram niður í Klængshól í Skíðadal og ekið í Tjörn þar sem er gist. Ganga: 14 km. Hækkun: 1255 m. Göngutími: 10-12 klst.

3.d. Farið fram í Stekkjarhús í Skíðadal að Skíðadalsá þar sem hópurinn verður selfluttur yfir á dráttarvél. Stefnan tekin upp í Heiðinnamannadal og áfram inn í botn þess dals, í skarð sem heitir Lambárskarð. Þá er stefnan tekin upp á milli hnjúkanna sem eru takmark dagsins, og förum við fyrst á Hafrárhjúk (um 1400m) þaðan förum við til baka og stefnum beint upp á hitt fjallið sem heitir Heiðingi (1402 m).

Ganga: 17 km. Hækkun: 1160 m. Göngutími: 10-12 klst.

4.d. Gengið frá Stekkjarhúsi inn Skíðadal, að Almenningsbrú, sem liggur yfir Skíðadalsá, yfir í Almanning og áfram meðfram Almenningsfjalli inn í botn Skíðadals. Þar er haldið á brattan með stefnu á Svarfdælaskarð sem skilur á milli Skíðadals og Barkárdals, og þaðan rakið upp á öxlina milli Leiðarhnjúkanna Eiðs og Steingríms. Þá er farið niður á Tungnahryggssjökul, Svarfdælaleið í Tungnahryggsskála, sem stendur í réttum 1200 m. og verður okkar næsti náttstaður.

Ganga: 19 km. Hækkun: 1030 m. Göngutími: 10-12 klst.

5.d. Gengið frá Tungnahryggsskála með stefnu á Hólamannaskarð sem skilur á milli Kolbeinsdals í Skagafirði og Barkárdals í Eyjafirði. Þegar í skarðið er komið er sveigt til hægri og gengið í jaðri Barkárjökuls. Þá er lagt til atlögu við Hólamannahnjúk sem er 1406 m. og hæstur tinda í Skagafjarðarsýslu utan Hofsjökuls. Af Hólamannahnjúk er gengin sama leið til baka niður á Barkárjökul og þvert yfir hann með stefnu á Héðinsskarð og um það upp á Jökulfjallið. Þar uppi eru tveir hnjúkar, Tungnahryggssjökul og gengið til baka í Tungnahryggsskála þar sem gist er aðra nótt. Ganga: 19 km. Hækkun: 200 m. Göngutími: 10-12 klst.

6.d. Gengið frá Tungnahryggsskála þvert yfir austari botn Tungnahryggssjökuls, í skarð milli leiðarhnjúkanna Steingríms og Eiðs. Þaðan þvert yfir Svarfdælaskarð og á bakvið Litlakoll, Blástakk og Vörðufell í Féeggjarskarð og þaðan á Stapa (1397 m). Af Stöpum er stefnan tekin ofan í Litladal, niður Gljúfrárjökul og áfram niður að Almenningsbrú þar sem hringnum er lokað og áfram niður í Stekkjarhús. Ekið heim í Tjörn þar sem bíður okkar dýrindis kvöldverður og gisting. Ganga: 18,5 km. Lækkun: 1010 m. Göngutími: 10-11 klst.

7.d. Morgunmatur. Úti er ævintýri.

Verð: 115.000/120.000. Innifalið: 6x gisting, 6x morgunverður, 5x nesti, 5x kvöldmáltíð og fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á átta af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar á bls. 36.

HÁLENDIÐ

S14 Laugavegurinn II 2 skór

12.- 16. júlí, 5 dagar

Fararstjórn: Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir.

Brottför: Kl. 8:30 með rútu frá Reykjavík.

Vinsælasta gönguleið landsins, sem er ekki bara gönguferð heldur líka mögnuð upplifun fyrir líkama og sál. Fjölbreytt landslag, m.a. háhitasvæði, litskrúðug líparítisvæði, svartir sandar, grænir skógar og ár, bæði brúaðar og óbrúaðar.

1.d., miðvikud. Ekið í Landmannalaugar. Þaðan er gengið undir Brennisteinsöldu um Laugahraun og Stórahver í Hrafninnusker þar sem verður gist. Ganga: 12 km. Hækkun: 400 m.

2.d. Gengið um litrík gil með hverum og jarðhitavirkni suður úr öskju Torfajökuls og svo niður Jökultungur með slæðufossnum í Álftavatn. Ganga: 12 km. Lækkun: um 350 m.

3.d. Gengið úr Álftavatni um Hvanngil. Bratthálskvísl og Bláfjallakvísl vaðnar og arkað yfir sanda undir Hattafelli, Tudda og Tvíböku á leið í skálana í Botnum í Emstrum. Hið stórbrotna Markarfljótsgljúfur skoðað í síðdegisgöngu. Ganga: 16 km og lítil hækkun.

4.d. Þrammað áfram um Fauskatorfur, Almennunga og Kápu uns Þröngá er vaðin. Þaðan um ilmandi birkiskóga Þórsmerkur í Skagfjörðsskála í Langadal. Ganga: 16 km og uppsöfnuð hækkun 200 m.

5.d. Morgunganga á Valahnúk áður en haldið er af stað til Reykjavíkur rétt fyrir hádegi.

Verð: 98.000/103.000. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

S15 Umhverfis Langasjó: Sveinstindur – Fögrufjöll 3 skór

15.- 17. júlí, 3 dagar

Brottför: Kl. 9 frá rótum Sveinstinds.

Þriggja daga tjaldferð um magnað náttúruundur í nágrenni Vatnajökuls. Skemmtileg ganga m.a. um Fögrufjöll sem ganga víða með þverhniptum klettahöfðum fram í Langasjó. Falleg vötn og lón og eyjan Ást í Fagrafirði. Stórbrotið landslag sem kemur fólki í snertingu við sitt innra sjálf.

1.d., laugard. Það fer eftir veðri og skyggni hvort gengið er á Sveinstind í upphafi eða við lok ferðar. Þennan dag er gengið með fram vatninu að norðurenda þess. Ganga: 15 km.

2.d. Gengið fyrir enda Langasjávar og að Útfallinu, afrennsli vatnsins sem fellur fram í fossi og liðast svo út í Skaftá. Þaðan er gengið í Fagrafjörð þar sem slegið verður upp tjöldum. Ganga: 17 km.

3.d. Gengið um Fögrufjöll og til baka að Sveinstindi þar sem ferðin endar. Ganga: 18 km.

Verð: 20.000/25.000. Innifalið: Fararstjórn.

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAG FLJÓTSDALSHÉRÐAS

Fjölskylduferð frá Seyðisfirði til Borgarfjarðar 2 – 3 skór

15.-16. júlí, 2 dagar

Fararstjórn: Þórdís Kristvinsdóttir og Hildur Bergsdóttir fjalla-leiðsögumenn.

Brottför: kl. 9:00 frá skrifstofu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, Tjarnarási 8 Egilsstöðum

1.d., laugard: Frá skrifstofu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs að upphafsstað göngu á Seyðisfirði. Frá Seyðisfirði er gengið yfir Hjálmárdalsheiði niður Hjálmárdal sem er gömul póstleið, um 6 klukkustunda ganga. Gist verður í skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs að Klyppstöðum í Loðmundarfirði. Boðið er upp á kjötsúpu fyrir alla og samverustund um kvöldið.

2.d. Vaknað klukkan 8. Morgunmatur og tiltekt. Lagt að stað kl. 10 frá skála upp í Hraundal og svo yfir Kækjuskörð niður Kækjudalinn og þaðan yfir í Borgarfjörð. Ganga dagsins tekur um 6-7 tíma. Sjá nánar um ferð og bókun bls. 115

HÁLENDIÐ

S16 Þjórsárver: Náttúruperla á heimsvísu 3 skór

15.- 19. júlí, 5 dagar

Fararstjórn: Tryggvi Felixson og Guðný Kristín Tryggvadóttir.

Brottför: Kl. 5 að morgni með rútu frá Reykjavík.

Heimsókn í hin töfrandi Þjórsárver að hjarta landsins. Gist í tjöldum. Vaðskór nauðsynlegir.

1.d., laugard. Ekið að mótum Hreysiskvísar og Þjórsár. Vaðið ofarlega yfir Þjórsárvíslar. Gengið að Arnarfelli og tjaldað. 10-12 km. Ferðin lengist um 4 km ef fara þarf yfir upphafskvísar Þjórsár á jökli. Kvöldganga þangað sem Múlajökull og Kerfjallið mætast og Innri-Múlakvísl og Arnarfellskvísl spretta fram. Einföld salernisaðstaða undir Arnarfelli.

2.d. Gengið á Arnarfell hið mikla (1137 m) og víðar ef veður og kraftar leyfa. Ef ekki viðrar til fjallgöngu verður hugað að gróðurfari í Arnarfellsbrekkum sem eru rómaðar fyrir fjölbreyttan og fagran gróður.

3.d. Tjöld tekin upp árla morguns til að ná yfir árnar snemma dags. Gengið með allan farangur eftir Arnarfellsmúlum framan við Múlajökul. Múlarnir eru vel grónir og þar eru fornar reiðgötur. Á þessum slóðum bjuggu Eyvindur og Halla. Á leiðinni eru kvíslar sem þarf að vaða en helstu torfærur eru Innri-Múlakvísl og Miklakvísl. Áð við forna gæsarétt og tjaldað undir Nautöldu til tveggja nátta. Einföld salernisaðstaða er í Nautöldu. Ganga: 16 km.

4.d. Gengið í Oddkelsver og náttúrufar skoðað. Blautakvísl vaðin sunnan Nautöldu. Þar eru mýrar, flæðiengjar, tjarnir, rústir og aðrar helstu vistgerðir Þjórsárvera. Komið við á tófugreni. Gengið til baka í Nautöldu. Ganga: 10 km. Kvöldganga að hitasvæðinu við Jökulkrika ef veður, vötn og kraftar leyfa.

5.d. Gengið vestur frá Nautöldu, vaðið yfir Blautukvísl þar sem vegurinn endar við Blautukvíslarskarð en þar bíður rúta til að flytja hópinn heim. Ganga: 6 km. Ekið um Fjórðungssand til Reykjavíkur. Verð: 65.000/70.000. Innifalið: Rúta og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

S17 Fáséðir staðir á Fjallabaki 3 skór NÝTT

18.- 21. júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá Reykjavík.

Krefjandi gönguferð með trússi og skálagistingu um sjaldséða staði og fáfarnar slóðir.

1.d., þriðjud. Rúta ekur hópnum úr Reykjavík Kl. 8 að Klukkugilsfit á Dómadalsleið. Þar hittum við trússbíl, setjum farangur um borð og göngum svo af stað stikaða leið upp með Klukkugili, að Háöldu og þaðan í Hraftinnusker. Gist í Höskuldsskála. Fáfarnar slóðir og ný sýn á umhverfi Laugavegarins. Ganga: 15 km. Hækkun: 400 m.

2.d. Gengið úr Höskuldsskála yfir Hrafninnusker að „íshellunum“ svokölluðu. Þaðan um hverasvæði og krókaleiðir að hinum undurföggu en fáséðu Ljósárfossum efri. Svo niður í gil Ljósár en vaða þarf eftir því nokkurn spöl til að komast upp úr hinum megin. Þaðan um Ljósártungur að neðri fossum Ljósár og svo niður gegnum Grashaga að skála í Álftavatni. Ævintýraleiðangur um fáfarnar slóðir þar sem litadýrð líparítsins nær hámarki á þessum slóðum. Gist í skála FÍ við Álftavatni. Ganga: 15 km. Hækkun: um 300 m.

3.d. Gengið frá skála við Álftavatn meðfram vatninu að hinu fagra Torfahlaupi í Markarfljóti. Þaðan eftir fáförnum slóðum meðfram fljótinu og yfir það á göngubru við svonefndan Krók. Svo er gengið áfram meðfram ánni Hvítmögu um Reiðskarð í Hungurfit þar sem gist er. Ganga: 19 km. Hækkun: um 200 m.

4.d. Yfirgefum Hungurfit og göngum upp á Tindfjallajökli að hinum eldrauða gíg Sindra. Þaðan eftir Ásgrindum niður á Tindfjallajökul og yfir í Búraskarð. Á þessum hluta leiðarinnar þarf jökla-brodda og belti því þátttakendur munu ganga í línu yfir jökulinn. Þessi búnaður verður í trússinu þar til þennan dag. Leiðin liggur svo niður að skála Ísalp efst í Tindfjöllum og þaðan niður að Fljótsdal innsta bæ í Fljótshlíð þar sem rúta bíður hópinn og flytur til Reykjavíkur. Ganga: 20 km. Hækkun: 700 m. Verð: 98.000/103.000. Innifalið: Rúta, gisting, trúss, fararstjórn.

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA

Kirkjuferðir – sjö kirkjur á fjórum dögum 2 skór

19.- 22. júlí

Fararstjóri: Björgvin Bjarnason.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 113

AUSTURLAND

S18 Lónsöræfi I: Eyjabakkar – Vesturdalur – Tröllakrókar – Illikambur 3 skór

19.- 23. júlí, 5 dagar

Brottför: Kl. 9 með rútu frá Egilsstaðaflugvelli.

Mögnuð fimm daga sumarleyfisferð um ein tilkomumestu og afskekktustu öræfi landsins, meðfram jökultungum Vatnajökuls, þar sem andstæðurnar í landslaginu eru hvað stórfenglegastar.

1.d., miðvikud. Gengið um Eyjabakka austan Jökulsár í Fljótsdal með Snæfell á hægri hönd. Eyjabakkafoss skoðaður og stefnt í átt að Eyjabakkajökli, norður fyrir Bergkvíslarkofa og að skála við Geldingafell. Ganga: 15 km.

2.d. Gengið meðfram Geldingafelli um jökulurðir og ógrónar öldur, fram á brúnir Vesturdals að upptökum Jökulsár í Lóni og hrikalegum fossi. Haldið upp með Vesturdalsánni, yfir að Kollumúlavatni. Gist í Egilsseli í tvær nætur. Ganga: 20 km.

3.d. Deginum varið í nágrenni Egilssels. Gengið í Víðidal og ummerki búsetu á þessum afskekktastað skoðuð. Komið við á Kollumúlakollinum á heimleiðinni og jafnvel farið í bað í heiðarvatninu. Ganga: 6-10 km.

4.d. Heiðarkyrrðin yfirgefin og haldið að Tröllakrókahnaus, um Tröllakróka niður í Leiðartungur. Tvær leiðir mögulegar, um Leiðartungur eða Gilin. Landslagið ber nafn með rentu, m.a. Tröllakrókar og Stórusteinar og litadýrðin er óviðjafnanleg. Gist í Múlaskála. Stórbrotnar kvöldgöngur. Ganga: 10-12 km.

5.d. Haldið um Illakamb og fram alla Kamba suður í Smiðjunes. Hrikalegt landslag Jökulsárgljúfra og Hnappadalstindur og Jökulgilstindar blasa við. Ganga: 19 km. Rúta frá Smiðjunesi til Egilsstaða.

Verð: 82.000/87.000. Innifalið: Rúta, gisting og fararstjórn.

NORÐURLAND

S19 Gamlar þjóðleiðir yst á Tröllaskaga 3 skór

20.- 23. júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Björn Z. Ásgrímsson og Sóley Ólafsdóttir.

Mæting: Á Hótel Siglunes, eftir Kl. 15.

Þrjár áhugaverðar þjóðleiðir milli Fjallabyggðar og Fljóta gengnar á þremur þægilegum göngudögum á söguslóðum bókar Hallgríms Helgasonar, *Sextíu kíló af sólskini*. Björn Z., er höfundur göngubókar um svæðið, *Fjallabyggð og Fljót*.

1.d., fimmtud. Fundur Kl. 20 á Hótel Siglunesi. Farið yfir dagskrá næstu daga.

2.d. Gengið frá kirkjustaðnum Kvíabekk í Ólafsfirði um Ólafsfjarðar-skarð til Fljóta, fjölfarna póstleið hér fyrir á öldum milli Fljóta og Ólafsfjarðar. Á fyrri hluta leiðar er gengið eftir slóða og stikum upp Kvíabekkjardal áleiðis á skarðið (730 m). Þaðan er haldið niður að Holtsdal áður en gengið er að áfangastað, Brúnastöðum í Fljótum. Ganga: 15-16 km. Hækkun: 650 m. Göngutími: 5-6 klst.

3.d. Gengið frá vegarslóða ofan við Brúnastaði í Fljótum inn Héðinsfjarðardal upp að Uxaskarði (700 m). Af skarðinu sést vel niður Ámárdal að láglendi innan við Héðinsfjarðarvatn. Sitt hvoru megin við skarðið bera við himin hæstu fjöll á fjallgarðinum milli Héðinsfjarðar og Fljóta. Gengið er niður með Ámá eftir fallegu gili með fossum og flúðum. Að lokum er gengið austan megin fjarðar í átt að Héðinsfjarðargöngum, með viðkomu við tóftir þriggja eyðibýla fjarðarins.

Vaðið yfir Héðinsfjarðará. Ganga: 16 km. Hækkun: 670 m. Göngutími: 6-7klst.

4.d. Ekið að skógræktinni í Skarðsdal í Siglufirði og gengið þaðan eftir gamla þjóðveginum yfir Siglufjarðarskarð (600m) og síðan eftir gömlu hestagötunni yfir að Hraunum í Fljótum. Haldið niður að Hraunakróki og kannaðar rústir gamalla verstöðva og litið á fjölbreytt fuglalíf í fjörunni. Ganga: 12 km. Hækkun: 400 m. Göngutími: 4-5 klst. Heimferð.

Verð: 115.000/120.000. Innifalið: Gisting, morgunmatur x3, akstur og fararstjórn.

SUÐURLAND

S20 Hjólaferð: Umhverfis Heklu 2 hjól NÝTT

21.- 23. júlí, 3 dagar

Fararstjórn: Örvar Aðalsteinsson og Þóra Björk Hjartardóttir.
Brottför: Kl. 10 við brúna á Ytri Rangá á Þingsskálavegi nr. 268 í Landsveit.

Þessi ferð er fyrir þá sem vilja njóta náttúru og umhverfis í hjólaferð á hæfilegum hraða og frekar léttum hjólaleiðum. Nauðsynlegt að vera á fjallahjólum. Hjólað er á þremur dögum um vegi og vegslóða sem liggja umhverfis Heklu og hinar miklu vikurbreiður og hraun. Komið við á merkum stöðum á leiðinni og áhersla lögð á áhrif eldgosa á byggðina í nágrenninu. Gist á Fossi og í Dalakofa.

1.d., föstud. Leggjum af stað frá brúnni á Ytri Rangá ofarlega í Landsveit. Hjólum suður með hlíðum niður að Selsundi sem lúrir sunnan undir Heklu. Þaðan liggur einstaklega skemmileg leið að Gunnarsholti. Höldum þaðan inn að Keldum og að eyðibýlum norðan við Þríhyrning og áfram að Fossi við Eystri Rangá, þar sem við gistum. Hjólað: 56 km.

2.d. Hjólum austur Syðra-Fjallabak og hækum okkur smám saman áleiðis inn í Rangárbotna. Við Laufafell tökum við stefnu norður í skálann Dalakofa þar sem við gistum. Tökum krók að fallegum fossi í Markarfljóti. Hjólað: 40 km.

3.d. Hjólum inn á Krakatindaleið og við Sléttafell sveigjum við niður á hraunin austan við Heklu. Fylgjum góðum slóðum að Rauðuskál sem er austan við uppgönguna á fjallið. Fylgjum Skjólkvía-hrauninu vestur á Landmannaleið og Landveg og áleiðis að brúnni á ytri Rangá þar sem bílarnir bíða okkar. Hjólað: 52 km. Hjólað á malbiki, malarvegum og góðum fjallaslóðum. Farangur fluttur í skála og til baka í bíla. Undirbúningsfundur þriðjudaginn 18. júlí Kl. 18 í risi FÍ Mörkinni 6.

Verð: 45.000/50.000. Innifalið: Gisting, trúss og fararstjórn.

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAG AKUREYRAR

Öskjuvegurinn: 3 skór

23.- 27. júlí, 5 dagar

Brottför kl. 13 með rútu frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Guðlaug Ringsted.

Í ferðinni er gengið með lágmarksbúnað. Trússbíll ekur með farangur á milli skála. Bíllinn fylgir hópnum allan tímann. Rúta sækir svo hópinn í lok ferðar. Gist í skálum FFA, Dreka, Dyngjufelli og Botna.

1. d., sunnudagur: Ekið í Dreka, með viðkomu í Herðubreiðarlindum.

2. d., mánudagur: Gengið eftir stikaðri leið frá Drekagili, yfir Dyngjufjöll að Öskju, farið í sund í Víti ef vill. Hópurinn verður sóttur á bílastæðið við Öskjuop og ekið til baka að Dreka, gist þar aðra nótt. Ganga: 13-14 km.

3. d., þriðjudagur: Ekið upp í Öskjuop. Gengið eftir stikaðri leið þaðan, yfir Dyngjufjöll um Jónsskarð og niður í Dyngjufjalladal. Gist í Dyngjufelli, skála FFA. Vegalengd 14 km.

4. d., miðvikudagur: Frá Dyngjufelli er gengið norður Dyngjufjalladal í Suðurárbotna. Gist í Botna, skála FFA. Ganga: 20-22 km.

5. d., fimmtudagur: Lokadagur; gömlum jeppaslóða er fylgt frá Botna í Suðurárbotna og meðfram Suðurá að Svartárkoti. Ganga: 15-16 km. Ekið með rútu til Akureyrar. Gert ráð fyrir að koma þangað um kl. 17.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 99

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAGIÐ NORÐURSLÓÐ

Langanes - Fontur 2 skór

23.- 28. júlí, 6 dagar

Mæting: Fyrir kl. 20 að Ytra Lóni.

Ferð um friðsæla byggð sem var og eyðiborp með mikla sögu, um lífleg fuglabjörg og út á ysta odda Langaness. Gist í fimm nætur á fallegu gistiheimili. Ekki er gert ráð fyrir sameiginlegum mat fyrsta kvöldið. Á köflum er gengið um óslétt land og þýfða móa og þurfa þátttakendur að vera í góðri göngubjálfun.

1. d., sunnud. Mæting á Gistiheimilið Ytra Lón á Langanesi. Þátttakendur koma sér fyrir. Kl. 20:00 er fræðslustund og farið yfir dagskrá næstu daga.

2. d. Gengið frá Sauðanesi út í Grenjanesvita. Á leiðinni eru margvísleg mannvirki og menningar-minjar. Í lok ferðar er komið við í Sauðaneshúsi og síðan haldið að Ytra Lóni þar sem heiti potturinn og kvöldmaturinn bíða. Ganga: 9 km.

3. d. Gengið um svokallaðan eyðibýlahring og fræðst um sögu bæjanna og byggðarinnar, gróðurinn, fuglana og fjöllin. Ganga: 15 km.

4. d. Gengið með sjónum frá Lambanesi út að Heiðarhöfn, um Heiðarnesið og til baka eftir Messumelnum. Rekaviður og fallegar fjörur, fullar af lífi. Ganga: 16 km.

5. d. Ekið upp á Heiðarfjall og ummerki ratsjárstöðvar varnarliðsins skoðaðar. Síðan niður í Hrol্লাugsstaði en þaðan er gengið um Kumblavík og Skálabjarg að eyðiborpinu Skálum Ganga: 12 km. Frá Skálum er ekið út á Font, komið við á Skoruvíkurbjargi sem iðar af fugli og litið á súlubyggðina í Stóra-Karli. Ekið til baka að Ytra Lóni.

6. d. Eftir morgunmat er haldið heim á leið.
Sjá nánar um ferð og bókun bls. 123

NORÐURLAND

S21 Fjöll og skörð yst á Tröllaskaga 3 skór **NÝTT**

24.- 27.júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Björn Z. Ásgrímsson og Sóley Ólafsdóttir.
Mæting: Þátttakendur koma á eigin bílum að Sóti lodge í Fljótum. Þrjár áhugaverðar leiðir milli Fjallabyggðar og Fljóta ásamt göngu á fjallstind, með frábæru útsýni, á þremur þægilegum göngudögum á söguslóðum bókar Hallgríms Helgasonar, *Sextíu kíló af sólskinu*. Björn Z, er höfundur göngubókarinnar *Fjallabyggð og Fljót* sem fjallar um þetta svæði.

1.d.,mánud. Fundur Kl. 20 á Sóti Lodge. Farið yfir dagskrá næstu daga.

2.d. Hreppendasúlur (1052 m): Gengið á Hreppendasúlur (Hreppendaársúlur) sem er hæsta fjall á fjallshryggnum sem teygir sig til norðurs frá Lágheiði allt til Sigluness. Fjallið er hátt og tignarlegt með frábæru útsýni. Upphaf göngu er á Lágheiðinni. Af tindinum er síðan gengið niður að eyðibýlinu Hreppendaá. Ganga: 8 km. Hækkun: 700 m. Göngutími: 4-5 klst.

3.d. Möðruvallaháls: Gengið frá golfvællinum í Skeggjabrekkuðal í Ólafsfirði yfir Möðruvallaháls til Héðinsfjarðar. Garðsánni fylgt með jafnri hækkun að hálsinum og síðan haldið til norðurs niður í Héðinsfjörð. Á leiðinni niður fjörðinn í átt að Héðinsfjarðarvatni verður litið á mannvistarleifar nokkurra eyðibíla og saga byggðarinnar rifjuð upp. Ganga: 16 km. Hækkun: 560 m. Göngutími: 6-7 klst.

4.d. Botnaleið: Gangan hefst við afleggjarann að Lambanes-Reykjum í Fljótum og síðan gengið spölkorn inn á gamla þjóðveginn til Siglufjarðar. Stikum er fylgt áleiðis að Torfdalsá, síðan að Stóruskál og áleiðis upp á Botnaleiðarfjall eftir Bolahrygg kenndan við Þorgeirsbola. Frá Botnaleiðarskarði er gott útsýni yfir Fljót og til Siglufjarðar. Að lokum er gengið niður svokallaða Botna og Blekkilsá fylgt niður í Hólsdal í Siglufirði þar sem hópurinn er sóttur og ekið að Sóta. Vaðið/stiklað er yfir Torfdalsá. Heimferð. Ganga: 8 km. Hækkun: 700m. Göngutími: 4-5 klst.
Verð: 120.000/125.000. Innifalið: Gisting, rúta, sund, kvöldmat, morgunmat, nesti og farastjórn.

AUSTURLAND

S22 Kvennaævintýri á Snæfell og nágrenni 3 skór **NÝTT**

25.- 28. júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Valgerður Húnbogadóttir og Ragna Lára Ellertsdóttir.
Brottför: Kl. 14 á einkabílum (4x4) frá bílastæðinu við Hengifoss í Fljótssdal.

Kvennaferð á Snæfell og nágrenni þar sem við munum ganga á Snæfell og hina fallegu Fossaleið með fram Jökulsá í Fljótssdal. Gist tvær nætur í Snæfellsskála og eina nótt í Óbyggðarsetri Íslands. Rúta keyrir hópinn frá Óbyggðasetrinu að upphafsstað Fossagöngunar við Laugarfellsskála. Sameiginlegur morgun- og kvöldmatur í Snæfellsskála er ekki innifalinn í verði.

1.d., þriðjud. Göngum upp að Hengifossi áður en ekið er í samfloti í Snæfellsskála. Eldum saman kvöldverð og förum yfir dagskrá ferðarinnar. Ganga: 5 km. Hækkun: 240 m.

2.d. Tökum daginn snemma og höldum á hæsta fjall Íslands utan jökla; Snæfell (1833 m). Að göngu lokinni tökum við góðar teygjur og eldum sameiginlegan kvöldmat. Ganga: 12 km. Hækkun: 1000 m.

3.d. Vöknum snemma, göngum frá í skála og keyrum að Óbyggðarsetri Íslands, þar sem rúta bíður okkar og ekur að upphafsstað Fossaleiðar. Áætlað er að byrja gönguna frá Laugarfelli upp úr hádegis. Falleg leið meðfram Jökulsá í Fljótssdal og mikilfenglegum fossum hennar. Dagurinn endar í Óbyggðarsetrinu þar sem við gistum, förum í heita pottinn og borðum saman kvöldverð.

Ganga: 15 km. Lækkun: 550 m. Göngutími: 6-7 klst.

4.d. Frágangur og heimferð.

Verð: 80.000/85.000. Innifalið: Gisting, rúta, kvöldmat og morgunmat á Óbyggðarsetri Íslands og farastjórn.

AUSTURLAND

S23 Víknaslóðir I 2 skór

26.- 30. júlí, 5 dagar

Brottför: Kl. 9 með rútu frá Egilsstaðflugvelli.

Göngusvæðið frá Borgarfirði eystri til Seyðisfjarðar er einu nafni kallað Víknaslóðir. Þar eru fallegir firðir og víkur, líparít fjöll og glæsileg fjallasýn. Gist Borgarfirði og í skálum Ferðafélags Fljótsdalshéraðs í Breiðuvík, Húsavík og Loðmundarfirði.

1.d., miðvikud. Ekið að Vatnsskarði og gengið í Stóruð sem er einstæð náttúruperla við þröskuld mikilfenglegra Dyrfjallanna. Þaðan er gengið til Borgarfjarðar og gist þar. Ganga: 19 km. Göngutími: 7-8 klst. Daginn eftir verður okkur skutlað yfir í Höfn þar sem gangan hefst á degi tvö.

2.d. Gengið yfir Brúnavíkurskarð, Súluskarð og Kjólsvíkurvarp til Breiðuvíkur. Ganga: 15 km. Göngutími: 6-7 klst.

3.d. Úr Breiðuvík er farið yfir Stóruá á göngubrú og í dalverpi sem er sannkölluð náttúru paradís, umkringgt líparítblönduðum Hvítuhnjúkum, Hvítafjalli og Hvítserki. Endað í Húsavík. Ganga: 14 km. Göngutími: 5-6 klst.

4.d. Gengið yfir Neshálsinn en þaðan gefst gott útsýni yfir Loðmundarfjörð og yfir á Dalatanga sé skyggni gott. Gist í glæsilegum skála í Loðmundarfirði. Ganga: 14 km. Göngutími: 6-7 klst.

5.d. Gengið út sunnanverðan Loðmundarfjörð og upp á Hjálmárdalsheiði, 600 m. Þegar komið er fram á brúnir Seyðisfjarðar er haldið niður brattar hlíðar niður á veg þar sem rútan bíður. Ganga: 14 km. Göngutími: 6 klst. Verð: 65.000/70.000. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

S24 Hjólað um Fjallabak 3 hjól

27.- 30. júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir. Mæting: Kl. 10 við Búrfell.

Þátttakendur nálgast fjölbreytta náttúru Fjallabaks á reiðhjólum og fá nýja sýn á ýmsa afkima þessa undurfagra landsvæðis. Við biðjum fólk að vera á „hardtail“ fjallahjólum, fulldempuðum eða „gravel“ hjólum. Nokkur reynsla af hjólreiðum er æskileg og þokkalegt form (upp að Steini í Esju á 1. klst. eða minna). Gist er í skálum en fólk kemur með allan mat og búnað með sér. Bill flytur farangur.

1.d., fimmtud. Hópurinn hittist á eigin bílum hjá Búrfelli við gatnamót Landmannaleiðar og Landvegjar. Þar verður farangur settur í trússbíl en við hjólum með dagpoka sem leið liggur austur undir Valahnúkum, um Lambafitjarhraun og Svalaskarð áleiðis í Landmannahelli þar sem við gistum.

Hjólað: um 32 km. Hækkun: um 150 m. Hjólað er á grófum malarvegi og eitt vatnsfall er á leiðinni, Helliskvísl.

2.d. Við tökum saman vort púss og hlöðum trússbíl. Hjólað yfir Helliskvísl, út á Dómadalsleið, þaðan norður að Hnausum og Blautaveri og upp að Ljótapolli. Frá Ljótapolli er hjólað eftir göngustígum undir Norðurnámi að Laugahrauni. Deginum lýkur á baði í heita læknum. Hjólað: 27-28 km. Hækkun: 300 m.

3.d. Við vöknum snemma í Laugum og hlöðum trússbíl. Hjólað eftir Dómadalsleið gegnum Dómadal og yfir Dómadalsháls. Beygt inn á leiðina yfir Pokahryg og hjólað yfir í Reykjadal. Þarna liggur vegurinn í ríflega 1000 m hæð yfir sjó og er óvíða hærri á Íslandi. Af hryggnum brunum við niður í Reykjadal, förum tvisvar yfir Markarfljótið og endum í Dalakofanum þar sem við gistum. Hjólað: 43 km og samtals hækkun um 1000 m yfir daginn. Tvisvar þarf að vaða yfir daginn.

4.d. Við hlöðum trússbíl í Dalakofa og brunum svo til vesturs eftir Biksléttu undir Rauðufossafjöllum og puðum fram hjá Krakatindi um svonefnda Krakatindsleið út að Heklu við svonefnda Rauðuskál. Þaðan hjólum við til baka út að Búrfelli að bílum. Hjólað: 38 km. Hækkun: um 200 m.

Verð: 89.000/94.000. Innifalið: Gisting, trúss og fararstjórn.

SUÐURLAND

S25 Núpstaðarskógar 3 skór

28.- 30. júlí, 3 dagar

Fararstjórn: Örvar Aðalsteinsson.

Brottför: Kl. 21 á eigin jeppum frá Skaftáarskála á Kirkjubæjarklaustri.

Núpstaðarskógar og umhverfi Núpsár og Eystra fjalls er mjög áhugavert og sérstakt. Gljúfrið og dalurinn þar sem Núpsá rennur fram milli Eystra fjalls og Bjarnarins hefur að geyma margar náttúruperlur. Einnig er Súlutindur og tindarnir við Skeiðarárjökul skoðunarverðir. Gist í tjöldum.

1.d., föstud. Ekið í Núpstaðarskóga þar sem tjaldbúðir eru reistar **2.d.** Gengið inn með skógum og farið upp Klifið á keðju. Ofan Klifs eru skoðaðir fossar í Núpsárgljúfri. Ganga: 12 km. Hækkun: 300 m.

3.d. Gengið á Eystra fjall og haldið að fjallsbrúninni við Súlutinda. Ganga: 12 km. Hækkun: 400 m. Undirbúningsfundur þriðjudaginn 28. júní Kl. 18 í risi FÍ Mörkinni 6. Verð: 20.000/25.000. Innifalið: Aðstöðugjald og fararstjórn.

SUÐURLAND

S26 Fimmvörðuháls 2 skór

29.- 30. júlí, 2 dagar

Brottför: Kl. 7 með rútu frá Reykjavík.

Leiðin um Fimmvörðuháls liggur á milli tveggja jökla, Eyjafjalla-jökuls og Mýrdalsjökuls, og tengir Skóga við Þórsmörk. Þetta er ein allra vinsælasta gönguleið á Íslandi.

1.d., laugard. Gangan hefst við Skógafoss með því að ganga rólega upp tröppurnar og áfram göngustíginn upp Skógaheiði yfir göngubrúna og í Baldvinsskála þar sem er nestisstund. Gengið að Magna og Móða og ummerki eldgossins 2010 skoðuð. Áfram er haldið um hinn margumtalaða Heljarkamb og Kattarhryggi. Rúta bíður hópsins í Strákagili og flytur hópin yfir í Langadal. Gist er í Skagfjörðsskála. Ganga: 26 km. Göngutími: 8-11 klst.

2.d. Morgunganga áður en haldið er heim á leið um hádegi. Verð: 36.000/41.000. Innifalið: Gisting, rúta og fararstjórn.

HORNSTRANDIR

S27 Straumnesfjall, Aðalvík og Hesteyri 3 skór

29.- 31. júlí, 3 dagar

Fararstjórn: Jón Örn Guðbjartsson.

Mæting: Kl. 8.30 á bryggjuna í Bolungarvík. Brottför Kl. 9. Sigt til Aðalvíkur.

Hefur þig dreymt um komast á Hornstrandir og uppgötva undur friðlandsins án þess að bera allt á bakinu? Sofa í góðum húsum og gera vel við þig í mat, heyra sögur af svæðinu og fá nasasjón af menningu og mannlífi? Skoða minjar um kalda stríðið á sjálfum heimsenda og horfast í augu við íslenska heimskaufarefinn? Þetta er allt hægt í „snerpuferð“ þar sem sofið er í tvær nætur í friðlandinu á Hornströndum í góðum húsum og gengið um fjörur og fjöll. Tveir af helstu þéttbýliskjörnum Hornstranda eru heim-sóttir, Aðalvík og Hesteyri.

1.d., laugard. Um leið og gengið er á land í Aðalvík er haldið á Straumnesfjall þar sem merkar minjar um veru Bandaríkjahers eru skoðaðar og ýmsar sögur rifjaðar upp sem tengjast veru hersins á fjallinu. Sögur sagðar af svæðinu og af ábúendum. Gist er í Stakkadal í Aðalvík.

2.d. Gengið úr Aðalvík yfir heiðina til Hesteyrar og gist í Læknishúsinu þar sem boðið er upp á vellystingar. Saga staðarins er rakin.

3.d. Rólegur dagur. Hvalstöðin og kirkjugarðurinn skoðuð auk þess sem víkið verður að menningu og mannlífi áður en siglt er síðdegis yfir Djúpið til Bolungarvíkur.

Verð: 65.000/70.000. Innifalið: Sigling, gisting, matur á Hesteyri og fararstjórn.

AUSTURLAND

S28 Lónsöræfi II: Eyjabakkar – Vesturdalur – Tröllakrókar – Illikambur 3 skór

2.- 6. ágúst, 5 dagar

Brottför: Kl. 9 með rútu frá Egilsstaðaflugvelli.

Mögnuð fimm daga sumarleyfisferð um ein tilkomumestu og afskekkustu öræfi landsins, meðfram jökultungum Vatnajökuls, þar sem andstæðurnar í landslaginu eru hvað stórfenglegastar.

1.d., miðvikud. Gengið um Eyjabakka austan Jökulsár í Fljótsdal með Snæfell á hægri hönd. Eyjabakkafoss skoðaður og stefnt í átt að Eyjabakkajökli, norður fyrir Bergkvíslarkofa og að skála við Geldingafell. Ganga: 15 km.

2.d. Gengið meðfram Geldingafelli um jökulurðir og ógrónar öldur, fram á brúnir Vesturdals að upptökum Jökulsár í Lóni og hrikalegum fossi. Haldið upp með Vesturdalsánni, yfir að Kollumúlavatni. Gist í Egilselli í tvær nætur. Ganga: 20 km.

3.d. Deginum varið í nágrenni Egilsells. Gengið í Víðidal og ummerki búsetu á þessum afskekkt stað skoðuð. Komið við á Kollumúlakollinum á heimleiðinni og jafnvel farið í bað í heiðarvatninu. Ganga: 6-10 km.

4.d. Heiðarkyrrröðin yfirgefin og haldið að Tröllakrókahnaus, um Tröllakróka niður í Leiðartungur. Tvær leiðir mögulegar, um Leiðartungur eða Gilin. Landslagið ber nafn með rentu, m.a. Tröllakrókar og Stórusteinar og litadýrðin er óviðjafnanleg. Gist í Múlaszála. Stórbrotnar kvöldgöngur. Ganga: 10-12 km.

5.d. Haldið um Illakamb og fram alla Kamba suður í Smiðjunes. Hrikalegt landslag Jökulsárgljúfra og Hnappadalstindur og Jökulgilstindar blasa við. Ganga: 19 km. Rúta frá Smiðjunesi til Egilsstaða.

Verð: 82.000/87.000. Innifalið: Rúta, gisting og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

S29 Fossaganga á Gnúpverjaafrétti 2 skór

5.- 6. ágúst, 2 dagar

Fararstjórn: Sigbrúður Jónsdóttir og Björg Eva Erlendsdóttir.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá Reykjavík.

Gengið verður á Gnúpverjaafrétti, vestan Þjórsár, á miðhálandi Íslands. Þrír stórfossar Þjórsár í óbyggðum skoðaðir og auk þess fjöldi fossa í þverám hennar. Gengið er um vel gróin svæði þar sem víðiskógur er að vaxa, finna má freðmýrarústir og talsvert er af heiðargæs. Gist í skála í Bjarnalækjarbotnum sem byggður var árið 1973, snyrtilegur, með svefnlofti og eldhúskrók. Við skálann er kamar og mjög vatnsmikil uppspretta þar sem Bjarnalækurinn sprettur upp um sprungu í berginu. Boðið verður upp á eina sameiginlega máltíð.

1.d., laugard. Ekið um Þjórsárdal inn Gnúpverjafrétt að skála í Bjarnalækjabotnum í Norðurleit. Gengið niður með Bjarnalæk og Miklalæk niður að Kjálkaversfossi (Hvanngiljafoss) í Þjórsá. Þaðan er gengið fram að Dalsá, upp með henni og fossar og flúðir hennar skoðaðir. Komið að Hlaupinu í Dalsá, þar sem þessi vatnsmikla á rennur í mjóum stökk. Að endingu er gengið aftur að skálanum í Bjarnalækjarbotnum þar sem snæddur er kvöldverður og gíst. Á leiðinni má sjá áhugaverða gróðurframvindu.

Ganga: 12-14 km.

2.d. Ekið á Kónsás og gengið niður að fossinum Dynk í Þjórsá og þaðan um Gljúfurleit að Gljúfurleitarfossi, með viðkomu á Ófærutanga þar sem Hölná fellur í þremur fossum. Hölná þarf að vaða. Að endingu er gengið upp með Geldingaá um 2 km þar sem rúta bíður göngufólks. Ganga: 12-14 km.

Verð: 58.000/63.000. Innifalið: Gisting, kvöldmatur, rúta og fararstjórn.

AUSTURLAND

S30 Víknaslóðir II 2 skór

9.- 13. ágúst, 5 dagar

Brottför: Kl. 9 með rútu frá Egilsstaðaflogvelli.

Göngusvæðið frá Borgarfirði eystri til Seyðisfjarðar er einu nafni kallað Víknaslóðir. Þar eru fallegir firðir og vikur, líparítfjöll og glæsileg fjallasýn. Gist í Borgarfirði og í skálum Ferðafélags Fljótsháðs í Breiðuvík, Húsavík og Loðmundarfirði.

1.d., miðvikud. Ekið að Vatnsskarði og gengið í Stóruð sem er einstæð náttúruperla við þröskuld mikilfenglegra Dyrfjallanna. Þaðan er gengið til Borgarfjarðar og gíst þar. Ganga: 19 km. Göngutími: 8 klst. Daginn eftir verður okkur skutlað yfir í Höfn þar sem gangan hefst á degi tvö.

2.d. Gengið yfir Brúnavíkurskarð, Súluskarð og Kjólsvíkurvarp til Breiðuvíkur. Ganga: 15 km. Göngutími: 6-7 klst.

3.d. Úr Breiðuvík er farið yfir Stóruá á göngubrú og í dalverpi sem er sannkölluð náttúruparadís, umkringt líparítblönduðum Hvítu hnjúkum, Hvítafjalli og Hvítserki. Endað í Húsavík. Ganga: 14 km. Göngutími: 5-6 klst.

4.d. Gengið yfir Neshálsinn en þaðan gefst gott útsýni yfir Loðmundarfjörð og yfir á Dalatanga sé skyggni gott. Gist í glæsilegum skála í Loðmundarfirði. Ganga: 14 km. Göngutími: 6-7 klst.

5.d. Gengið út sunnanverðan Loðmundarfjörð og upp á Hjalmar-dalsheiði, 600 m. Þegar komið er fram á brúnir Seyðisfjarðar er haldið niður brattar hlíðar niður á veg þar sem rútan bíður. Ganga: 14 km. Göngutími: 6 klst.

Verð: 65.000/70.000. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

S31 Kerlingarfjöll: Átta tindar 4 skór Hundrað hæstu

11.- 13. ágúst, 3 dagar

Fararstjórn: Ævar og Örvar Aðalsteinssynir.

Brottför: Kl. 19:30 frá bílastæðinu við Gullfoss.

Göngur um fjöll, jökla og hverasvæði. Stórkostlegt útsýni yfir miðhálandi Íslands. Þessi ferð er fyrir göngufólk sem vill aðeins meira. Fyrst er gengið um vestari hluta Kerlingarfjalla og síðan um eystri fjöllin. Ísöxi og jöklabroddar nauðsynlegur búnaður. Gist í skála.

1.d., föstud. Ekið í Kerlingarfjöll. Gist í skála.

2.d. Ekið upp að neðri Hveradölum og gengið á Vesturfjöllin: Mæni, Ögmund, Hött og Röðul. Gengið um Hverabotn til baka í Hveradali. Ganga: 17 km. Hækkun: 1400 m.

3.d. Ekið upp í Keis og gengið á Austurfjöllin: Fannborg, Snækoll, Snót og Loðmund. Styðjast þarf við öryggislinu upp brattan hjalla efst í Loðmundi. Haldið er til baka um Jökulkinn í bíla. Um kvöldið er ekið til Reykjavíkur. Ganga: 13 km. Hækkun: 1100 m.

Verð: 38.000/43.000. Innifalið: Gisting og fararstjórn.

Í þessari ferð verður gengið á fjóra af hundrað hæstu tindum landsins. Sjá nánar á bls. 36.

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAG AKUREYRAR

Helgarferð á Herðubreið 3 skór

11.- 13. Ágúst, 3 dagar

Brottför kl. 17 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Leo Broers og Marjolijn van Dijk. Árleg ferð FFA á Þjóðarfjallið Herðubreið (1682 m). Gist í Herðubreiðarlindum, í skála FFA eða í tjaldi. Nauðsynlegt að vera á jeppum.

1.d., föstud. Lagt af stað frá Akureyri kl. 17.

Ekið í Herðubreiðarlindir.

2.d. Gengið á Herðubreið.

3.d. Haldið heim. Gert ráð fyrir að koma til Akureyrar seinnipart dags.

Hjálmur er nauðsynlegur öryggisbúnaður.

Gönguhækkun 1000 m.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 100

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAG BORGARFJARÐARHÉRAÐS

Vatnaleiðin 2 skór

11. - 13. ágúst, 3 dagar

Vatnaleiðin í einu lagi. Gengið frá Hallkellstaðahlíð á Snæfellsnesi að Bifröst í Borgarfirði. Gist í skálum FFB við Hítarvatn og Langavatn.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 123

SUÐURLAND

S32 Fimmvörðuháls 2 skór

12.- 13. ágúst, 2 dagar

Brottför: Kl. 7 með rútu frá Reykjavík.

Fararstjórn: Örlygur Steinn Sigurjónsson.

Leiðin um Fimmvörðuháls liggur á milli tveggja jökla, Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls, og tengir Skóga við Þórsmörk. Þetta er ein allra vinsælasta gönguleiðin á Íslandi.

1.d., laugard. Gangan hefst við Skógafoss með því að ganga rólega upp tröppurnar og áfram göngustíginn upp Skógaheiði yfir göngubrúna og í Baldvinskála þar sem er nestisstund. Gengið að Magna og Móða og ummerki eldgossins 2010 skoðuð. Áfram er haldið um hinn margumtalaða Heljarkamb og Kattarhryggi. Rúta flytur farangur og bíður hópsins í Strákagili. Gist er í Skagfjörðsskála í Langadal. Ganga: 26 km. Göngutími: 8-11 klst.

2.d. Morgunganga áður en haldið er heim á leið um hádegi. Verð: 36.000/41.000. Innifalið: Gisting, rúta og fararstjórn.

HORNSTRANDIR

S33 Sæból, Hesteyri og Aðalvík 3 skór

12.- 14. ágúst 3 dagar

Fararstjórn: Jón Örn Guðbjartsson.

Mæting: Kl. 8:30 við bátabryggjuna í Bolungarvík. Brottför Kl. 9. Viltu upplifa magnaða fegurð Hornstranda og uppgötva undur friðlandsins án þess að bera allt á bakinu? Viltu gista í Læknishúsinu heimsfræga á Hesteyri og gera vel við þig í mat? Heyra sögur af svæðinu og fá nasasjón af menningu og löngu horfnu mannlífi? Hefur þú ekki alltaf viljað horfast í augu við íslenska heimskaufarefni?

Þetta er allt hægt í „snerpuferð“ þar sem sofið er í tvær nætur í Læknishúsinu sögulega og gengið um friðlandið á Hornströndum í góðum félagsskap. Þrír af helstu þéttbýliskjörnum Hornstranda eru heimsóttir, Sæból, Látrar í Aðalvík og Hesteyri.

1.d., laugard. Siglt er að Sæbóli í Aðalvík og gengið þaðan yfir á Hesteyri yfir Sléttuheiði með gríðarlegu útsýni yfir Jökulfirði, Drangajökul og Ísafjarðardjúp. Farið er yfir mannlíf og sögu á Sæbóli og kirkjan á Stað skoðuð áður en Fannadalurinn er genginn upp á heiðina. Á leiðinni sér niður á Sléttu í Jökulfjörðum. Um kvöldið er mætt í vellystingar og gistingu í Læknishúsinu á Hesteyri.

2.d. Gengið yfir í Aðalvík, af heiðinni er útsýni yfir á Straumnesfjall þar sem merkar minjar um veru Bandaríkjamanna eru sýnilegar og ýmsar sögur rifjaðar upp sem tengjast veru þeirra á fjallinu. Sögur verða einnig sagðar af sjálfri Aðalvíkinni og ábúendum. Í Aðalvík er mögnuð fjaran skoðuð og farið um hana yfir í Miðvík.

Miðvíkin er svo þrædd upp í Hesteyrarskarð og gengið aftur yfir á Hesteyri þar sem gist er aðra nótt í Læknishúsinu.

3.d. Lokadagurinn er nýttur til að skoða hvalstöðina á Hesteyri og kirkjugarðinn og vikið er að menningu og mannlífi áður en siglt er síðdegis yfir Djúpið til Bolungarvíkur.

Verð: 65.000/70.000. Innifalið: Sigling, gisting, matur á Hesteyri og fararstjórn.

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAG RANGÆINGA

Helgarferð að Fjallabaki 2 skór

18.- 20. ágúst, 3 dagar

Fararstjórn: Gústav Þór Stolzenwald.

Brottför: Kl. 08 með rútu frá Reykjavík.

Þriggja daga ferð í samstarfi við Ferðafélag Íslands, þar sem gegnið verður um einstakt svæði að Fjallabaki. Farið er með rútu frá Reykjavík að upphafstað göngunnar og komið til baka á sunnudagskvöldið

1.d., föstud. Ekið frá Reykjavík að Rauðfossi á Dómadalsleið.

Gegnið þaðan í Dalakofan, þar sem við gistum.

2.d. Gengið frá Dalakofa um Ljósatungur, Reykjadal, Jónsvörðu og Hrafninnusker í Höskuldsskála og gist þar.

3.d. Gengið frá Höskuldsskála í Hrafninnuskeri í Landmannalaugar og rúta þaðan til Reykjavíkur.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 120

STRANDIR

S34 Hjólaferð: Árneshreppur á Ströndum 2 hjól NÝTT

18.- 20. ágúst, 3 dagar

Fararstjórn: Örvar Aðalsteinsson.

Brottför: Kl. 13.00. í Djúpuvík

Þessi ferð er fyrir þá sem vilja njóta náttúru og umhverfis í hjólaferð á hæfilegum hjólahraða á léttum hjólaleiðum. Hjólað með ströndinni undir háum fjöllum þar sem þangvaxnar fjörur með fuglalífi og rekavið eru víða. Nauðsynlegt að vera á ferða- eða fjallahjólum.

Hjólað er á þremur dögum um vegi og vegslóða á Norður-Ströndum í Árneshreppi frá Djúpuvík til Ófeigsfjarðar og til baka. Gist á Valgeirstöðum í Norðurfirði. Hægt að fara í sundlaugina í Krossnesi eftir hjóladaga.

1.d., föstud. Leggjum af stað frá Djúpuvík veginn um Reykjarfjörð áleiðis í Norðurfjörð. Komum við á Gjögri og ef aðstæður leyfa göngum við á Reykjaneshyrnu. Hjólað: 32 km. Ganga: 3 km. Hækkun: 200 m.

2.d. Hjólum í Ingólfsfjörð og komið að Eyri þar sem miklar minjar um síldarvinnslu eru skoðaðar. Höldum áfram áleiðis í Ófeigsfjörð og göngum að fossunum Blæju og Rjúkanda. Hjólað: 19 km. Ganga: 6 km. Hækkun: 150 m.

3.d. Föllum til baka frá Norðurfirði til Djúpuvíkur. Verð: 75.000/80.000. Innifalið: Gisting, trúss, bátsferð og fararstjórn.

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAG FLJÓTS DALSHÉRAÐS

Nærandi samvera í faðmi fjallanna í Breiðuvík.

18.- 20. ágúst, 3 dagar

Fararstjórn: Þórdís Kristvinsdóttir fjallaleiðsögumaður og lífskúnnstner og Hildur Bergsdóttir fjallaleiðsögumaður og náttúruþerapisti.

Mæting: Kl. 16 á skrifstofu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, þar sem við sameinust í bíla.

1.d., föstud. Ekið inn að afrétt á Borgarfirði eystri og í framhaldinu gengið niður í Breiðuvík í gegnum Urðarhóla. Þegar í Breiðuvík er komið og búið að koma sér fyrir er svo kvöldkakó og spjall.

2.d. Ræs kl. 8. Deginum tekið fagnandi með morgunjóga. Morgunmat. Gengið um í Breiðuvík, farið niður í fjöru þar sem kyrrðarstund og skapandi gleði fer fram. Ígrundunarganga á göngunni heimleiðis. Komið í skála síðdegis, eldlummur. Frjáls stund fram að kvöldmat kl. 21, þakklætisstund, kakó og eldur.

3.d. Ræs kl. 8. Deginum tekið fagnandi með morgunjóga. Frágangur og heimferð. Gengið verður yfir Súluskarð, gegnum Brúnuvík yfir til Borgarfjarðar. Áætluð koma á Borgarfjörð er á milli 16-17.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 116

HÁLENDIÐ

S35 Laugavegurinn III 2 skór

23.- 27. ágúst, 5 dagar

Fararstjórn: Örlygur Steinn Sigurjónsson.

Brottför: Kl. 8:30 með rútu frá Reykjavík.

Vinsælasta gönguleið landsins, sem er ekki bara gönguferð heldur líka mögnuð upplifun fyrir líkama og sál. Fjölbreytt landslag, m.a. háhitasvæði, litskrúðug líparítvæði, svartir sandar, grænir skógar og ár, bæði brúaðar og óbrúaðar.

1.d., miðvikud. Ekið í Landmannalaugar. Þaðan er gengið undir Brennisteinsöldu um Laugahraun og Stórahver í Hrafninnusker þar sem verður gist. Ganga: 12 km. Hækkun: 400 m.

2.d. Gengið um litrík gil með hverum og jarðhitavirkni suður úr öskju Torfajökuls og svo niður Jökultungur með slæðufossnum í Álftavatn. Ganga: 12 km. Lækkun: um 350 m.

3.d. Gengið úr Álftavatni um Hvanngil, Bratthálskvísl og Bláfjallakvísl vaðnar og arkað yfir sanda undir Hattafelli, Tudda og Tvíböku á leið í skálana í Botnum á Emstrum. Hið stórbrotna Markarfljótsgljúfur skoðað í síðdegisgöngu. Ganga: 16 km og lítil hækkun.

4.d. Þrammað áfram um Fauskatorfur, Almennunga og Kápu uns Þröngá er vaðin. Þaðan um ilmandi birkiskóga Þórsmerkur í Skagfjörðsskála í Langadal. Ganga: 16 km og uppsöfnuð hækkun 200 m.

5.d. Morgunganga á Valahnúk áður en haldið er af stað til Reykjavíkur rétt fyrir hádegi.

Verð: 98.000/103.000. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

S36 Könnunarferð að földum gimsteinum að Fjallabaki 4 skór

NÝTT

25.- 27. ágúst, 3 dagar

Fararstjórn: Tómas Guðbjartsson og Salome Hallfreðsdóttir.

Brottför: Kl. 17 á jeppum frá Olís við Rauðavatn.

Syðra Fjallabak lumar á fjölda náttúruþerla sem mörgum eru lítt kunnar. Á það sérstaklega við um Ljósár fossa efri og neðri, en ekki er auðvelt að komast að þeim efri sem skýrir af hverju þeir bíða rólegir heimsfrægðar. Í þessari könnunarferð verða gengnar fáfarnar leiðir að Ljósárfossnum og Rauðauga.

1.d., föstud. Hittumst hjá Olís við Rauðavatn Kl. 17 og öllum samferða að Dalakofa að Fjallabaki þar sem gist verður í 2 nætur. Um kvöldið eru 3 jeppar skildir eftir við Ljósár fossa neðri, austan Laufafells.

2.d. Ekið er frá Dalakofa að íshellunum við Hrafninnuskeri. Þar eru jeppar skildir eftir og gengið að íhellunum og þeir skoðaðir.

Þá er haldið á hábungu Hrafninnuskers og síðan í suður að ósnortnum háhitasvæðum. Gil eru þrædd niður að Ljósá og hún síðan vaðin nokkrum sinnum uns komið er að Ljósárfossum efri og risastórum grænum líparíthrygg framan við þá. Gengið er eftir litríkum giljum, austan megin Ljósár að Ljósárfossum neðri, þar bíða jeppar og ekið í hálf tíma að Dalakofa. Hægt er að skella sér í frumstæða náttúrulega skammt frá Dalakofa.

3.d. Ekið upp að íshellunum við Hrafninnusker og jeppar sóttir. Þaðan er haldið til baka en nú yfir Pokahrygg. Þaðan er gengið að Rauðauga og Rauðárfossum, og sama leið til baka. Ekið er heim um Dómadalsleið norðan Heklu.

Verð: 42.000/47.000. Innifalið: Gisting í Dalakofa og fararstjórn.

NORÐURLAND

S37 Í fótspor Konrads Maurers norður Sprengisand og um Norðurland. 1 skór

2.- 4. september, 3 dagar

Fararstjórn: Sigurjón Pétursson og Jóhann J. Ólafsson.

Sögumaður: Einar Kárasen.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá Reykjavík.

Í þessari ferð er haldið í fótspor Maurers norður Sprengisand og um Norðurland. Byrjað er á því að fara í Hálendismiðstöðina í Hrauneyjum en síðan haldið inn á Sprengisand og allt norður í Nýjadal þar sem snæddur verður hádegisverður. Eftir hádegi er haldið áfram norður og ekið að Kiðagili þar sem stoppað er í eftirmiðdagskaffi. Síðan haldið í Bárðardal, næturgisting á Húsavík. Næsta dag er fylgt í fótspor Maurers um Eyjafjörð og Skagafjörð. Þá verður m.a. farið að Möðruvöllum og Hólum og sýndarveruleikasýningin *Sturlungaöld* heimsótt. Næturgisting á Sauðárkróki. Eftir morgunverð er haldið yfir Þverárfjall. Komið við á fæðingarstað Jóns Árnasonar þjóðsagnasafnara en Maurer og Jón voru mikli vinir og samstarfsmenn. Áður en þessari ferð í fótspor Maurers lýkur við Fjarðarhorn í Hrútafirði, verður litið við á Þingeyrum, í Vatnsdal og á Breiðabólstað í Vesturhópi. Haldið til Reykjavíkur.

Verð: 180.000/185.000. Innifalið: Rúta, hádegisverðir x3, eftirmiðdagskaffi x2, kvöldverðir x2, gisting x2, veglegur ferðabæklingur og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

S38 Haustferð í Þórsmörk: Kvennaferð 2 skór

23.- 25. september, 3 dagar

Fararstjórn: Valgerður Húnbogadóttir.

Brottför: Kl. 14 með rútu frá Reykjavík.

Komdu með okkur í stórskemmtilega stelpuferð í ævintýraparadísina Þórsmörk þegar hún skartar sínum fallegu haustlitum. Gist í skála og grillað. Tilvalin leið til að lengja sumarið og njóta haustsins á sama tíma.

1.d., laugard. Við komum okkur fyrir í skálanum í Langadal og förum í göngu á Valahnúk. Að göngu lokinni eldum við saman og eigum notalega kvöldstund. Hækkun: 220 m. Göngutími: 1,5 klst.

2.d. Eftir morgunbollann höldum við af stað í sjálfan Tindfjallahringinn. Gönguleiðin er þekkt fyrir fegurð sína og fjallasýn. Við grípum Rjúpnafellið með - rúsínuna í pylsuendanum, sem opnar enn víðara útsýni fyrir okkur. Grill um kvöldið. Ganga: 16 km. Hækkun: 750 m. Göngutími: 6-7 klst.

3.d. Þökkum niður og göngum vel frá í skála. Góðar teygjur áður en haldið er í Hvannárgil og á Réttarfellið sem er í Goðalandi.

Ganga: 6 km. Hækkun: 260 m. Göngutími: 2,5-3 klst.

Verð: 50.000/55.000. Innifalið: Rúta, gisting og fararstjórn.

DEILDARFERÐ - FERÐAFÉLAG ÁRNESINGA

Þórsmörk 2 skór

30. september - 1. október.

Helgarferð. Gengið um Þórsmörkina báða dagana.

Sjá nánar um ferð og bókun bls. 106

FERÐAFÉLAG BARNANNA

B01 Stjörnu- og norðurljósaskoðun. Með fróðleik í fararnesti 23. janúar, mánudagur

Brottför: Kl. 20. Nánari staðsetning auglýst síðar á Fésbók og heimasíðu FÍ.

Sævar Helgi Bragason, stjörnumiðlari frá Háskóla Íslands, svarar spurningum um norðurljósinn, stjörnurnar og vetrarbrautina í gönguferð sem helguð er himingeimnum. Nauðsynlegt er að klæða sig mjög vel og gott er að taka með sjónauka, nesti og heitt á brúsa. 2 klst. Ef ekki viðrar til himinskoðunar þennan dag er ferðinni frestað þar til góðar aðstæður skapast og það auglýst á Fésbók og heimasíðu FÍ og HÍ.

Hluti af samstarfsverkefni Ferðafélags Íslands og Háskóla Íslands: Með fróðleik í fararnesti.

Verið öll velkomin, þátttaka ókeypis.

Ekkert að panta, bara mæta! 😊

B02 Snjóhúsa- og sleðaferð 19. febrúar, sunnudagur

Mæting: Kl. 12, þar sem snjó er að finna. Nánari staðsetning auglýst síðar á Fésbók og heimasíðu FÍ.

Við leikum okkur í snjónum, byggjum snjóhús, rennum okkur á sleðum og njótum þess að vera úti í vetrarveðri. Vonandi verður nóg af snjó til að byggja snjóhús, inngráfin eða grænlenk og svo verður hægt að borða nestið í snjóhúsinu ef vel tekst til.

Mikilvægt er að mæta mjög vel klædd, með skóflur og ljós, sleða eða þoturassa að ógleymdu heitu kakói og góðu nesti. 2-3 klst.

Fyrir féлага FÍ og fjölskyldur þeirra.

Ekkert að panta, bara mæta! 😊

B03 Fuglaskoðun. Með fróðleik í fararnesti 22. apríl, laugadagur

Mæting: Kl. 11 í fjöru á höfuðborgarsvæðinu. Nánari staðsetning auglýst síðar á Fésbók og heimasíðu FÍ.

Þegar farfuglarnir flykkjast heim til Íslands er vorið komið og sumarið á næsta leiti. Sölvi Rúnar Vignisson, fuglafræðingur frá Háskóla Íslands mun leiða ferð um fjöru á höfuðborgarsvæðinu þar sem fuglarnir safnast saman. Gott er að koma með sjónauka og gjarnan fuglabækur. 2 klst.

Hluti af samstarfsverkefni Ferðafélags Íslands og Háskóla Íslands: Með fróðleik í fararnesti.

Verið öll velkomin, þátttaka ókeypis.

Ekkert að panta, bara mæta! 😊

B04 Fjöruferð á Eyrar NÝTT

6. maí, laugardagur

Mæting: Kl. 12 á bílastæði við gömlu höfnina á Eyrarbakka.

Við skoðum ýmsar lífverur fjörunnar, grúskum og leitum að kröbbum og öðrum smádýrum, greinum þörungum og fleira, í skemmtilegri fjöruferð á Eyrarbakka og Stokkseyri, þar sem er fjölbreytt dýra-, fugla- og plöntulíf.

Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur og fjöruhlalli með meiru mun leiða gönguna.

Gott er að mæta vel klæddur, í stígvélum og með fötur eða glær ílát til að safna hinum ýmsu lífverum. Ekki gleyma nesti. 2-3 klst.

Fyrir féлага FÍ og fjölskyldur þeirra.

Ekkert að panta, bara mæta! 😊

B05 Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Úlfarsfell NÝTT

15. maí, mánudagur

Farastjórn: Hrönn Vilhjálmsdóttir og Hörður Ingþór Harðarson.

Brottför: Kl. 17 frá bílastæðinu við Úlfarsfell Mosfellsbæjar megin.

Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar fer af stað á ný. Gengið

verður á sex fjöllum þetta árið, þrjú að vori og þrjú að hausti.

Verkefninu lýkur með göngu á Sogin, Spákonuvatn og Grænavatn.

Þau sem ganga á öll fjöllin fá viðurkenningaskjal og titilinn

Fjallagarpur Ferðafélags barnanna.

Fyrsta gangan af sex í fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar er á

Úlfarsfell sem er þægilegt og aðgengilegt. Farið verður rólega og ætti gangan því að vera við allra hæfi. Muna eftir nesti og góðum skóm. 2-2,5 klst.

Fyrir féлага FÍ og fjölskyldur þeirra.

Ekkert að panta, bara mæta! 😊

B06 Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Reykjafell

24. maí, miðvikudagur

Farastjórn: Hrönn Vilhjálmsdóttir og Hörður Ingþór Harðarson.

Brottför: Kl. 17 á einkabílum frá N1 í Mosfellsbæ.

Önnur gangan af sex í Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar. Gangan á Reykjafell í Mosfellsbæ er stutt og skemmtileg og hentar öllum fjölskyldumeðlimum.

Þessi leið er kjörin til að byggja upp göngugleði fjölskyldunnar fyrir ævintýri sumarsins. Af Reykjafelli er fallett útsýni til allra átta. Þau sem ganga á öll fjöllin fá viðurkenningaskjal og titilinn Fjallagarpur Ferðafélags barnanna.

Muna eftir nesti og góðum skóm. 2-3 klst.

Fyrir féлага FÍ og fjölskyldur þeirra.

Ekkert að panta, bara mæta! 😊

B07 Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Þyrill NÝTT

3. júní, laugardagur

Farastjórn: Hrönn Vilhjálmsdóttir og Hörður Ingþór Harðarson.

Brottför: Kl. 11 á einkabílum frá N1 í Mosfellsbæ.

Þriðja gangan af sex í Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar. Gangan á Þyril er alvöru ganga fyrir duglega krakka í stórbrotnu umhverfi. Fjölbreytt gönguleið sem bíður uppá stórkostlegt útsýni yfir Hvalfjörð og fjallahringinn þar í kring. Þau sem ganga á öll fjöllin fá viðurkenningaskjal og titilinn Fjallagarpur Ferðafélags barnanna. Muna eftir nesti og góðum skóm. 4-5 klst. með akstri.

Fyrir félagi FÍ og fjölskyldur þeirra.

Ekkert að panta, bara mæta! 😊

B08 Þöddulíf í Elliðaárdal. Með fróðleik í fararnesti

13. júní, þriðjdagur

Brottför: Kl. 18 frá gömlu rafstöðinni við Elliðaár.

Viltu sjá þöddur í návígi? Skordýr eru fjölbreyttasti flokkur dýra á jörðinni og á Íslandi hefur skordýrum fjölgað undanfarin ár af ýmsum ástæðum. Gísli Már Gíslason, skordýrafræðingur fræðir okkur um heim skordýranna. Takið með ílát og stækkunargler ef þið eigið.

Hluti af samstarfsverkefni Ferðafélags Íslands og Háskóla Íslands: Með fróðleik í fararnesti.

Verið öll velkomin, þátttaka ókeypis.

Ekkert að panta, bara mæta! 😊

HORNSTRANDIR

B09 Refir, sjóböð og ævintýri í Hlöðuvík NÝTT

1.-5. júlí, 5 dagar

Fararstjórn: Lilja Dögg Guðmundsdóttir og Steinunn Leifsdóttir.

Mæting: Kl.12:30 á bryggjuna í Norðurfirði. Brottför: Kl. 13.

Fjögurra daga fjölskylduferð í Hlöðuvík þar sem þátttakendur fara í gönguferðir um stórbrotna náttúru Hlöðuvíkur. Skálakambur, Kjaransvíkurskarð, Atlaskarð, Hlöðuvíkurós og Ólafsdalur eru áfangastaðir sem henta fólki á öllum aldri. Göngum, förum í leiki á ströndinni, njótum útiveru og komum jafnvel auga á refi og seli í sínu náttúrulega umhverfi. Ef veður leyfir förum við kannski í sjósund. Á kvöldin verður áhersla lögð á kvöldvökur, leiki og samveru.

1.d., laugard. Mæting á bryggjuna í Norðurfirði Kl. 12:30. Siglum til Hlöðuvíkur. Komum okkur fyrir, borðum og skoðum nánasta umhverfi. Förum í skoðunarleiðangur að Hlöðuvíkurós, 2-3 km. Sjósund fyrir þá sem vilja og leikur í sandfjörunni. Kvöldverður, spil og samvera fram að háttatíma.

2.d. Upphitun og teygjur kl. 10, áður en haldið er á Skálakamb (350 m), veðurskilyrði munu leiða í ljós hvort gengið verður að Atlaskarði (327 m) eða niður í Hælavík. Göngutími: 5-7 tímar. Útileikir og refaskoðun. Kvöldmatur, spil og samvera.

3.d. Upphitun og teygjur kl. 10. Göngum að Grásteini í Kjaransvík og þaðan upp í Kjaransvíkurskarð. Göngutími: 6-7 klst. Stoppum í sandfjörunni í bakaleið, buslum í sjónum og leikum okkur á ströndinni. Kvöldmatur, útileikir ef veður leyfir.

4.d. Upphitun og teygjur Kl.10. Gengið inn í Ólafsdal og draugurinn Indriði heimsóttur. Göngutími: 3-4 klst. Kvöldvökuundirbúningur og frjáls leikur. Kvöldmatur, kvöldvaka og varðeldur.

5.d. Heimferð - Bátsferð frá Hlöðuvík Kl.12.

Verð: 125.000/130.000. Hálf verð fyrir yngri en 18 ára. Innifalið: Sigling, gisting og farastjórn.

STRANDIR

B10 Ævintýri á Ströndum NÝTT

6. - 9. júlí, 4.dagar

Fararstjórn: Hrönn Vilhjálmsdóttir og Hörður Ingþór Harðarson.

Mæting: Kl. 15 á einkabílum (jeppum) að Valgeirsstöðum í Norðurfirði. Ferðafélag barnanna heldur á slóðir víkinga á ströndum þar sem ævintýrin leynast víða. Þessi magnaði staður hefur uppá margt að bjóða en stefnan er sett á gönguferðir, sjósund, leiki, að skoða gamla síldarverksmiðju, halda fjöruleika, kveikja eld, fara í sund í hinni ævintýrlegu Krossneslaug og margt fleira. Kvöldin eru svo nýtt í spil, sögustundir og kvöldvökur þar sem þátttakendur geta látið ljós sitt skína.

1.d., fimmtud. Komið að Valgeirsstöðum um kl. 15. Allir koma sér fyrir og heilsa nýjum ferðafélögum. Sundferð í Krossneslaug.

2.d. Gengið að Drynjanda sem er ótvírætt í flokki fegurstu fossa landsins. Keyrt er að göngubrúnni yfir Hvalá og gengið þaðan meðfram ánni og að fossinum þar sem við borðum nesti áður en haldið er til baka í bílana. Gangan er í kringum 6 km og tekur um 4 klst.

3.d. Bíltúr í Ingólfsfjörð þar sem við skoðum gamla síldarverksmiðju. Fjöruleikar verða haldnir í fjörunni þar sem keppt verður í ýmsum þrautum. Grillveisla og kvöldvaka.

4.d. Eftir frágang og brottför verður ekið að Reykjaneshyrnu og gengið þar upp. Tilvalið að stoppa svo í sundi á leiðinni heim. Verð: 55.000/60.000. Hálf verð fyrir yngri en 18 ára. Innifalið: Gisting, 1x sund og farastjórn.

AUSTURLAND

B11 Tröll og töfrandi litir: Í Lónsöræfum

14.-17. júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Ingibjörg Jónsdóttir.

Brottför: Kl. 9:30 með sérútbúnum bílum frá Höfn í Hornafirði.

Ferð um eitt fallegasta svæði landsins, Lónsöræfi. Ævintýrleg ferð þar sem gengið er um litskrúðug fjöll, niður brattar skriður og um stórbrotna Tröllakróka. Ekki ferð fyrir lofthrædda en duglegir krakkar sem hafa gaman af alvöru útivist og ævintýrum munu eiga ógleymanlega daga með fjölskyldunni. Svefnpokagisting í Múlaskála í þrjár nætur.

1.d., föstud. Ekið upp á hinn alræmda Illakamb þaðan sem gengið er í tæpan klukkutíma í Múlaskála með allan farangur á bakinu.

Stutt ganga til að anda að okkur umhverfinu.

2.d. Gengið um Leiðartungur að hinum ægífögru og hrikalegu Tröllakrókum. Nokkuð þægileg ganga að mestu leyti en á nokkrum stöðum þarf að fara niður brattar brekkur og styðjast við kaðla og keðjur. Ævintýraför fyrir börn og fullorðna. Leikir í skála.

3.d. Gengið að tröllkonunni Flumbru í Flumbrugili og í Víðibrekksker. Ótrúleg litadýrð, berggangar og undur náttúrunnar eins og þau gerast fallegust. Kvöldvaka.

4.d. Tekið saman og gengið upp á Illakamb þar sem jepparnir bíða hópsins.

Verð: 75.000/80.000. Hálftréð fyrir yngri en 18 ára. Innifalið: Akstur, gisting og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

B12 Fjölskylduganga um Laugaveginna I

19.-23. júlí, 5 dagar

Fararstjórn: Hrönn Vilhjálmsdóttir og Hörður Ingbór Harðarson.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá Reykjavík.

Fjölskyldunni gefst hér tækifæri til að ganga saman þessa vinsælustu leið landsins, í ferð sem er skipulögð með börn og unglinga í huga. Áhersla er lögð á að fara ekki of hratt yfir, skemmtilegar samverustundir á kvöldin og leyfa börnum og foreldrum að njóta samvista án rafrænna truflana. Glens og gaman í bland við fræðslu er aðalsmerki ferðarinnar. Umfram allt eru börnin í fyrirrími, þau fá að njóta sín og öll fræðsla er á máli sem þau skilja. Farangur og matur er trússaður á milli skála.

1.d., miðvikud. Gengið frá Landmannalaugum í skálann í Hrafninnuskeri. Göngutími: 5-6 klst.

2.d. Gengið um Kaldaklofsfjöll og gist í Álftavatni. Göngutími 6-7 klst.

3.d. Haldið yfir ár og sanda í skálann á Emstrum. Göngutími: 7-8 klst.

4.d. Gengið yfir æsilega brú og vaxandi gróðurlendi niður í Langadal í Þórsmörk. Áfanganum fagnað með hoppi og hli og ærlegri kvöldvöku. Göngutími: 7-8 klst.

5.d. Morgunganga eða leti. Rúta til Reykjavíkur um hádegi. Verð: 90.000/95.000. Hálftréð fyrir yngri en 18 ára. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

AUSTURLAND

B13 Með álfum og huldufólki: Víknaslóðir

21.-24. júlí, 4 dagar

Fararstjórn: Ingibjörg Jónsdóttir.

Brottför: Kl. 9:30 með rútu frá Egilsstaðaflugvelli.

Gengið um slóðir álfa og huldufólks á stórkostlega fallegu svæði með ótrúlegri fjallasýn. Skemmtileg ganga fyrir alla fjölskylduna. Þjóðsögur, leikir, kvöldvökur og frelsi náttúrunnar í lykilhlutverki. Svefnpokagisting í skálum í þrjár nætur og farangur trússaður á milli skála.

1.d., föstud. Ekið með rútu til Borgarfjarðar eystri og gengið þaðan til Breiðuvíkur þar sem dásamlegt er að hvíla lúin bein.

2.d. Úr Breiðuvík er gengið um fallega náttúruparadís, í námunda við Hvítserk og endað í Húsavík.

3.d. Gengið yfir Nesháls og gíst í notalegum skála í Loðmundarfirði.

4.d. Gengið upp á Hjalmarðalsheiði og niður í Seyðisfjörð þar sem rútan bíður okkar.

Verð: 78.000/83.000. Hálft verð fyrir yngri en 18 ára. Innifalið:

Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

B14 Fjölskylduganga um Laugaveginna II

26.-30. júlí, 5 dagar

Brottför: Kl. 8 með rútu frá Reykjavík.

Fjölskyldunni gefst hér tækifæri til að ganga saman þessa vinsælustu leið landsins, í ferð sem er skipulögð með börn og unglinga í huga. Áhersla er lögð á að fara ekki of hratt yfir, skemmtilegar samverustundir á kvöldin og leyfa börnum og foreldrum að njóta samvista án rafrænna truflana. Glens og gaman í bland við fræðslu er aðalsmerki ferðarinnar. Umfram allt eru börnin í fyrirrúmi, þau fá að njóta sín og öll fræðsla er á máli sem þau skilja. Farangur og matur er trússaður á milli skála.

1.d., miðvikud. Gengið frá Landmannalaugum í skálann í Hrafninnuskeri. Göngutími: 5-6 klst.

2.d. Gengið um Kaldaklofsfjöll og gíst í Álftavatni. Göngutími: 6-7 klst.

3.d. Haldið yfir ár og sanda í skálann á Emstrum. Göngutími: 7-8 klst.

4.d. Gengið yfir æsilega brú og vaxandi gróðurlendi niður í Langadal í Þórsmörk. Áfanganum fagnað með hoppi og hli og ærlegri kvöldvöku. Göngutími 7-8 klst.

5.d. Morgunganga eða leti. Rúta til Reykjavíkur um hádegi. Verð: 90.000/95.000. Hálft verð fyrir yngri en 18 ára. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

HÁLENDIÐ

B15 Fjölskylduganga um Laugavegin III

2.- 6. ágúst, 5 dagar

Fararstjórn: Auður Kjartansdóttir.

Brottför: Kl. 8 með rútu frá Reykjavík.

Fjölskyldunni gefst hér tækifæri til að ganga saman þessa vinsælustu leið landsins, í ferð sem er skipulögð með börn og unglinga í huga. Áhersla er lögð á að fara ekki of hratt yfir, skemmtilegar samverustundir á kvöldin og leyfa börnum og foreldrum að njóta samvista án rafrænna truflana. Glens og gaman í bland við fræðslu er aðalsmerki ferðarinnar. Umfram allt eru börnin í fyrirrími, þau fá að njóta sín og öll fræðsla er á máli sem þau skilja. Farangur og matur er trússaður á milli skála.

1.d., miðvikud. Gengið frá Landmannalaugum í skálann í Hrafninnuskeri. Göngutími: 5-6 klst.

2.d. Gengið um Kaldaklofsfjöll og gist í Álftavatni. Göngutími: 6-7 klst.

3.d. Haldið yfir ár og sanda í skálann á Emstrum. Göngutími: 7-8 klst.

4.d. Gengið yfir æsilega brú og vaxandi gróðurlendi niður í Langa-dal í Þórsmörk. Áfanganum fagnað með hoppi og hli og ærlegri kvöldvöku. Göngutími: 7-8 klst.

5.d. Morgunganga eða leti. Rúta til Reykjavíkur um hádegi. Verð: 90.000/95.000. Hálftréð fyrir yngri en 18 ára. Innifalið: Rúta, gisting, trúss og fararstjórn.

B16 Sveppasöfnun í Heiðmörk. Með fróðleik í fararnesti

24. ágúst, fimmtudagur

Brottför: Kl. 17 á einkabílum frá bílastæði við Rauðhóla.

Sveppir eru sælgæti en það er betra að þekkja þá góðu frá þeim vondu og eitruðu! Gísli Már Gíslason og fleiri sveppasérfræðingar frá Háskóla Íslands kenna okkur að þekkja matsveppi og aðferðir við að geyma þá og matreiða í fjörugri sveppagönguferð. Þátttakendur eru hvattir til að taka með sér sveppabækur og ílát. Ekið í halarófu frá bílastæðinu við Rauðhóla lengra inn í Heiðmörkina. 2 klst. Hluti af samstarfsverkefni Ferðafélags Íslands og Háskóla Íslands: Með fróðleik í fararnesti.

Verið öll velkomin, þátttaka ókeypis.

Ekkert að panta, bara mæta! 🍄

B17 Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Ásfjall í Hafnarfirði

NÝTT

30. ágúst, miðvikudagur

Fararstjórn: Hrönn Vilhjálmsdóttir og Hörður Ingbór Harðarson. Brottför: Kl. 17 frá Ásvallalaug í Hafnarfirði.

Fjórdá fjallgangin af sex í Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar. Eftir gott sumarfrí göngum við í kringum hina fallegu Ástjörn í Hafnarfirði og á Ásfjall sem einhverjir segja að sé lægsta fjall Íslands. Þrátt fyrir að Ásfjall sé ekki ýkja hátt eða einungis um 127 m. er frábært útsýni af því yfir höfuðborgarsvæðið. Tilvalið að skella sér í sund að göngu lokinni. Þau sem ganga á öll fjöllin fá viðurkenningaskjal og titilinn Fjallagarpur Ferðafélags barnanna. Muna eftir nesti og góðum skóm. 2 klst.

Fyrir félagi FÍ og fjölskyldur þeirra.

Ekkert að panta, bara mæta! 🍄

B18 Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Vífilsfell **NÝTT**

7. september, fimmtudagur

Fararstjórn: Hrönn Vilhjálmsdóttir og Hörður Ingþór Harðarson.
Brottför: Kl. 16:30 frá Olís Norðlingaholti.

Fimmta gangan af sex í Fjallagarpaverkefninu er á hið hnarreista Vífilsfell sem er allt í senn krefjandi, fjölbreytt og skemmtilegt. Þetta er alvöru fjall fyrir unga fjallagarpa enda um 665 m. Nú þarf að muna eftir góðum skóm, uppáhalds nestinu og vatni. Það má hitta okkur við upphafsstað göngunnar við bílastæði við Bolöldur, þar sem gangan hefst kl. 17. Þau sem ganga á öll fjöllin fá viðurkenningaskjal og titilinn Fjallagarpur Ferðafélags barnanna. Muna eftir nesti og góðum skóm. 3-4 klst. Fyrir félagi FÍ og fjölskyldur þeirra.
Ekkert að panta, bara mæta! 😊

B19 Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar: Sogin, Spákonuvatn og Grænavatn **NÝTT**

17. september, sunnudagur

Fararstjórn: Hrönn Vilhjálmsdóttir og Hörður Ingþór Harðarson.
Brottför: Kl. 10 frá Lækjarskóla Hafnarfirði.
Sjötta og síðasta gangan í Fjallagarpaverkefni fjölskyldunnar. Fjölbreytt ganga um lítríkt og skemmtilegt umhverfi þar sem ævintýrin bíða okkar. Gangan: um 6 km. Hækkun um 400 m. Þau sem ganga á öll fjöllin fá viðurkenningaskjal og titilinn Fjallagarpur Ferðafélags barnanna. Muna eftir nesti og góðum skóm. 4-5 klst. með akstri. Fyrir félagi FÍ og fjölskyldur þeirra.
Ekkert að panta, bara mæta! 😊

B20 Hrekkjavaka í skóginum **NÝTT**

25. október, miðvikudagur

Mæting: Kl. 17 á einkabílum við Elliðavatnsbæinn í Heiðmörk. Skógræktarfélag Reykavíkur bíður Ferðafélagi barnana í heimsókn í Heiðmörk. Hrekkjavökusmiðja í draugasalnum þar sem útbúið verður hryllilegt hrekkjavökuskraut áður en haldið verður í draugagöngu að varðeldi í Rjóðrinu. Mikilvægt er að klæða sig vel, vera í góðum skóm og taka með gott nesti. 2 tímar. Fyrir félagi FÍ og fjölskyldur þeirra.
Ekkert að panta, bara mæta! 😊

B21 B18 Ljósaganga og jólasveinar

27. desember, miðvikudagur

Brottför: Kl. 17:30 frá bílastæðinu við Kaffi Nauthól í Nauthólsvík. Mætum í gönguna með stjörnuljós, vasaljós eða höfuðljós og göngum svo fylktu liði frá Nauthólsvík um dimma skógarstíga Öskjuhlíðarinnar. Söngur og gleði og mögulega leynast jólasveinar í skóginum. 1½ klst. Fyrir félagi FÍ og fjölskyldur þeirra.
Ekkert að panta, bara mæta! 😊

DEILDARFERÐIR

FERÐAFÉLAG AKUREYRAR

Heimasíða: www.ffa.is

Netfang: ffa@ffa.is

Sími: 462 2720

Á árinu 2023 býður Ferðafélag Akureyrar upp á hreyfi-verkefni. Fyrirhuguð verkefni eru fjallaskíðanámskeið, skíðagöngunámskeið, núvitund í náttúrunni og náttúruhlaup að hausti. Einnig verða í boði gönguverkefni af mismunandi erfiðleikastigum eins og undanfarin ár, m.a. fyrir þá sem vilja byrja að ganga á fjöll eða vilja koma sér í form fyrir sumarið auk annarra spennandi verkefna fram á vetur. Jafnframt er unnið að því að þróa söguferðir og verða væntanlega nokkrar í boði sumarið 2023. Ferðakynningar verða með nýju sniði og verða þær kynntar jafnóðum.

Nánar á heimasíðu FFA www.ffa.is.

Út í óvissuna á nýársdag 1 skór

1. janúar, sunnudagur

Brottför: Kl. 13 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Grétar Grímsson.

Þátttaka ókeypis.

Bakkar Eyjafjarðarar: Skíðaganga 1 skíðaskór

4. febrúar, laugardagur

Brottför: Kl. 11 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Teitsson.

Ferðin hefst á bílastæðinu neðan við Kaupang og er gengið að Eyjafjarðarar og síðan suður bakka árinna að brúnni hjá Hrafnagili. Á leiðinni heyrur við sögur af fólki og dáumst að fögru útsýninu. Þægileg gönguleið á flötu landi. Selflytja þarf bíla milli upphafs- og endastaðar. Ferð fyrir alla.

Vegalengd 10 km.

Þátttaka ókeypis.

Baugasel í Barkárdal: Skíðaganga 2 skíðaskór

11. febrúar, laugardagur

Brottför: Kl. 10 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Anke Maria Steinke.

Gangan hefst við Bug í Hörgárdal. Fremur létt og þægileg leið

fram að eyðibýlinu Baugaseli en þar er lítið safn gamalla muna.

Gil og rústir skoðuð á leiðinni. Sama leið farin til baka.

Vegalengd alls 12-13 km. Gönguhækkun 80 m.

Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn

Galmaströnd: Skíðaganga 2 skíðaskór

18. febrúar, laugardagur

Brottför: Kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Frímann Guðmundsson.

Gengið er frá Syðri-Reistarar og niður undir sjó. Síðan norður til Hjalteyrar og skoðað hvaðan við fáum heita vatnið. Svo út Arnarnesnafir og aftur að Reistarar um Bjarnarhól.

Vegalengd alls 12-13 km. Gönguhækkun lítil.

Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn.

Súlumýrar: Skíðaganga 2 skíðaskór

25. febrúar, laugardagur

Brottför: Kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Frímann Guðmundsson.

Gangan hefst við afleggjarann í Fálkafell og er haldið þaðan upp Sigurðargil og á Súlumýrar. Þar er frábært skíðagöngusvæði og má finna leiðir við allra hæfi.

Vegalengd alls 12-13 km. Gönguhækkun 300 m.

Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn.

Skíðadalur: Skíðaganga 2 skíðaskór

4. mars, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Kristján E. Hjartarson.

Ekið að hliði innan við bæinn Þverá í Skíðadal og gengið þaðan inn að Sveinstöðum með viðkomu í Stekkjarhúsum eða eftir því sem færð leyfir. Dalurinn er frábært skíðasvæði og mjög fallegur í vetrarbúningi.

Vegalengd alls 13-14 km. Gönguhækkun 200 m.

Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn.

Þorvaldsdalur: Skíðaganga 2 skíðaskór

11. mars, laugardagur

Brottför: Kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Fjóla Kristín Helgadóttir.

Ekið að Stærri-Árskógi. Þaðan er gengið á gönguskíðum að skál-anum Derri í vestanverðum Þorvaldsdal og til baka sömu leið.

Vegalengd alls 18-19 km. Gönguhækkun 150 m.

Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn.

Illugastaðir - Sörlastaðir: Skíðaganga 2 skíðaskór

18. mars, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Teitsson.

Ekið að Fnjóskárbrú hjá Illugastöðum og gengið inn Fnjóskadal fram hjá eyðibýlum að Sörlastöðum, en þangað er um 10 km ganga. Sama leið gengin til baka. Á leiðinni verða sagðar sögur af svæðinu og dáðst að stórfenglegu útsýninu í fremsta hluta Fnjóskadals. Vegalengd alls 19-20 km. Gönguhækkun 90 m. Verð: 3.000/4.500. Innifalið: Fararstjórn.

Stöng - Þverá: Skíðaganga 2 skíðaskór

25. mars, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Teitsson.

Ekið austur á Mývatnsheiði að afleggjaranum í Stöng þar sem bílarnir eru skildir eftir. Rúta sækir hópinn svo að Þverá og flytur að bílunum.

Gengið austan Mátvatns, upp á Ljósstaðahall og síðan norður mýrina. Á leiðinni eru rifjaðar upp slysfarasögur við Hallgrímslág og Skollhóla. Ferðin endar við bæinn Þverá í Laxárdal. Mikið útsýni er af Laxárdalsheiðinni.

Vegalengd 17 km. Gönguhækkun 60 m.

Verð: 9.500/11.000. Innifalið: Fararstjórn og rúta.

Mosi í Böggvisstaðadal: Skíðaganga 3 skíðaskór

1. apríl, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Kristján E. Hjartarson.

Ekið til Dalvíkur að skíðaskálanum í Böggvisstaðafjalli. Þaðan er skíðað upp í Böggvisstaðadal og áfram inn dalinn, fram hjá Dalakofanum sem er áningarskáli og kúrir undir Grímubrekku. Áfram er haldið í áfangastað sem er skálinn Mosi. Sama leið farin til baka. Vegalengd alls 15 km. Gönguhækkun 650 m. Greiða þarf aðstöðugjald í Mosa.

Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn.

Þeistareykjabunga - Þeistareykir: Skíðaganga 2 skíðaskór

15. apríl, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Sigurgeir Sigurðsson.

Ekið að svæðinu við Þeistareykjaskálann þar sem gangan hefst. Þeistareykjabunga er ein stærsta dyngja landsins en upptök hennar eru í Stóra-Víti. Gengið verður upp í Bóndhólsskarð, að Litla-Víti sem er mjög sérstakt og áfram að Stóra-Víti. Síðan er gengið á hæsta punkt Þeistareykjabungu, þaðan sem víðáttumikil hraun hafa runnið og víðsýnt er um svæðið. Vegalengd alls 15 km. Gönguhækkun 200 m. Verð: 3.000/4.500. Innifalið: Fararstjórn.

Glerárdalur - Lambi: Skíðaganga 3 skíðaskór

22. apríl, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Bernard Gerritsma og Bóthildur Sveinsdóttir.

Gangan hefst á bílastæðinu við Súluveg. Gengið er inn að Lamba, skála FFA á Glerárdal og sama leið farin til baka. Á leiðinni njóta þátttakendur dásemda fjallahringsins á útivistarsvæði Akureyringa.

Vegalengd alls 22 km. Gönguhækkun 440 m.

Þátttaka ókeypis.

Laugafell: Skíðaganga 4 skór

28. - 30. apríl, helgarferð

Brottför: Kl. 13 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Aðalsteinn Árnason.

Um er að ræða þriggja daga vetrarferð sem krefst viðeigandi vetrarbúnaðar. Gist verður í skálunum Berglandi og Laugafelli.

1.d., föstudagur: Hólsgerði – Bergland

Ekið að Hólsgerði og skíðin spennt á gönguhópinn.

Vegalengd 15 km. Hækkun 840 m.

2.d., laugardagur: Bergland – Laugafell

Vegalengd um 20 km. Gönguhækkun óveruleg.

Ef veður er gott þá verður gengið um Sesseljúbæ í Geldingsárdrögum á leiðinni í Laugafell. Laugin í Laugafelli bíður ylvolg eftir lúnum göngumönnum

3.d., sunnudagur: Laugafell – Hólsgerði. Vegalengd 35 km, töluvert undan fæti í lok dags. Stefnt á að vera komin að fremsta bæ í Eyjafirði fyrir myrkur.

Um vetrarferð er að ræða og þurfa þátttakendur að vera útbúnir samkvæmt því. Nauðsynlegur búnaður eru utanbrautarskiði með stálköntum, hlýr fatnaður, hlýir skór, bakpoki eða púlka.

Verð: 10.000/13.500. Innifalið: Fararstjórn og gisting í tvær nætur.

Kaldbakur í Eyjafirði: Skíða- eða gönguferð 3 skór

1. maí, mánudagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Marjolijn van Dijk.

Kaldbakur er ein af perlum Eyjafjarðar með útsýni allt austur á Langanes og inn á hálendi Íslands. Fjallið er talið vera ein af orku-stöðvum Íslands og ferð upp á fjallið er ógleymanleg lífsreynsla. Þar er stór landmælingavarða hlaðin af dönskum landmælinga-mönnum 1914.

Vegalengd alls 12-13 km. Gönguhækkun 1140 m.

Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn.

Haus í Staðarbyggðarfjalli 2 skór

6. maí, laugardagur

Brottför: Kl. 10 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Þuríður H. Kristjánsdóttir.

Ekið er að sumarhúsinu Seli þaðan sem lagt er af stað í gönguna.

Gengið eftir stíkaðri leið upp brekkurnar að vörðunni sem er á Haus en hann er fyrsti áfanginn á leiðinni á Uppsalahnjúk. Mikið og fagurt útsýni er af Haus. Stutt ganga.

Vegalengd 3,3 km. Gönguhækkun 270 m.

Þátttaka ókeypis.

Sauðárkrókur - Reykjaströnd: Sögu-, göngu- og menningarferð 1 skór

13. maí, laugardagur

Brottför: kl. 8 með rútu frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingibjörg Elín Jónasdóttir.

Ekið að vesturósi Héraðsvatna og gengið þaðan til Sauðárkróks þar sem elsti bæjarhlutinn verður skoðaður. Því næst er gengið upp á Nafirnar og eftir þeim að Sauðárgili. Farið verður niður í gilið og gengið í gegnum Litla-Skóg. Fólk fær tíma til að skoða sig um á Króknum og fá sér að borða og gera annað sem það hefur áhuga á. Því næst er ekið út Reykjaströnd að Reykjum. Þátttakendur geta valið um að ganga með fararstjóra um Reykjadisk eða fara í Grettislaug. Sundföt eru nauðsynleg ef fólk vill fara í laugina, aðgangseyrir í laugina er 2.000 kr.

Verð: 18.000/20.000. Innifalið: Fararstjórn og rúta.

Fuglaskoðunarferð um Eyjafjörð 1 skór

20. maí, laugardagur

Brottför: Kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Jón Magnússon og Sverrir Thorstensen.

Árleg fuglaskoðunarferð FFA undir leiðsögn kunnáttumanna, nú sem oftast um Eyjafjörðinn þar sem reynt verður að slá fyrri met í tegundafjölda fundinna fugla. Þátttakendur fylgja fararstjórum á valda staði þar sem fuglalífið verður skoðað. Stefnt er að því að finna álftahreiður, skeiðönd, grafönd, flórgoða jafnvel gargönd og margar fleiri tegundir.

Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn.

Strýta 3 skór

27. maí, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Viðar Örn Sigmarsson.

Gengið frá Skíðastöðum og upp Mannshrygg á Hlíðarfjall.

Síðan er gengið inn eftir fjallinu og upp á Strýtu þar sem útsýni er mikið. Sama leið gengin til baka. Nauðsynlegt er að hafa jöklabrodda meðferðis.

Vegalengd alls 14 km. Gönguhækkun um 900 m.

Verð: 3.000/4.500. Innifalið: Fararstjórn.

Frá Hrauni að Hraunsvatni 2 skór

3. júní, laugardagur

Brottför: Kl. 10 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Hulda Jónsdóttir.

Gangan hefst hjá Hrauni í Öxnadal. Gengin er stíkuð leið frá bænum upp grasi gróna brekku og móa. Við tekur ævintýrlegt landslag undir Drangafjalli en lægðin þar nefnist Drangabollar. Gengið er suður að Hraunsvatni og farið meðfram Hraunsá til baka í gegnum hraunið og aftur að Hrauni.

Vegalengd alls 8-9 km. Gönguhækkun 400 m.

Þátttaka ókeypis.

Ferð í Flatey á Skjálfanda 1 skór

10. júní, laugardagur

Brottför: kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Margrét Kristín Jónsdóttir.

Ekið til Húsavíkur, siglt þaðan með Norðursiglingu út í Flatey.

Siglingin og tekur um tvær klukkustundir. Náttúra og mannvirki eyjunnar skoðuð undir leiðsögn. Boðið verður upp á kaffi/kakó/te í Bjarmaskúr í lok göngu. Áætlaður tími í eyjunni um 2-3 klst. Siglt til baka til Húsavíkur seinnipartinn. Stoppað við Gatanöf á heim-leiðinni fyrir þá sem vilja.

Verð: 20.000/22.000. Innifalið: Fararstjórn, leiðsögn, sigling og kaffi/kakó/te.

Náttúruskoðun í fögru umhverfi Öxnadal 3 skór **18. júní, sunnudagur**

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Brynhildur Bjarnadóttir.

Ekið að Hrauni í Öxnadal þar sem gangan hefst. Gengið verður á Halllok í Öxnadal (998 m) þaðan er stórkostlegt útsýni til suðurs að Hraundranga. Á bakaleiðinni liggur leiðin um Einbúaskál og Draugadal að Hraunsvatni og áfram til baka niður að bænum Hrauni. Farið verður rólega yfir og áherslan verður á að njóta og skoða náttúru þessa stórbrotna svæðis. Á leiðinni horfum við í kringum okkur eftir blómum og ræðum náttúrufar svæðisins, auk þess sem andi Jónasar Hallgrímssonar mun svífa yfir vötnum. Vegalengd 13-14 km. Gönguhækkun 850 m. Verð: 3.000/4.500. Innifalið: Fararstjórn.

Gönguvika: 19. - 23. júní: **Blóm og jóga í Leyningshólum 1 skór** **19. júní, mánudagur**

Brottför: Kl. 19 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Anna Guðmundsdóttir og Ingileif Ástvaldsdóttir.

Ekið upp á hólalbrúnina í mynni Villingadals og gengið þaðan eftir vegi og stígum um hólana. Fræðsla og umræður um trjágróður og á leiðinni skoðum við þau blóm sem á vegi okkar verða og gildi þeirra í náttúrunni. Þátttakendur nota skilningarvitin til að dýpka upplifun sína af náttúrunni. Gangan fer að mestu fram í kyrrð þar sem tækifæri er veitt til að rækta sál og líkama í fallettri náttúru Eyjafjarðar með því að staldra við á göngunni til að gera nokkrar jógastöður undir berum himni. Létt ganga og ferð við flestra hæfi. Þátttaka ókeypis.

Sumarsólstöður á Pengilhöfða 1 skór **20. júní, þriðjudagur**

Brottför: Kl. 21 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Roar Kvam.

Ekið til Grenivíkur þar sem gangan hefst, gengið eftir götuslóða upp á höfðann. Af höfðanum er fallett útsýni og tilvalið að njóta kvöldsólarinnar á þessum fallega stað. Tilvalin fjölskylduferð. Vegalengd 4 km. Gönguhækkun 260 m. Þátttaka ókeypis.

Gásir - Skipalón 1 skór **21. júní, miðvikudagur**

Brottför: Kl. 19 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Björn Vigfússon sögumaður og þorgerður Sigurðardóttir.

Gásir við Eyjafjörð var verslunarstaður á miðöldum og má þar sjá friðlýstar fornleifar. Gengið um svæðið, rýnt í söguna og ummerki fornrar byggðar skoðuð. Síðan verður gengið að Skipalóni en sá staður kemur við sögu í bókum Jóns Sveinssonar, Nonni og Manni. Þægileg ganga en þó um gróið land, fjöru, tún og móa. Gott að vera í góðum skóm og með göngustafi.

Vegalengd 7-8 km. Gönguhækkun óveruleg. Selflytja þarf bíla á milli staða, en það er örstutt.

Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn.

Sólstöðuganga á Kræðufell 2 skór **22. júní, fimmtudagur**

Brottför: Kl. 19 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Roar Kvam.

Gengið er á fjallið frá bílastæðinu á Víkurskarði eftir stikaðri leið í Gæsalinn og stefnt á Kræðufell. Af fjallinu er mjög gott útsýni yfir til byggðarinnar vestan fjarðarins og til Hríseyjar.

Vegalengd alls 10-11 km. Gönguhækkun 400 m.

Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn.

Jónsmessuganga á Múlakollu 3 skór

23. júní, föstudagur

Brottför: Kl. 20 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Bernard Gerritsma og Bóthildur Sveinsdóttir.

Gengið upp á Múlakollu frá gamla Múlaveginum, upp dalinn norðan Brimnesár. Geysimikið útsýni er til allra átta af hátindi kollunnar.

Vegalengd 8 km. Gönguhækkun 930 m.

Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn.

Mælifellshnjúkur í Skagafirði 2 skór

24. júní, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Herdís Zophoníasdóttir.

Ekið í Skagafjörð að uppgöngunni í Mælifellsdal. Gengið eftir merktri slóð á fjallið, þaðan sem útsýnið er stórfenglegt til allra átta. Sama leið gengin til baka.

Vegalengd alls 7-8 km. Gönguhækkun 670 m.

Verð: 3.000/4.500. Innifalið: Fararstjórn.

Gengið um Þorvaldsdal í minningu Bjarna E. Guðleifssonar 3 skór

1. júlí, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Börn Bjarna E. Guðleifssonar leiða gönguna.

Í ár eru liðin 30 ár síðan Bjarni E. Guðleifsson stóð fyrir fyrsta Þorvaldsdalsskokkinu. Í tilefni af því býður FFA upp á gönguferð í gegnum dalinn sama dag og hlaupið fer fram. Ekið er að Fornhaga í Hörgárdal og bílar skildir þar eftir, rúta ekur þátttakendum á upphafsstað. Gengið í gegnum dalinn og að Stærta-Áskógskirkju þar sem rúta mun bíða göngufólks og flytja það til baka að bílunum við Fornhaga. Leiðin í gegnum dalinn er löng og falleg, gengið er yfir tvö stógrýtt berghlaup, Hestahraun og Hrafnagilshraun. Á leiðinni munu hlauparar dagsins eflaust fara fram úr hópnum og gefst þá tilefni til hvatningar.

Vegalengd 23-25 km. Gönguhækkun 500 m.

Verð: 7.000/9.000. Innifalið: Fararstjórn og rúta.

Rútuferð um Tröllaskaga: Sögu- og menningarferð 1 skór

2. júlí, sunnudagur

Brottför: Kl. 9 með rútu frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Bragi Guðmundsson.

Áhugaverð hringleið um Tröllaskaga undir samfelldri leiðsögn fararstjóra. Byrjað er á því að fara frá Akureyri um „Skottíð“ til Siglufjarðar með viðkomu í Héðinsfirði. Á Siglufirði verður ein menningarstofnun skoðuð og síðan liggur leiðin til Haganesvíkur sem á sér mikla sögu. Þar fær hópurinn sér göngu áður en haldið er til Hofsóss í hádegisverð. Frá Hofsósi er farið heim að Hólum og áð þar stutta stund. Þaðan er farinn hringur um Hegranaes að minnisvarða um Jón Ósmann við vesturós Héraðsvatna til Sauðárkróks og síðan sem leið liggur til Akureyrar.

Verð: 18.000/20.000. Innifalið: Fararstjórn og rúta.

Grímubrekkur við Dalvík 3 skór

8. júlí, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Kristján E. Hjartarson.

Lagt af stað frá Dalvíkurkirkju og gengið upp Böggvissstaðadal/ Upsadal. Síðan er gengið upp Grímudal og Grímubrekkur þar til komið er í skarðið norðan við Einstakafjall. Þaðan er svo haldið niður í Kálfsárdal og dalurinn genginn að bænum Kálfsá í Ólafsfirði þar sem rúta bíður. Rútan ekur þátttakendum að Dalvíkurkirkju þar sem bílarnir bíða.

Vegalengd 14-15 km. Gönguhækkun um 910 m.

Verð: 7.000/9.000. Innifalið: Fararstjórn og rúta.

Náttúruskoðun og sjálfsrækt í Fjörðum 2 skór

14. - 16. júlí

Brottför: Kl. 13 á einkabílum (jeppum eða jepplingum) frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ásdís Skúladóttir og Birna Guðrún Baldursdóttir.

Fjörður er einstakur staður þar sem kyrrðin, fjöllin og litadýrðin umlykja okkur. Þangað er ferðinni heitið í skemmtilega og nærandi gönguferð sem felur í sér tækifæri til sjálfsræktar, hugleiðslu, sjóbaða, léttra jógaæfinga, sjálfspekkingarleikja og heilsufæði svo eitthvað sé nefnt. Gist verður tvær nætur í skála á Þönglabakka í Þorgeirsfirði þar sem er góð aðstaða.

1.d., föstudagur: Ekið sem leið liggur í Fjörður. Ganga dagsins er frá Hvalvatnsfirði yfir í Þorgeirsfjörð. Vegalengd 5 km. Gönguhækkun 100 m.

Stutt kvöldganga og hugleiðsla.

2.d., laugardagur: Eftir morgunverð er gengið yfir í Keflavík þar sem dvalið verður um stund við létt jóga og slökun. Gengið til baka.

Vegalengd 14 km. Gönguhækkun 900 m.

3.d., sunnudagur: Létt jóga og sjóbað fyrir þá sem vilja. Gengið til baka um hádegis. Gert ráð fyrir að koma til Akureyrar um kl. 15:30. Vegalengd 5 km. Gönguhækkun 100 m.

Verð: 23.000/26.000. Innifalið: Fararstjórn og gisting í tvær nætur. Hámarksfjöldi 14 manns.

Sameiginlegur matur sem greiðist sérstaklega. Fararstjórar sjá um að kaupa inn og elda.

Kerling: Sjö tinda ferð 4 skór

15. júlí, laugardagur

Brottför: Kl. 8 með rútu og á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Bernard Gerritsma og Bóthildur Sveinsdóttir.

Ekið á einkabílum að bílastæðinu við Súluveg þar sem bílarnir eru skildir eftir. Rúta ekur þátttakendum að Finnastöðum þaðan sem gengið er á Kerlingu 1538 m, hæsta fjall í byggð á Íslandi. Síðan er gengið norður eftir tindunum; Hverfanda 1320 m, Þríklökkum 1360 m, Bónða 1350 m, Litla Krumma, Stóra Krumma, Syðri-Súlu 1213 m, Ytri-Súlu 1143 m og niður í Glerárdal þar sem bílar þátttakenda bíða.

Þetta er krefjandi ganga enda merkt fjögurra skóa ferð. Þátttakendur þurfa að vera í góðu gönguformi. Gangan getur tekið 12 klst. en það fer allt eftir hópnum, færð og veðri. Þátttakendur þurfa að klæða sig eftir veðri og taka með sér gott og orkuríkt nesti til dagsins og nóg af vatni þar sem ekki er víst að vatn sé að finna á leiðinni. Gott að hafa brodda meðferðis.

Vegalengd 20-21 km. Gönguhækkun alls 1800 m.

Verð: 8.000/9.500. Innifalið: Fararstjórn og rúta.

Bræðrafell - Askja 3 skór

16. - 19. júlí, 4. dagar

Brottför: Kl. 8 úr Mývatnssveit.

Fararstjórn: Marjolijn van Dijk.

Farið úr Mývatnssveit annað hvort á einkabílum eða með rútu.

Gist er í Bræðrafelli og Dreka. Bera þarf allan farangur og því mikilvægt að huga að því sem tekið er með. Svæðið sem farið er um státar af fallegum hraunmyndunum, auðn, litadýrð og ekki síst kyrrð. Nálægðin við Herðubreið hefur líka sín áhrif.

1.d., sunnudagur: Ekið í Herðubreiðarlindir. Eftir kaffi er gengið um greiðfært hraun í Bræðrafell og gist. Vegalengd 19 km.

2.d., mánudagur: Gengið á Kollóttudyngju og Bræðrafell skoðað. Gist í Bræðrafellsskála. Vegalengd 8-12 km.

3.d., þriðjudagur: Gengið frá Bræðrafelli í Dreka. Gist í Dreka. Vegalengd 21-22 km.

4.d., miðvikudagur: Gengið frá Dreka yfir Dyngjufjöll að Öskju. Ekið heim um kvöldið.

Vegalengd 8-10 km. Gönguhækkun er óveruleg.

Verð: 37.000/42.000. Innifalið: Fararstjórn og gisting í 3 nætur.

Ekki innifalið: Ferðir, matur.

Timburvalladalur - Hjaltadalur: Fjallahjólaferð á rafhjól 1 hjól

16. júlí, sunnudagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Stefán Sigurðsson.

Ekið fram í Timburvalladal með hjól. Ferðin hefst við Bakka-sel í Timburvalladal. Hjólað yfir brú á Bakkaá og stefnan tekin á gangnamannaskálann Staupastein í Hjaltadal. Hjaltadalur er vel gróinn og umhverfið mjög fallegt. Þetta er ferð sem hentar þeim sem eru að byrja á rafmögnum hjóla. Þeir sem eiga festingu fyrir hjól nota hana, aðrir geta fengið hjólin flutt á hjóla-kerru.

Verð: 5.000/6.500. Innifalið: Fararstjórn og flutningur á hjólum á hjólakerru fyrir þá sem þurfa.

Tunguheiði á Tjörnesi 2 skór

22. júlí, laugardagur

Brottför: Kl. 8 með rútu frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Sigurgeir Sigurðsson.

Ekið að bænum Syðri-Tungu á Tjörnesi og gengið þaðan um Skarðsbrekku og Tunguheiði að Fjöllum í Kelduhverfi, en heiðin er gömul þjóðleið. Tunguheiði er brött að austan en aflíðandi niður Tjörnesið. Uppi á henni er Biskupsás (532 m) þaðan sem útsýni er gott á góðum degi.

Vegalengd alls 15-16 km. Gönguhækkun 400 m.

Verð: 14.500/16.500. Innifalið: Fararstjórn og rúta.

Öskjuvegurinn: TRÚSSFERÐ 3 skór

23. - 27. júlí, 5 dagar

Brottför: Kl. 13 með rútu frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Guðlaug Ringsted.

Í ferðinni er gengið með lágmarksbúnað. Trússbíll ekur með farangur á milli skála. Bíllinn fylgir hópnum allan tímann. Rúta sækir svo hópinn í lok ferðar. Gist í skálum FFA, Dreka, Dyngjufelli og Botna.

1.d., sunnudagur: Ekið í Dreka, með viðkomu í Herðubreiðarlindum.

2.d., mánudagur: Gengið eftir stikaðri leið frá Dreka, yfir Dyngjufjöll að Öskju, farið í sund í Víti ef vill. Hópurinn verður sóttur á bílastæði við Öskjuop og ekið til baka að Dreka, gist þar aðra nótt. Vegalengd 13-14 km.

3.d., þriðjudagur: Ekið upp í Öskjuop. Gengið eftir stikaðri leið þaðan, yfir Dyngjufjöll um Jónsskarð og niður í Dyngjufjalladal. Gist í Dyngjufelli, skála FFA. Vegalengd 14 km.

4.d., miðvikudagur: Frá Dyngjufelli er gengið norður Dyngjufjalladal í Suðurárbotna. Gist í Botna, skála FFA. Vegalengd 20-22 km.

5.d., fimmtudagur: Lokadagur; gömlum jeppaslóða er fylgt frá Botna í Suðurárbotna og meðfram Suðará að Svartáarkoti. Vegalengd 15-16 km. Ekið með rútu til Akureyrar. Gert ráð fyrir að koma þangað um kl. 17.

Verð: 88.000/93.000. Innifalið: Fararstjórn, gisting í fjórar nætur, rúta og trússbíll með bílstjóra.

Bæjarfjall Dalvíkur 2 skór

29. júlí, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Gunnhildur Ottósdóttir.

Ekið að Dalvíkurkirkju þar sem gangan hefst. Genginn er malarvegur sem liggur til fjalls, upp með fallegu gljúfri og áfram í mynni Tungudals. Síðan er gengið upp á fjallið að vörðu sem þar stendur. Þarna er frábært útsýni yfir Dalvík, inn Svarfaðardal og Skiðadal, inn Eyjafjörð, út yfir Hrísey og allt til Grímseyjar. Stutt ganga sem er brött á köflum. Sama leið gengin til baka.

Vegalengd 7-8 km. Gönguhækkun 660 m.

Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn.

Helgarferð á Herðubreið 3 skór

11. - 13. ágúst, 3 dagar

Brottför: Kl. 17 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Leo Broers og Marjolijn van Dijk.

Árleg ferð FFA á þjóðarfjallið Herðubreið (1682 m).

Gist í Herðubreiðarlindum, í skála FFA eða í tjaldi.

Nauðsynlegt að vera á jeppum.

1.d., föstud. Lagt af stað frá Akureyri kl. 17.

Ekið í Herðubreiðarlindir.

2.d. Gengið á Herðubreið.

3.d. Haldið heim. Gert ráð fyrir að koma til Akureyrar seinnipart dags.

Hjálmur er nauðsynlegur öryggisbúnaður.

Gönguhækkun 1000 m.

Verð: Í skála 16.000/21.000. Í tjaldi 10.000/13.000. Innifalið:

Fararstjórn og gisting í tvær nætur.

Hafrafell og Þverárhryna í Öxarfirði 2 skór

12. ágúst, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Teitsson.

Ekið að bænum Hafrafellstungu í Öxarfirði og gengið þaðan upp á Hafrafell (535 m). Geysimikið og fagurt útsýni er af fjallinu. Síðan er gengið til baka, ekið fyrir Sandfellshaga og gengið upp á Þverárhrynu (540 m). Svolítið brölt síðasta spölinn upp á tindinn en þaðan er geysifallegt útsýni í allar áttir. Sama leið gengin til baka og ekið heimleiðis.

Vegalengd alls 8-10 km. Gönguhækkun 700-800 m.

Verð: 3.000/4.500. Innifalið: Fararstjórn.

Skíðadalur - Heiðinnamannadalur - Barká 4 skór

19. ágúst, laugardagur

Brottför: Kl. 8 með rútu frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Kristján E. Hjartarson.

Rúta flytur göngufólk að Stekkjarhúsum í Skíðadal þar sem gangan hefst og sækir það síðan að Barká í Barkárdal þar sem göngunni lýkur. Gengið er að Skíðadalsá þar sem göngufólk er ferjað yfir ána. Stefnan er tekin beint upp í Heiðinnamannadal og áfram inn þann dal uns komið er á jökulfönn og gengið upp í Lambárskarð með fjallið Heiðingja á hægri hönd. Úr skarðinu er gengin jökulfönn með Hafrárhjúk á hægri hönd niður Lambárdal að vegi við Barká þar sem rútan bíður.

Vegalengd 19-20 km. Gönguhækkun um 1060 m.

Verð: 13.000/15.000. Innifalið: Fararstjórn og rúta.

Söguferð um eyðibýli í Héðinsfirði 2 skór

19. ágúst, laugardagur

Brottför: Kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Björn Z. Ásgrímsson.

Gangan hefst við útsýnissvæðið í Héðinsfirði, gengið út með Héðinsfjarðarvatni að austanverðu með viðkomu að tóftum Vatnsenda. Næst verður haldið til Víkur og áð við slysavarnarskýlið. Því næst gengið niður á Víkursand og ósinn vaðinn. Litið verður á mannvistarleifar vestan óss og síðan haldið inn með vatninu vestanverðu að tóftum Ámár. Þar verður áð áður en vaðið er yfir Héðinsfjarðarág og að lokum gengið út eftir að austanverðu og staldrað við hjá tóftum eyðibýlanna Möðruvalla og Grundarkots. Vegalengd 16 km. Gönguhækkun óveruleg. Vaða þarf tvær ár. Gott að hafa vaðskó.

Verð: 3.000/4.500. Innifalið: Fararstjórn.

Nípa í Út-Kinn - Náttfaravíkur: Fjallahjólaferð á rafhjól 3 hjól

20. ágúst, sunnudagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Stefán Sigurðsson.

Ekið að Nípa í Út-Kinn með hjól á kerrum. Síðan er lagt upp frá Nípa, hjólað upp grófan jeppaslóða og bak við fjallið Bakranga. Leiðin liggur síðan að Purkánni, farið yfir hana á brú og endað talsvert fyrir ofan Náttfaravíkur. Mikið útsýni til austurs og suðurs. Á þessari leið eru sprænur sem hjóla/vaða þarf yfir. Þetta er ferð fyrir þá sem eru komnir með talsverða reynslu af rafmagnsfjallahjólum. Þar sem hækkun er talsverð í báða enda þarf að huga að rafmagnseyðslu. Þeir sem eiga festingu fyrir hjól nota hana, aðrir geta fengið hjólin flutt á hjólakerru. Vegalengd alls 37 km. Hækkun um 1000 m. Verð: 5.000/6.500. Innifalið: Fararstjórn og flutningur á hjólum á hjólakerru fyrir þá sem þurfa.

Fljótsbakki - Vað 2 skór

26. ágúst, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Teitsson.

Ekið að Fljótsbakka í Þingeyjarsveit og gengið þaðan austan Skjálfandafljóts um Svarthamarsskóg og eyðibýlin Glaumbæjarsel og Fosssel. Hér er mjög áhugaverð saga við hvert fót mál og gróðursælt umhverfi, ekki síst í Fossselsskógi. Síðan er gengið vestur með Skuldaþingseyjarkvísl þar sem Ullarfoss steypist niður í Skipapoll. Að lokum er gengið að Vaði í Þingeyjarsveit þar sem bílarnir bíða. Selflytja þarf bíla milli Vaðs og Fljótsbakka.

Vegalengd 12 km. Gönguhækkun um 50 m.

Verð: 3.000/4.500. Innifalið: Fararstjórn.

Kálfsvatn við Siglufjörð 2 skór

2. september, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Þuríður Helga Kristjánsdóttir.

Ekið um göngin til Siglufjarðar. Gangan hefst við Ráeyri og gengið norður ströndina að vitanum við Selvík. Síðan upp Kálfsdal og að Kálfsvatni. Sama leið gengin til baka.

Vegalengd alls 9 km. Gönguhækkun 230 m.

Verð: 3.000/4.500. Innifalið: Fararstjórn.

Helgarferð í Botna 2 skór

9. - 10. september

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Anke Maria Steinke.

Ekið í Svartárkot. Gengið í Botna, skála FFA í Suðurárbotnum, gist þar og farið til baka næsta dag. Ferðast verður um heillandi víðáttu hálendisins þar sem haustlitirnir skarta sínu fegursta á þessum árstíma og aldrei að vita nema norðurljósin láti sjá sig. Vegalengd alls 19 km. Gönguhækkun lítil.

Verð: 10.000/12.000. Innifalið: Fararstjórn og gisting í eina nótt.

Flateyjaralur: Fjallahjólaferð á rafhjól 3 hjól

10. september, sunnudagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum (jeppum eða jepplingum) frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Stefán Sigurðsson.

Ekið er að þverá í Dalsmynni og farinn Flateyjaraldalsvegur niður Almannakamb. Þaðan er svo hjólað norður að sjávarkambi neðan Brettingsstaða en kamburinn er ófær öllum farartækjum nema fjórhjóladrifnum bílum. Á leiðinni til sjávar er hjólaður jeppaslóði sem sum staðar er talsvert grýttur. Hjóla þarf yfir tólf lítil vatnsföll, læki og smásprænur.

Vegalengd alls 42 km. Óveruleg hækkun er á þessari leið.

Þeir sem eiga festingu fyrir hjól nota hana, aðrir geta fengið hjólin flutt á hjólakerru.

Verð: 5.000/6.500. Innifalið: Fararstjórn og flutningur á hjólum á hjólakerru fyrir þá sem þurfa.

Mývatn: Jarðfræði, virkjun jarðhita 2 skór

16. september, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23. Brottför: frá Kröflustöð kl. 9:30.

Fararstjórn: Þóroddur Þóroddsson.

Ekið að Kröfluvirkjun, gengið að Hrafninnuhrygg og þaðan upp á Kröflu (827 m) sem er frábær útsýnisstaður. Síðan liggur leiðin niður að Víti og á Þríhnúka þar sem sér vel til Leirhnjúks, gengið þaðan yfir hraun og misgengi og að Kröflustöð. Gengið eftir slóðum og mólendi, yfirleitt er leiðin greiðfær, þó gæti verið nokkur leir á hluta hennar.

Vegalengd alls 10-11 km. Gönguhækkun 500 m.

Verð: 3.000/4.500. Innifalið: Fararstjórn.

Hrossadalur - Hamragil 2 skór

23. september, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Roar Kvam.

Ekið upp í Víkurskarð. Gengið verður fram Hrossadal suður af skarðinu og m.a. skoðaðar leifar af gamalli rétt. Síðan er haldið áfram að Þórisstaðaskarði og Lækjardal að upptökum Hamragils og aftur að Víkurskarði.

Vegalengd alls 14 km. Gönguhækkun um 200 m.

Verð: 2.000/3.500 kr. Innifalið: Fararstjórn.

Hreppendasúlur 2 skór

30. september, laugardagur

Brottför: Kl. 8 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Jóhannes Kárasón.

Ekið til Ólafsfjarðar og áleiðis upp á Lágheiði. Fjallið rís upp af Lágheiði í vesturátt. Tvær súlur þess bera við himin séð frá Ólafsfirði. Leiðin er ágætlega gróin og greiðfær. Þegar á toppinn er komið opnast útsýni yfir austurfjöllin og Reykjaheiði, Klaufabrekudal og allan Ólafsfjörð. Einnig sést til bæjanna í Fljótum og að Stífluvatni og Haganesvík. Þá svíkur ekki stórbrotin fjallasýn til allra átta.

Vegalengd alls 6-8 km. Gönguhækkun 850 m.

Verð: 3.000/4.500. Innifalið: Fararstjórn.

Haustlítaferð um Glerárdal 2 skór

7. október, laugardagur

Brottför: Kl. 9 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ingvar Teitsson.

Á þessum árstíma skartar Glerárdalur oft fallegum haustlitum. Bílum er lagt á Súlubílastæðinu þar sem gangan hefst. Gengið vestur yfir Glerá á göngubrú milli Hlífánna, að Glerárstíflu og hún skoðuð. Farið yfir brúna á stíflunni, upp á Lambagötuna og gengið að gömlu göngubrúnni á Gleránni og að bílunum. Þetta er skemmtileg hringleið í fallegum dal þar sem gengið er eftir stígum. Vegalengd 6 km. Gönguhækkun 120 m. Þátttaka ókeypis.

Gengið á slóðir setuliðsins á Melgerðismelum í Eyjafjarðarsveit 1 skór

14. október, laugardagur

Brottför: Kl. 13 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Brynjar Karl Óttarsson.

Hópur áhugasamra einstaklinga um verndun stríðsminja í Eyjafirði hefur rannsakað Melgerðismela um nokkurt skeið. Við rannsóknir á braggagrunnum á Melunum hefur ýmislegt forvitnilegt lítið dagsins ljós. Nýjasta uppgötvunin á Melunum eða Kassos field eins og amerískir setuliðsmenn kölluðu svæðið eru gripir sem tilheyrðu ungum flugmanni sem dvaldist á Melgerðismelum sumarið 1942 og orrustuvél hans. Sumarið 2022 voru 80 ár liðin frá því að Kassos fórst með vélinni á Melgerðismelum. Brynjar Karl Óttarsson mun ganga með áhugasömum á slóðir John Kassos og allra hinna setuliðsmannanna á Melgerðismelum. Braggagrunnar verða skoðaðir og staðurinn þar sem John brotlenti vél sinni með fyrrgreindum afleiðingum. Verð: 2.000/3.500. Innifalið: Fararstjórn og leiðsögn.

BARNA- OG FJÖLSKYLDUFERÐIR FFA 2023

Fuglaskoðunarferð

16. maí, þriðjudagur

Brottför: Kl. 17 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Jón Magnússon og Sverrir Thorstensen.

Fuglaskoðunarferð barnanna hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár en í henni gefst börnum tækifæri til að kíkja á og fræðast um hinar ýmsu fuglategundir undir skemmtilegri leiðsögn Jóns og Sverris sem eru miklir áhugamenn um fugla. Gott er að taka með sér sjónauka og skriffæri því það getur verið gaman að skrá niður þær fuglategundir sem maður sér.

Þátttaka ókeypis.

Gengið að Gamla

8. júní, fimmtudagur

Brottför: Kl. 17 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Herdís Zophoníasdóttir.

Gengið er frá bílastæðinu við Sólúrið í Kjarnaskógi og þaðan upp að Gamla, skála skáta á Akureyri, þar verður göngugörpum boðið upp á léttar veitingar. Svipuð leið verður gengin til baka. Gangan upp eftir er nokkuð á fótinn en gengið verður rólega svo allir njóti sem best.

Vegalengd alls 3-4 km. Gönguhækkun 190 m.

Þátttaka ókeypis.

Kvöldferð á Haus í Staðarbyggðarfjalli

14. júní, miðvikudagur

Brottför: Kl. 19 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Hulda Jónsdóttir.

Ekið fram Eyjafjörð að austanverðu að Öngulsstöðum. Þaðan er ekið eftir malarvegi að bílastæði við sumarbústaðinn Sel.

Gengið er eftir stikaðri leið að vörðunni á Haus sem er fyrsti áfanginn þegar gengið er á Staðarbyggðarfjall. Þaðan er frábært útsýni og gaman að njóta með börnum á fallegu sumarkvöldi.

Vegalengd 3,3 km. Gönguhækkun 270 m.

Þátttaka ókeypis.

Steinmenn ofan við Kjarnaskóg

1. júlí, laugardagur

Brottför: Kl. 10 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Fjóla Kristín Helgadóttir.

Gengið er frá tjaldsvæðinu á Hömrum upp að skátaskálanum Gamla. Þaðan er haldið áfram eftir stikaðri leið að Steinmönnum. Frá þessum skemmtilegu steinkörum er stórkostlegt útsýni til allra átta. Sama leið er gengin til baka.

Vegalengd alls 7-8 km. Gönguhækkun 400 m.

Þátttaka ókeypis.

Derrir í Þorvaldsdal

13. - 14. júlí

Brottför: Kl. 10 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Ásrún Jónsdóttir.

Ferðin er á fimmtudegi og föstudegi.

Lagt af stað frá bílastæðinu við Stærri-Árskóg og gengið þaðan

fram Þorvaldsdal í skálann Derri þar sem gist verður eina nótt. Ef einhverjir vilja heldur taka með sér tjald þá er líka hægt að gista í tjöldum við skálann.

Vegalengd alls 18 km (9 km hvorn dag). Gönguhækkun lítil nema rétt í upphafi.

Verð: Fullorðnir 9.500/13.000, frítt fyrir börn.

Innifalið: Fararstjórn og gisting í eina nótt fyrir einn fullorðinn og börn.

Lambi á Glerárdal

12. - 13. ágúst, 2 dagar

Brottför: Kl. 10 frá bílastæði við uppgöngu á Súlur.

Fararstjórn: Jónína Sveinbjörnsdóttir.

Lagt er af stað frá bílastæðinu við uppgönguna á Súlur og gengið fram Glerárdal í skálann Lamba þar sem gist verður eina nótt. Ferðin býður upp á fjölbreytta upplifun úti í náttúrunni m.a. þarf að stikla yfir læki á leiðinni. Lambi er vel útbúinn fjallaskáli með olíukyndingu og gashellu en sækja verður drykkjarvatn í lækinn. Þegar komið er fram í ágúst er farið að dimma á kvöldin og gaman að upplifa myrkrið í fjallakyrriðinni.

Vegalengd alls 22 km (11 km hvorn dag). Gönguhækkun 440 m.

Verð: Fullorðnir 9.500/13.000, frítt fyrir börn. Innifalið:

Fararstjórn og gisting í eina nótt fyrir einn fullorðinn og börn.

Miðvíkurfoss og fjöruferð

17. ágúst, fimmtudagur

Brottför: Kl. 17 á einkabílum frá FFA, Strandgötu 23.

Fararstjórn: Fjóra Kristín Helgadóttir.

Ekið að Miðvík beint niður af Víkurskarði. Gengið þaðan niður í fjöru og að tignarlegum fossi, Miðvíkurfossi sem fellur hér fram af niður í fjöru. Nokkuð bratt er þarna niður og svolítið klöngur, en stutt. Fjaran er áhugaverð fyrir börn en mjög grýtt og því nauðsynlegt að vera í góðum skóm. Miðvíkurfoss er falin perla, afar fallegur. Á leiðinni til baka verður efri fossinn skoðaður sem er ekki síður tignarlegur.

Þátttaka ókeypis.

FERÐAFÉLAG ÁRNESINGA

Heimasíða: www.ffar.is

Fésbók: Ferðafélag Árnesinga

Netfang: ffarnesinga@gmail.com

Sími: 848 8148

Brottför: frá Fjölbrautaskólanum á Selfossi í flestar ferðir. Brottfarartími auglýstur á heimasíðu/fésbók þegar nær dregur og nánari upplýsingar um ferð. Þátttaka ókeypis, nema annað sé tekið fram.

Inghóll 2 skór

7. janúar. Hefðbundin fyrsta ganga ársins á Ingólfsfjall. 9 km, 500 m hækkun.

Hengilssvæðið 2 skór

28. janúar. Verður valin eftir veðri og aðstæðum. Auglýst nánar þegar viðburður verður settur inn.

Strandganga 2 skór

18. febrúar. Hafnafjörður - Álftanes. Vegalengd 20 – 25 km mest á stígunum.

Reykjafall - Sognar 2 skór

11. mars. Vegalengd 12 km Hækkun 450 m.

Gosstöðvar Reykjanesi 2 skór

1. apríl. Hringur leikinn eftir aðstæðum.

Síðasti vetradagur - Ingólfsfjall 2 skór

20. apríl. Farin óhefðbundin leið á fjallið, leikið af fingrum fram.

Vestmanneyjar 2 skór

6. maí. Auglýst nánar þegar viðburður verður settur inn.

Lómagnúpur 3 skór

27. maí. Vegalengd 10 – 12 km, hækkun 690 m.

Þyrill óhefðbundinn 2 skór

10. júní. Vegalengd 12 km, hækkun 400 m.

Þröngubásar 2 skór

24. júní. Hluti af gljúfrum Þjórsár. Lítil hækkun, ágætt gönguland.

Sumarleyfisferð - helgarferð 3 skór

7. - 9. júlí. Nánar auglýst síðar.

Geirhnjúkur Hítardal 3 skór

22. júlí. Vegalengd 17 km, hækkun um 1050 m.

Vatnafjöll 2 skór

12. ágúst. Ágætt gönguland. Hæðsti toppur nær 1100 m.

Högnhöfði 2 skór

26. ágúst. Vegalengd 12 km, hækkun um 950 m.

Ferð erlendis

7. - 14. september. Hefur verið sent á skráða félag.

Þórsörk 2 skór

30. september – 1. október. Helgarferð. Gengið um Þórsörkina báða dagana.

Hrómundartindur 2 skór

14. október. Vegalengd 15 km, hækkun 500 m.

Úlfjótswatn - Hveragerði 2 skór

28. október. Vegalengd 15 km, hækkun um 500 m.

Lambafell 2 skór

18. nóvember. Hringur tekin eftir aðstæðum, hækkun 300 m.

Hellisskógur - jólakakó

7. des. Hefðbundin fjölskylduganga í skóginum og kakó í hellinum.

ATH. Ferðafélag Árnesinga tryggir hvorki farþega sína né farangur þeirra. Farþegar ferðast með félaginu á eigin ábyrgð. Félagið hvetur fólk til að kaupa ferða og slysatryggingu.

FERÐAFÉLAG AUSTUR-SKAFTFELLINGA

Heimasíða: www.gonguferdir.is

Fésbók: Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Netfang: ferdafelag@gonguferdir.is

Sími: 868 7624

Bröttför: frá þjónustumiðstöðinni við tjaldsvæðið á Höfn nema annað sé auglýst. Ferðir almennt auglýstar á fésbókarsíðu félagsins og geta breyst frá áætlun ef veðurspá gefur tilefni til. Stytttri göngur, verð: 1.000 f. einn/1.500 f. hjón/pör. Frítt f. 18 ára og yngri.

Þema ársins 2023 verður Hörfandi jöklar. Gengið verður að jöklum í flestum ferðum ársins, en ekki verður farið á jökul.

Árnanes – Lækjarnes í Nesjum 1 skór

14. janúar, laugardagur

Fláajökull, vestan megin 1 skór

12. febrúar, sunnudagur

Lambatungnajökull, gengið úr Hoffellsdal 2 skór

11. mars, laugardagur

Skeiðarárjökull 1 skór

16. apríl, sunnudagur

Morsárjökull 2 skór

13. maí, laugardagur

Gönguvikan 1 - 3 skór

8. -11. júní

Hálða-Slaga – 1 skór

Gengið fyrir Horn – 2 skór

Skaftafellsheiði – 2 skór

Þjarnanesheiði, Laxárdalur í Nesjum í Laxárdal í Lón – 3 skór

Vinnuferð í Múlaskála

17. júní, laugardagur

Nánar auglýst síðar.

Óvissuferð á Jónsmessu

20. júní, þriðjudagur

Nánar auglýst síðar

Sæludagar í Lónsöræfum 3 skór

7.-9. júlí. 3 dagar

Fararstjórn: Magnhildur Pétursdóttir.

Brottför: Kl. 7 frá Höfn.

1.d., föstud. Ekið að Illakambi og gengið þaðan niður í Múlaskála.

Fólk kemur sér fyrir í skálanum og svo er gengið um Víðibrekкусker. 6-7 klst. Hækkun 800 m.

2.d. Gengið inn að Tröllakrókum um Leiðartungur. 7-8 klst. Hækkun 750 m.

3.d. Gengið frá Múlaskála fram Kamba að göngubru við Eskifell og þaðan að Hnappadalsá þar sem ferðin endar. Bílar keyra göngufólki niður á Höfn. 7 klst. Hækkun 800 m.

Hámarksfjöldi: 24 manns.

Verð: 49.500 (félagar í FÍ)/54.500. Innifalið: Fararstjórn, akstur, gisting, 2x morgunmatur, 3x nesti og 2x kvöldmatur.

Panta þarf í þessa ferð. Nánari upplýsingar og skráning á ferdafelag@gonguferdir.is eða í síma 868-7624 (Magga).

Öræfajökull frá Sandfelli 2 skór

19. ágúst, laugardagur

Breiðarmerkurjökull. 1 skór

10. september, sunnudagur

Fláajökull, austan megin 1 skór

14. október, laugardagur

Ketillaugarfjall eða Bergárdalsheiði. 3 skór

19. nóvember, sunnudagur

Austurskógar í Stafafellsfjöllum 2 skór

9 desember, laugardagur

FERÐAFÉLAG FJARÐAMANNA

Heimasíða: www.ferdafelag.is

Netfang: ffau@simnet.is

Fésbók: Ferðafélag Fjarðamanna

Sími: 8471690

Ekkert gjald er í ferðir félagsins nema annað sé tekið fram.

Hátíðarganga út í Páskahelli í Norðfirði 1 skór

9. apríl, páskadagur

Fararstjórn: Laufey Þóra Sveinsdóttir/Sigurborg Hákonardóttir.

Mæting: Kl. 6 við Norðfjarðarvita á Bakkabökkum.

Mun sólin dansa þessa páska? Upprifjun á sögnum.

Fuglatalning og fuglaskoðun á leirum Reyðarfjarðar og Norðfjarðar 1 skór

29. apríl, laugardagur

Mæting: Kl. 15 við Leiruna í Norðfirði og kl. 16 við Andapollinn á Reyðarfirði.

Fuglaskoðunin er undir stjórn Náttúrustofu Austurlands.

Sérfræðingar stjórna talningu og koma með „fuglaskóp“ fyrir þátttakendur.

Vattarnesfjall í Reyðarfirði 2 skór

13. maí, laugardagur

Fararstjórn: Kristinn Þorsteinsson, sími 864-7694.

Mæting: Kl. 10 við Skarðsá mitt á milli Kolmúla og Vattarness.

Gengið um Langahjalla út á Vattarnesfjall og berggangar undir Halakletti skoðaðir.

Bæjarrölt á Fáskrúðsfirði 1 skór

20. maí, laugardagur

Fararstjórn: Berglind Agnarsdóttir.

Mæting: Kl. 11 við franska safnið.

Í „bæjarrölti“ er blandað saman fróðleik, léttri göngu og skemmtun.

Kvennaganga - Höllusteinn og Blóðbrekkur 2 skór

19. júní, mánudagur

Fararstjórn: Ína Dagbjört Gísladóttir / Kamma Dögg Gísladóttir, sími 847-1690.

Mæting kl. 17 við brúna í Seldal og sameinast þar í bíla.

Gangan er fyrir konur í tilefni kvennréttindadagsins 19. júní.

Göngu- og gleðivikan "Á fætur í Fjarðabyggð"

24. júní - 1. júlí

Nánar auglýst síðar.

Sumarleyfisferð á Gerpissvæðið 3 skór

9.-13. júlí. 5 dagar

Fararstjórn: Sævar Guðjónsson svæðisleiðsögumaður á Mjóeyri. Gengið um Gerpissvæðið sem er á milli Norðfjarðar og Reyðar-fjarðar, áhugaverðir staðir skoðaðir. Trússferð og gisti í svefn-pokaplássi í 4 nætur. Veisla og lokakvöldvaka í Randúlfs-sjóhúsi. Lágmarksfjöldi 12 manns og hámark 35 manns.

10-15 manns – verð kr. 120.000 (110.000 fyrir félagsmenn).

15-25 manns – verð kr. 110.000 (100.000 fyrir félagsmenn).

25-35 manns – verð kr. 100.000 (90.000 fyrir félagsmenn).

Innifalið: Allur matur, kokkur, trúss, leiðsögn, gisting og bátsferð.

Nánari lýsing á ferðinni: www.mjoeeyri.is.

Panta þarf í þessa ferð hjá mjoeeyri@mjoeeyri.is eða í síma 698-6980.

Fjallahjólaferð til Vöðlavíkur

15. júlí, laugardagur

Fararstjórn: Guðrún Ásgeirsdóttir, sími 867-7465.

Mæting: Kl. 10 við afleggjarann að Vöðlavík í Reyðarfirði. Hjólað verður eftir jeppavegi út í Vöðlavík, grillað verður á Karlsstöðum og hjólað svo til baka.

Skráning skal fara fram fyrir kl. 12 þann 13. júlí hjá gasgeirsdottir64@gmail.com eða í síma: 876-7465.

Verð 4.000 kr.

Stuðlaheiði 3 skór

22. júlí, laugardagur (23. júlí til vara)

Fararstjórn: Kristinn Þorsteinsson, sími 864-7694.

Mæting: Kl. 9 við Stuðla í Reyðarfirði og sameinast þar í bíla, síðan er ekið í gegnum göngin að Dölum í Fáskrúðsfirði, þaðan sem lagt er á fjallið. Ferð í félagi við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs. Skráning á heimasíðu www.ferdaf.is.

Verð 3.000 kr.

Vaðhorn 3 skór

29. júlí, laugardagur

Fararstjórn: Kristinn Þorsteinsson, sími 864-7694.

Mæting: Kl. 10 við bæinn Tungu í Fáskrúðsfirði. Gengið er upp Tungudal og þaðan á tindinn.

Neistaflugsganga 2 skór

5. ágúst, laugardagur

Fararstjórn: Benedikt Sigurjónsson.

Mæting: Kl. 10 við Grænanes.

Fjölskylduganga í tengslum við Neistaflug, fjölskylduhátíðina.

Gengið út á Hellisfjarðarmúla með viðkomu á Lolla.

Barna – og fjölskylduganga í Tröllatjörn í Geithellnadal í Álftafirði

12. ágúst, laugardagur

Fararstjórn: Ásdís Hauksdóttir, sími 847-3109.

Mæting: Kl. 13 við enda varnargarðsins sem liggur sunnan megin við Geithellnaá, keyrt af Þjóðvegi 1. Gengið þaðan og inn að Tröllatjörn. Stutt og þægileg ganga.

Fjallahjólaferð frá Öxi niður í Fossárdal

19. ágúst, laugardagur

Fararstjórn: nánar auglýst síðar.

Mæting Kl. 10 á malarplani u.þ.b. 500 m norðan við veðurathug-unarstöðina á Öxi (Egilsstaðamegin). Hjólað eftir slóða/jeppavegi yfir í Fossárdal, ca. 35-40 km. Ath. að fjallahjólín þurfa að vera á breiðum dekkjum. Sjá nánari lýsingu af leiðinni inn á facebook síðu Ferðafélags Fjarðamanna.

Innifalið: leiðsögn, grillveisla í Fossárdal og skutl að sækja bíla að hjólaferð lokinni. Skráning skal fara fram fyrir kl. 12 þann 17. ágúst hjá thorgm@simnet.is eða í síma: 895-1743.

Verð 4.500 kr.

Staðarfjall og nágrenni Borgarfjarðar eystri 3 skór **26. ágúst, laugardagur (27. ágúst til vara)**

Fararstjórn: Bryndís Skúladóttir.

Mæting: Kl. 9 að Tjarnarási 8, Egilsstöðum og sameinast þar í bíla. Ferð í félagi við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs. Gengið á fjallið og um nágrenni þess undir leiðsögn. Nánari upplýsingar í bókinni 101 Austurland – Toppar og Tindar.

Skráning á heimasíðu www.ferdaf.is.

Verð: 3.000 kr.

Skagafell 3-4 skór

2. september, laugardagur

Fararstjórn: Þóroddur Helgason, sími 860-8331.

Mæting: Kl. 9:30 við bæinn Seljateig í Reyðarfirði og sameinast þar í bíla. Gengið upp Skagafellsháls á mótum Eyvindardals og Fagradals á fjallið og eftir því endilöngu til Reyðarfjarðar um 19 km.

Barna- og fjölskylduferð í Ímadal í Vöðlavík

2. september, laugardagur

Fararstjórn: Kamma Dögg Gísladóttir, sími 847-1690.

Mæting kl. 11 við Ímakot (Ímastaðir) í Vöðlavík. Þaðan er gengið upp í Ímadal og á leiðinni fáum við að kynna tröllkonunni Ímu.

FERÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA

Fésbók: [Ferðafélag Ísfirðinga](https://www.facebook.com/ferdafelag.isfirdinga)

Netfang: ferdafelag.isfirdinga@gmail.com

Heimasíða: www.ferdafis.is

Naustahvilt 1 skór

20. maí, laugardagur

Umsjón: stjórn Ferðafélags Ísfirðinga

Mæting: Kl. 10 við Naustahvilt.

Gengið upp í hvíltina þar sem ferðaáætlunin verður kynnt formlega. Boðið verður upp á veitingar að henni lokinni.

Söguferð um Flateyri 1 skór

Bæjarganga og ganga upp í Klofningsdal

27. maí, laugardagur

Fararstjórn: Guðmundur Björgvinsson.

Mæting: Kl. 10 við Bónus á Ísafirði og 10:30 á Flateyri við sundlaugina

Bæjarrölt um Flateyri þar sem m.a. verður genginn hringur um eldri hluta bæjarins og síðan upp að snjóflóðavarnargörðunum. Að því loknu verður gengið upp í Klofningsdal.

Veglengd um 4 - 5 km, göngutími er áætlaður 3-4 klst., hæð um 200 m.

Meðaldalur 1 skór

3. júní, laugardagur

Fararstjórn: Gunnhildur Björk Elíasdóttir.

Mæting: Kl. 9 við Bónus og kl. 9.45 við Íþróttamiðstöðina á Þingeyri

Í Meðaldal er margt forvitnilegt að sjá. Þar er skemmtilegur golfvöllur Þingeyringa í fögrum fjallasal, leifar gamallar vatns-virkjunar frá upphafi tæknialdar og silfurbergsnáma í botni dalsins svo eitthvað sé nefnt. Það var í kringum 1910 sem miklar framkvæmdir áttu sér stað í botni dalsins er framámenn leituðu að silfurbergi sem í þá tíð var mikið notað í ýmiss konar sjóngler. Náman var 10 - 15 metra djúp og námuopið 2,5 metrar í þvermál fremst en mjókkaði svo inn á við. Töluvert hefur borist af efni inn í námuna svo að í dag er hún mjög grunn (4 - 6 metrar á dýpt). Er vinnslan var hafin, kom í ljós að efnið var ekki silfurberg heldur skyld steind sem nefnist aragónít. Gengið eftir ruddum vegslóða langleiðina af leiðinni.

Vegalengd: 10 km, áætlaður göngutími 4 tímar, hækkun upp í um 120 m.

Mjóifjörður - Reykjarfjörður 2 skór

Frá Hörgshlíð í Mjóafirði yfir í botn Reykjarfjarðar

10. júní, laugardagur

Fararstjóri: Þorgerður Kristjánsdóttir og Hermann S. Gunnarsson.

Mæting: Kl. 9 við Bónus.

Gengið verður upp frá Hörgshlíð og síðan eftir gamalli gönguleið að Vatnsfjarðarseli. Þar verða skoðaðar bæjartóftir og að því loknu gengið áfram yfir í Reykjarfjarðardal þar til komið er niður í botn Reykjarfjarðar.

Vegalengd: 14-15 km, áætlaður göngutími 5 - 6 klst., hækkun upp í um 300 m hæð.

Súðavík – Sauradalur - Arnardalur 2 skór

18. júní, sunnudagur

Fararstjóri: Barði Ingibjartsson.

Mæting: Kl. 9 við Bónus og 9.40 við bensínstöðina í Súðavík.

Gangan byrjar í Súðavík og þaðan er gengið upp Sauradal og upp á Kíka í um 400 m hæð. Þaðan er svo gengið niður í Arnardal.

Vegalengd 11 km, áætlaður göngutími 5 – 6 klst., hækkun upp í um 400 m.

Jónsmessuferð á Töflu í Dýrafirði (Kaldidalur - Hjarðardalur) 2 skór

24. júní, laugardagur

Fararstjóri: Sighvatur Jón Þórarinnsson.

Mæting: Kl. 18 við Bónus og 18.30 við Höfða í Dýrafirði.

Ferðin hefst rétt neðan við bæinn í Fremri Hjarðardal. Þar er farið upp gróna hlíðina og hjalla þar ofar. Smávægileg urð og grjót geta orðið á leiðinni upp á fjallið. Hlíðin er drjúg og getur tekið á óvana fætur. Þegar upp á brúnina er komið er aflíðandi halli fram undan með fönnum, malarbörðum og grjóti. Þegar nær dregur Töflunni er gróft grjót en ekki stórgrýtt. Taflan sjálf er í tæplega 700 m hæð. Grýtt upp á og tvær vörður taka þar á móti okkur. Eftir stopp á Töflunni er haldið fram fjallið og hækkum við okkur í um 730 m þar sem hæðst er farið. Þessi ganga ætti að vera þægileg en spurning um snjóalög. Gengið er á snjó niður í Kaldadal og ef bjart er og stillt veður er alveg eins von á því að þar sé KALT. Muna því að hafa hlý föt með – vettlinga og húfu. Þegar komið er niður úr Kaldadal beygjum við til hægri og höldum heim og niður Hjarðardalinn – reynum að fylgja kindagötum sem liggja þar hátt í dalnum en vísa okkur vegin niður á við og síðan fyrir ofan túns í Hjarðardal og endum á upphafs punkti ferðarinnar. Ferðin ætti ekki að taka meira en 5 – 6 tíma en að sjálfsögðu, eins og í öllum gönguferðum, ræður sá síðasti. Vanmetið ekki leiðina.

Hvítanes – fjöruferð 1 skór

1. júlí, laugardagur

Fararstjóri: Eggert Stefánsson.

Mæting: Kl. 9 við Bónus.

Gengið um fjörur og nes. Frá Hvítanesi er gott útsýni yfir Ísafjarðardjúpið og Vigur. Það sem leynist í fjörunni við bæinn er það sem fær flesta til þess að nema staðar. Á klöppunum og skerjunum rétt fyrir utan liggja yfirleitt nokkrir selir og stundum nokkrir tugir þeirra. Það kæmi ekki á óvart ef að þátttakendur gæddu sér á veitingum að ferðalokum í Litlabæ.

Áætlaður göngutími 3 – 4 klst.

Lokinhamraheiði 2 skór

8. júlí, laugardagur

Fararstjóri: Þórir Örn Guðmundsson.

Mæting við Bónus kl. 9 og 9.45 við íþróttamiðstöðina á Þingeyri.

Byrjað er á því að ganga fram og upp Lokinhamradal að austan-verðu meðfram fjallinu Skeggja sem á þessari leið er oft nefndur Skorarfjall eftir mjög djúpum skorum sem skera sundur tröllaukin hamrabelti fjallsins, enda er þar þurrara undir fæti. Það er frekar bratt upp á Lokinhamraheiðina en heiðin sjálf í um 680 m hæð og örstutt og jafnvel stysta heiði á landinu, ekki nema fimm til sex skref! Síðan strax í bröttum sneiðingum norðaustur og niður í Lambadal og áfram út í Haukadal. Þaðan norður að Húsatúni.

Vegalengd 13,5 km, áætlaður göngutími 5 - 6 tímar, hækkun í um 680 m hæð.

Dalsheiði – stikuferð 2 skór

15. júlí, laugardagur

Fararstjórar: Emil Ingi Emilsson og Ólafur Engilbertsson.

Mæting: Kl. 9 við Bónus.

Dalsheiði stikuð að hluta eða um 5 km af henni og þá upp í um 670 m hæð.

Vegalengd 8 km, áætlaður tími 8 klst., gengið upp í um 700 m hæð. Þátttakendur verða að skrá sig á netfang félagsins ferdafelag. isfirdinga@gmail.com þar sem að þátttakendafjöldi miðast við að 10 manns komist með í ferðina.

Unaðsdalur og nágrenni - þemaferð – blómaskoðunarferð 1 skór 16. júlí, sunnudagur

Fararstjóri: Rakel Þorbjörnsdóttir.

Mæting: Kl. 11 í Dalbæ.

Áhersla þessarar ferðar er á gróður jarðar. Blóm og aðrar jurtir verða skoðuð og greind. Ekki er vitað hversu langt er gengið.

Það fer eftir því hversu athyglisverðar plöntur verða á vegi fólks. Spannandi valkostur þar sem sleginn er nýr tónn í flóru gönguferða félagsins.

Áætlaður tími: 4-5 klst.

Kirkjuferðir – sjö kirkjur á fjórum dögum 2 skór 19. - 22. júlí

Fararstjóri: Björgvin Bjarnason.

Miðvikudagur 19. júlí

Frá Hrafnakletti í Bolungarvík kl. 9. Gengið að Hólskirkju og þaðan fram Syðridal að Reiðhjallavirkjun, línuveg þar upp og Heiðarskarð að Fremri-Bakka í Hnífsdal. Síðan að Hnífsdalskapellu og að Ísafjarðarkirkju. Sameiginlegt borðhald eftir göngu. Um 25 km.

Fimmtudagur 20. júlí.

Frá Ísafjarðarkirkju kl. 9. Gengið inn Skutulsfjörð upp Dagverðardal og þjóðveginn yfir Breiðadalshéiði. Að kirkjunni í Holti og þaðan að Flateyrarkirkju.

Sameiginlegt borðhald eftir göngu. Um 29 km.

Föstudagur 21. júlí.

Frá Flateyrarkirkju kl. 9. Klofningsheiði Vatnadal og að Staðarkirkju Staðardal. Þaðan fyrir Spilli og að Suðureyrarkirkju. Sameiginlegt borðhald eftir göngu. Um 15 km.

Laugardagur 22 júlí.

Frá Suðureyri kl. 9. Gengið frá Suðureyri inn Súgandafjörð og að Gilsbrekku. Gilsbrekkuheiði og niður Tungudal að Hólskirkju. Sameiginlegt borðhald eftir göngu. Um 24 km.

Hægt verður að fara í sund á öllum stöðunum eftir göngu og borðhald. Fræðsluþema verður um eina persónu á hverjum degi. Ekki er gert ráð fyrir því í skipulagi ferðanna að fólk gisti á áningarstöðum, þó það sé að sjálfsögðu leyfilegt. Nánari upplýsingar um ferðirnar verða birtar síðar.

Jökulfirðir (Hrafnfjörður – Furufjörður) 2 skór 29. júlí, laugardagur

Fararstjóri: Emil Ingi Emilsson.

Mæting: Kl. 8 við Sundahöfn á Ísafirði.

Sigt frá Sundahöfn á Ísafirði innst inn í Hrafnfjörð þar sem farið verður í land. Gengið frá sæluhúsinu í Hrafnfjarðarbotni upp úr firðinum yfir Skorarheiði. Fyrst er gengið eftir ruddri slóð til suðausturs upp með Skorará, um Andbrekkur og Skorardal þar sem farið er yfir ána á brú. Haldið í sömu átt eftir nokkuð bröttum sneiðingum þar til komið er upp á heiðina og fyrir sunnan Skorarvatn í um 200 metra hæð. Þaðan austur Furufjörð að sæluhúsinu við sjó í Furufirði. Gert er ráð fyrir góðu nestisstoppi og hvíld þar. Gengið til baka samdægurs yfir í Hrafnfjörð og siglt til Ísafjarðar um kvöldið.

Á heiðinni sést hið svipmikla fjall Gýgjarsporshamar vel en þar er sögð ein mesta álfabyggð á Vestfjörðum og þó víðar væri leitað. Áhugavert svæði m.a. út frá sögu mannlífs og byggðar, þjóðsagna, jarðfræði og gróðurs.

Vegalengd 16 km, áætlaður göngutími 8 - 9 klst., gengið upp í um 200 m hæð.

Þátttakendur verða að skrá sig á netfang félagsins ferdafelag.isfirdinga@gmail.com. Upplýsingar um verð og nánari tilhögun ferðarinnar verða birtar síðar.

Þorfinnur 2 skór

12. ágúst, laugardagur

Fararstjórar: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Steinþór Bjarni Kristjánsson.

Mæting: Kl. 9 við Bónus og kl. 9:30 við afleggjarann að Grafargili í Valþjófsdal.

Stikuð leið upp á fjallið Þorfinn og meðfram brún þess. Þaðan blasir Önundarfjörður við. Leiðin er brött á kafla en þó er ekkert klífur.

Vegalengd 8,5 km, Göngutími 5 - 6 klst. Hækkun: 650 m.

Hjólaferðin 2 hjól

19. ágúst, laugardagur

Fararstjóri: Ómar Smári Kristinsson.

Kl. 10 við Bónus á Ísafirði og kl. 10.20 á bílastæði fyrir ofan Botn og Birkihlíð.

Áður en farið er yfir fjarðarbotninn á grjótfyllingu er hjólað framhjá tilgátuhúsi í sögualdarstíll. Leiðin er fremur gróf. Hún liggur uppi í hlíð og niðri í fjöru. Hentar fjallahjólum og góðum malarhjólum. Ágæt leið fyrir fólk sem er að æfa sig á erfiðum vegum. Kílómetrafjöldi að Selárdal fram og til baka frá Botni er 14,5 km. Hjólatími með pásam: 2-3 klst.

Kistufell á Seljalandsdal 2 skór

26. ágúst, laugardagur

Fararstjóri: Magnús Ingi Jónsson.

Lagt af stað frá virkjunarhúsi Reiðhjallavirkjunar í Syðridal kl. 10:00.

Af Kistufelli er tignarlegt útsýni yfir Bolungarvík, Hnífsdal, Skutulsfjörð og Ségandafjörð. Gangan byrjar í 30 m hæð og hæsti punktur er 785 m yfir sjó. Hækkun er því um 750 metrar en 95% leiðarinnar er á vegslóða. Gangan er rétt tæpir 12 km og áætlaður göngutími er 5-6 klst. með stoppi.

Grárófa 2 skór

2. september, laugardagur

Fararstjóri: Sturla Páll Sturluson.

Mæting: Kl. 9 við Bónus.

Gömul og nokkuð strembin gönguleið á milli Ségandafjarðar og Bolungarvíkur. Nafnið á leiðinni er dregið af grárri þokurófu sem liggur stundum yfir á efsta hluta leiðarinnar. Leiðin liggur upp frá Selárdal og upp með Selárdalsá. Hinum megin við heiðina blasir Tungudalur við og liggur gönguleiðin þar niður í Bolungarvík. Vegalengd 11,5 km, 600 m hæð, áætlaður göngutími 6 - 7 klst.

Engidalur (Fossar - Fossadalur - Fossavatn - niður með Langá að stöðvarhúsi - Fossar) 1 skór

9. september, laugardagur

Fararstjóri: Örn Smári Gíslason.

Mæting: Kl. 9 við bæinn Fossa í Engidal.

Gengið frá bænum Fossum upp samnefndan dal að Fossavatni. Þaðan er svo genginn drjúgur spölur að Langá og niður með henni að stöðvarhúsi. Hringnum lokað við upphafsstað göngunnar. Vegalengd 4 - 5 km. 340 m hæð, áætlaður göngutími 4 - 5 klst.

Óvissuferð 1 skór

16. september, laugardagur

Mæting: Kl. 9 við Bónus.

Staður: má ekki segja frá því.

Fararstjóri: kemur í ljós.

Það verður engu ljóstrað upp um allt sem snýr að ferðinni. Það er þó alveg örugglega hægt að lofa ánægjulegri ferð, skemmtilegu fólki og súpu sem engan svíkur.

FERÐAFÉLAG FLJÓTSDALSHÉRÐAS

Heimasíða: www.ferdaf.is

Netfang: ferdaf@ferdaf.is

Sími: 863 5813

Kotfell í Reyðarfirði 2 skór

7. maí, sunnudagur

Fararstjórn: Jarprúður Ólafsdóttir.

Brottför: Kl. 10.

Gengið frá Þórdalsheiðarvegamótum við bæinn Áreyjar í Reyðarfirði. Fellið er um 400 metra hátt.

Valtýshellir (Perla) 2 skór

21. maí, sunnudagur

Fararstjórn: Sigurjón Bjarnason.

Brottför: Kl. 10.

Gengið af bílastæði hjá Grófargerði á Völlum að litlum hellisskúta í dalnum Hjálpleysu. „Frekar þægileg meðallöng gönguleið í miklum fjallasal“ (Skúli M. Júlíusson).

Grænafell 2 skór

4. júní, sunnudagur

Fararstjórn: Jarprúður Ólafsdóttir.

Brottför: Kl. 10.

Lagt af stað í nágrenni Biskupshlaups á Fagradal og fram á fjallið. Frábært útsýnisfjall þó hæðin sé aðeins 573 m.

Remba við Hallormsstað 2 skór

18. júní, sunnudagur

Fararstjórn: Katrín Reynisdóttir.

Brottför: Kl. 10.

Gengið eftir göngustíg frá íþróttahúsinu á Hallormsstað upp með Staðará að gamalli virkjunarstíflu. Hægt að halda áfram yfir í Skriðdal eftir gamalli reiðleið. Nánari upplýsingar í bókinni 101 Austurland – Gönguleiðir fyrir alla.

Húsey (Perla) 1 skór

23. júní - Sólstöðuganga

Fararstjórn: Jón Steinar Benjamínsson.

Brottför: Kl. 22.

Létt ganga frá perluskilti við Húsey niður að ósi Lagarfljóts og Jökulsár á Dal.

Austdalur/Brekkugjá 3 skór

2. júlí, sunnudagur

Fararstjórn: Katrín Reynisdóttir.

Brottför: Kl. 10.

Gengið fram Austdal í Seyðisfirði um Brekkugjá, tveir valkostir:

Gengið áfram að Brekku í Mjóafirði eða svipaða leið til baka.

Grasdalur norðan Njarðvíkur 3 skór

8. júlí, laugadagur

Fararstjórn: Stefán Kristmannsson.

Brottför: Kl. 8.

Gengið frá Njarðvík upp í Gönguskarð um Grasdal niður að Kögurvita og áfram að Njarðvík. Fáfarið svæði um fjöllin austan Héraðsflóa. (Sunnudag 9. júlí til vara fer eftir veðurútliti)

Verð: 3.000 kr.

Skráningarfrestur til fimmtudags 6. júlí.

Fjölskylduferð frá Seyðisfirði til Borgarfjarðar 2 – 3 skór

15. - 16. júlí, 2 dagar

Fararstjórn: Þórdís Kristvinsdóttir og Hildur Bergsdóttir fjalla-leiðsögmenn.

Brottför: Kl. 9:00 frá skrifstofu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, Tjarnarási 8 Egilsstöðum

1.d., laugardagur: Frá skrifstofu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs að upphafsstað göngu á Seyðisfirði. Frá Seyðisfirði er gengið yfir Hjálmárdalsheiði niður Hjálmárdal sem er gömul póstleið, um 6 klukkustunda ganga. Gist verður í skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs að Klyppstöðum í Loðmundarfirði. Boðið er upp á kjötsúpu fyrir alla og samverustund um kvöldið.

2d. Vaknað klukkan 8. Morgunmatur og tiltekt. Lagt að stað kl. 10 frá skála upp í Hraundal og svo yfir Kækjuskörð niður Kækjudalinn og þaðan yfir í Borgarfjörð. Ganga dagsins tekur um 6-7 tíma. Verð: 17.000. Ókeypis fyrir börn yngri en 18 ára. Innifalið er fararstjórn, trúss, kjötsúpa og gisting. Lágmark 15 manns. Ferðin er hluti af Ævintýraferðum fjölskyldunnar og er niðurgreidd af Múlaþingi, Lýðheilsusjóði og Lífheim.

Einstakafjall 2 skór

16. júlí, sunnudagur

Fararstjórn: Kristinn Þorsteinsson.

Brottför: Kl. 10.

Gengið af fjallveginum Dys milli Viðfjarðar og Vöðlavíkur á fjall sem stendur á mörkum Vöðlavíkur, Viðfjarðar og Sandvíkur.

Stuðlaheiði milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar 3 skór

22. júlí, laugardagur

Brottför: Kl. 9.00

Ferð í samstarfi við Ferðafélag Fjarðamanna. Sameinast í bíla við Stuðla í Reyðarfirði, síðan ekið í gegnum göngin að Dölum í Fáskrúðsfirði, þaðan sem lagt er á fjallið. (Sunnudag 23. júlí til vara fer eftir veðurútliti.)

Verð: 3.000 kr.

Skráningarfrestur til fimmtudags 10. júlí.

Víknaflóðir – Um eyðivíkur, firði og fjallaskörð 3 skór

4. ágúst - 7. ágúst, 4 dagar

Fararstjórn: Þórdís Kristvinsdóttir. Lágmark 10 manns.

Brottför: Kl. 10 frá félagsheimilinu Fjarðarborg, ekið að upphafsstað göngu

Víknaflóðir er göngusvæði sem engan svíkur. Þar blandast saman fallegir firðir, vikur og stórfengleg fjallasýn hvert sem litið er. Í þessari ferð má segja að göngufólk tipli yfir það helsta sem svæðið hefur upp á að bjóða en mælt er þó með því að koma aftur og skoða ýmsa ómissandi „útúrdúra“ sem verða óhjákvæmilega eftir.

1.d., föstudagur. Gengið frá Borgarfirði til Breiðuvíkur í gegnum Brúnavík. Gist eina nótt í skála ferðafélagsins í Breiðuvík.

2.d. Gengið frá Breiðuvík í Húsavík. Hér er ýmist farið um Víknaheiði til Húsavíkur en ef vel viðrar er farið inn Litluvíkurdal, gengið í rótum Leirfjalls og þaðan yfir Herjólfsvíkurvarp til Húsavíkur. Gist eina nótt í skála ferðafélagsins í Húsavík.

3.d. Gengið frá Húsavík, upp Neshálsinn og þaðan niður í Loðmundarfjörð. Ýmsar leiðir í boði, val fararstjóra fer eftir veðri og skyggni. Gist eina nótt í skála ferðafélagsins að Klyppstað.

4.d. Gengið frá Loðmundarfirði og uppá Fitjar. Þaðan er farið um Kækjuskörð og Kækjudal til Borgarfjarðar.

Verð: 59.500/56.500. Innifalið: Skálagisting, trúss og fararstjórn.

Fossaganga í Fljótsdal. 3 skór

6. ágúst, sunnudagur

Fararstjórn: Sigurjón Bjarnason.

Brottför: Kl. 10.

Gengið frá Óbyggðasetri gegnum Kleifaraskóg meðfram Jökulsá í Fljótsdal að Laugarfelli. Nánari upplýsingar í bókinni *101 Austurland – Gönguleiðir fyrir alla*.

Dagsferð á heiðarbýlin, þessi klassíska 2 skór

12. ágúst, laugardagur

Fararstjórn: Þorvaldur Hjarðar.

Brottför: Kl. 9:00.

Gengið að tíu heiðarbýlum. Ekið á bílum á milli og gengið að hverju býli. Gangan í hvert skipti er ekki löng og því er þetta tilvalið fyrir alla fjölskylduna. Gott tækifæri til að fylla stimpilkort og taka þátt í skemmtilegum gönguleik ferðafélagsins. Hjá hverju býli er staukur sem inniheldur upplýsingar um býlið, ábúendur og sögur tengdar því ásamt gestabók og stimpli fyrir stimpilkortin. Býlin sem verða heimsótt í þessari ferð eru í Úheiðinni. (Selsárvellir, Aðalból, Mælifell, Fossvellir, Desjamýri, Brunahvammur, Kálfell, Lindasel og Háreksstaðir.) Endað á kvöldverði að Arnarvatni. Verð: 8.000/7.000. Innifalið: Kvöldmatur, stimpilkort og fararstjórn.

Tekið er á móti skráningum á heimasíðu ferðafélagsins til 1. ágúst

Snæfell 3 skór

12. ágúst, laugardagur

Fararstjórn: Silja Arnfinnsdóttir.

Brottför: Kl. 8.00.

Hæsta fjall á Íslandi utan jökla, eitt þekktasta fjall austanlands.

Frábært útsýni í góðu veðri. Nánari upplýsingar í bókinni *101*

Austurland – Tindar og toppar.

Verð: 3.000 kr.

Skráningarfrestur til fimmtudags 10. ágúst.

Nærandi samvera í faðmi fjallanna í Breiðuvík. 2 skór

18. - 20. ágúst, 3 dagar

Fararstjórn: Þórdís Kristvinsdóttir fjallaleiðsögumaður og lífskúnnstner og Hildur Bergsdóttir fjallaleiðsögumaður og náttúruþerapisti.

Mæting: Kl. 16 skrifstofu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, þar sem við sameinust í bíla.

1.d., föstud. Ekið inn að afrétt á Borgarfirði eystri og í framhaldinu gengið niður í Breiðuvík í gegnum Urðarhóla. Þegar í Breiðuvík er komið og búið að koma sér fyrir er svo kvöldkakó og spjall.

2.d. Ræs kl. 8. Deginum tekið fagnandi með morgunjóga.

Morgunmatur. Gengið um í Breiðuvík, farið niður í fjöru þar sem kyrrðarstund og skapandi gleði fer fram. Ígrundunarganga á göngunni heimleiðis. Komið í skála síðdegis, eldlummur. Frjáls stund fram að kvöldmat kl. 21, þakklætisstund, kakó og eldur.

3.d. Ræs kl. 8. Deginum tekið fagnandi með morgunjóga.

Frágangur og heimferð. Gengið verður yfir Súluskarð, gegnum Brúnavík yfir til Borgarfjarðar.

Áætluð koma á Borgarfjörð er á milli 16-17.

Verð: 45.000/40.000. Innifalið: Skálagisting, morgun- og kvöldmatur, fararstjórn og trúss.

Vestdalsvatn (perla) 3 skór

20. ágúst, sunnudagur

Fararstjórn: Jarprúður Ólafsdóttir.

Brottför: Kl. 10.

Gengið af Fjarðarheiðarvegi niður að Vestdalsvatni og sömu leið til baka. Möguleiki að ganga áfram niður Vestdal eða Gilsárdal til Héraðs.

Nánari upplýsingar í bókinni *101 Austurland – Gönguleiðir fyrir alla*.

Staðarfjall og nágrenni Borgarfirði eystra. 3 skór

26. ágúst, laugardagur

Fararstjórn: Bryndís Skúladóttir.

Brottför: Kl. 9.

Gengið á fjallið og um nágrenni þess undir leiðsögn umsjónarmanns. (27. ágúst til vara) Nánari upplýsingar í bókinni 101 Austurland – Tindar og toppar.

Verð: 3.000 kr. Skráningarfrestur til fimmtudags 24. ágúst.

Bjargselsbotnar (perla) 2 skór

3. september, sunnudagur

Fararstjórn: Jón Steinar Benjamínsson.

Brottför: Kl. 10.

Gengið upp frá Hallormsstaðaskóla eftir góðum göngustíg allbröttum eftir mjög fjölbreyttu landi. Hringleið.

Nánari upplýsingar í bókinni 101 Austurland – Gönguleiðir fyrir alla.

Berjafarferð í Loðmundarfjörð

Helgina 8. til 10. september stendur Ferðafélag Fljótsdalshérað fyrir Berjafarferð í Loðmundarfirði.

Ferðin er ætluð öllum aldurshópum.

Fólk mætir á eigin bílum í Loðmundarfjörð með nesti og berjailát

Verð: 1500 krónur nóttin fyrir fullorðna frítt fyrir börn.

Seyðisfjarðarfossar 2 skór

17. september, sunnudagur

Fararstjórn: Katrín Reynisdóttir.

Brottför: Kl. 10.

Gengið meðfram Fjarðará í Seyðisfirði og skoðar fjölmargir fossar í ánni, sem sjást ekki nálægt því allir af veginum. Fossarnir eru 23 samkvæmt óbirttri Fossaskrá.

FERÐAFÉLAG RANGÆINGA

Netfang: ferdafelag.rangaeinga@gmail.com

Fésbók: Ferðafélag Rangæinga

Sími: 787 4545

Dagsferðir eru að jafnaði farnar á laugardögum. Gerum ráð fyrir 10 ferðum. Ein lengri helgarferð er á Fjallabaks svæðið í samstarfi við Ferðafélag Íslands með gistingu í Dalakofanum og í Hrafninnuskeri. Farið verður á rútu frá Reykjavík í þessa ferð. Ferðin í Ljósufjöll verður á fjallabílum, en farið verður á eigin bílum í aðrar ferðir. Nánari upplýsingar um hverja ferð verða birtar á fésbókarsíðu Ferðafélags Rangæinga þegar nær dregur. Áætlun getur breyst vegna veðurs.

Láglendisganga - óvissuferð 1 skór

25. mars, laugardagur

Fararstjórn: Guðmundur Árnason og Inga Heiðarsdóttir.

Vestmannaeyjar – hringleið umhverfis byggðina 2 skór

20. apríl, fimmtudagur

Fararstjórn: Gísli Gíslason og Ágústa Guðmarsdóttir.

Brottför: frá Landeyjahöfn kl. 10:45 og til baka kl. 19:30. Gengið frá höfninni um hraunjaðarinn uppá Eldfell, á öxl Helgafells og inn í Herjólfssdal. Síðan uppá Dalfell, um Eggjar og Molda og komið niður hjá Spröngu við Friðarhöfn. Gangan tekur 5-6 tímar og er 9-10 km.

Hafursey 1 skór

6. maí, laugardagur

Fararstjórn: Ragnar S. Ragnarsson og Gústav Þór Stolzenwald.

Lagt verður upp frá gamla Víkurskála í Vík kl. 10 þar sem verður sameinast í bíla. Keyrt þaðan að Hafursey og gengið á fjallið.

Gangan tekur 3-4 tíma og er um 4 km og hækkun um 500m.

Selsundsfjall 2 skór

10. júní, laugardagur

Fararstjórn: Gústav Þór Stolzenwald.

Lagt verður upp við Miðjuna á Hellu kl. 8 (þar sem verður safnast í bíla) og ekið þaðan að fjallinu. Þaðan er gengið gegnum Suðurhraun og með Fálkhamri á Selsundsfjall. Gangan tekur 4-6 tíma og er 12-14 km.

Einhyrningur 1 skór

24. júní, laugardagur

Fararstjórn: Þorsteinn Jónsson frá Lambey og Ágúst Sigurðsson.

Lagt verður upp frá Söluskála N1 Hlíðarenda Hvolsvelli kl. 9 þar sem verður safnast í bíla. Þaðan er ekið að Bólstað á Einhyrningsflötum og gengið á Einhyrning. Gangan tekur 3-4 tíma og er 2-3 km.

Fossaleið fyrir ofan Ásólfskála 2 skór

1. júlí, laugardagur

Fararstjórn: Margrét Jóna Ísólfsdóttir og Katrín Birna

Viðarsdóttir.

Gengið er frá Ásólfskála og farinn fallegur hringur um svæðið sem skartar fjölda fossa og fagurri náttúru. Gangan tekur 4-5 tíma og er um 8 km.

Helgarferð að Fjallabaki 2 skór

18.- 20. ágúst, 3.dagar

Fararstjórn: Gústav Þór Stolzenwald.

Brottför: Kl. 08 með rútu frá Reykjavík.

Þriggja daga ferð í samstarfi við Ferðafélag Íslands, þar sem gegnið verður um einstakt svæði að Fjallabaki. Farið er með rútu frá Reykjavík að upphafstað göngunnar og komið til baka á sunnudagskvöldið

1.d., föstud. Ekið frá Reykjavík að Rauðfossi á Dómadalsleið.

Gegnið þaðan í Dalakofan, þar sem við gistum.

2.d. Gengið frá Dalakofa um Ljósatungur, Reykjadal, Jónsvörðu og Hrafninnusker í Höskuldsskála og gíst þar.

3.d. Gengið frá Höskuldsskála í Hrafninnuskeri í Landmannalaugar og rúta þaðan til Reykjavíkur.

Ljósufjöll á Fjallabakssvæðinu 3 skór

2. september, laugardagur

Fararstjórn: Guðmundur Árnason.

Gengið frá Hrafninnuskeri um litríkt landslag og gljúfur að Ljósufjöllum. Farið til baka niður að Álftavatni. Farið verður frá Hellu kl. 8 á fjallabíl og hópurinn verður sóttur í Álftavatn. Gangan tekur 8-10 tíma og er 16-18 km.

Stöng – Háifoss í Þjórsárdal 2 skór

16. september, laugardagur

Fararstjórn: Gísli Gíslason.

Safnast í bíla á stæðinu við Skeiðavegamót kl. 9. Ekið að bílastæðinu við Stöng og gengið það um Fossárdal að Háafossi og Glanna. Skildir verða eftir bílar við Háafoss. Gangan tekur 3-4 tíma og er um 8 km.

Krakkaganga í Tungu- og Tumastaðaskógi 1 skór

23. september, laugardagur

Fararstjórn: Inga Heiðarsdóttir.

Mætt á bílastæðinu við Tumastaði kl. 11 og gengið í 2-3 tíma og mætt með gott nesti.

KVÖLDGÖNGUR

Stytttri göngur sem verða að jafnaði fyrsta miðvikudag í mánuði kl. 18, léttar göngur sem taka 2-3 tíma.

Nánari upplýsingar um hverja ferð verða birtar á fésbókarsíðunni Ferðafélags Rangæinga þegar nær dregur.

Miðfell við Flúðir

24. maí, miðvikudagur

Fararstjórn: Gísli Gíslason.

Mæting á Skeiðavegamót.

Hjólaferð um skógræktina - Tumastaðir og Tunguskógur

7. júní, miðvikudagur

Fararstjórn: Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir.

Mæting við Hvolinn.

Skokkað um Rangárvelli

14. júní, miðvikudagur

Fararstjórn: Guðmundur Árnason.

Mæting við Miðjuna.

Landréttir og næsta nágrenni

5. júlí, miðvikudagur

Fararstjórn: Inga Heiðarsdóttir.

Mæting við Miðjuna.

Vatnsdalsfjall

2. ágúst, miðvikudagur

Fararstjórn: Ágúst Sigurðsson.

Mæting við Hvolinn.

Víkingslækjarbær

6. september, miðvikudagur

Fararstjórn: Sigríður á Kaldbak/Inga Heiðarsdóttir.

Mæting við Miðjuna.

Ljósaganga í Efra-Hvolshella fyrir börn

4. október, miðvikudagur

Fararstjórn: Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir.

Mæting við Efra-Hvol.

FERÐAFÉLAGIÐ NORÐURSLÓÐ

Fésbók: Ferðafélagið Norðurslóð

Netfang: ffnordurslod@simnet.is

Sími: 892 8202

Ásbyrgi 1 skór

14. janúar, laugardagur

Brottför: Kl. 13 frá Gljúfrastofu.

Ásbyrgi er ægifagurt allan ársins hring og alltaf gaman að koma þar.

Þetta er ganga fyrir alla fjölskylduna.

Rauðinúpur á Melrakkaslétu 1 skór

25. febrúar, laugardagur

Brottför: Kl. 11 frá Núpskötlu.

Rauðinúpur er um 70 m hátt standbjarg á norðanverðri Melrakkaslétu. Rauðar bergmyndanir einkenna núpinn.

Aðalfundur Ferðafélagsins Norðurslóðar 1 skór

18. mars, laugardagur

Brottför: Kl. 13 frá veitingahúsinu Vegg, aðalfundurinn hefst kl. 15:00.

Fundurinn verður haldinn í veitingahúsinu Vegg í Kelduhverfi. Fyrir fundinn verður gengið í nágrenni fundarstaðar.

Kirknaganga á Melrakkaslétu 1 skór

7. apríl, föstudagur

Brottför: Kl. 11 frá Raufarhafnarkirkju.

Á föstudaginn langa verður gengið frá Raufarhafnarkirkju að Ásmundarstöðum á Slétu þar sem áður var kirkja. Fræðst verður um báðar þessar kirkjur í ferðinni og komið við í fuglaskoðunarhúsi. Í göngulok verður boðið upp á hressingu og fólk síðan ferjað til baka. 7 km.

Djúpilækur og Draugafoss í Bakkafirði 1 skór

13. maí, laugardagur

Brottför: Kl. 11 frá Djúpalæk.

Gengið verður í nágrenni Djúpalækjar við Bakkaflóa og síðan að Draugafossinum. 6km.

Kverkárfoss í Pistilfirði 1 skór

7. júní, miðvikudagur

Brottför: Kl. 18 frá afleggjaranum að Hallgilsstöðum.
Gengið upp með Kverkánni upp að Kverkárfossinum sem er falin perla í ánni. 11 km.

Raufarhöfn og nágrenni 1 skór

19. - 23. júní, 5 dagar

Mæting fyrir kl. 20 í Gistihúsið Hreiðrið á Raufarhöfn.
Fimm daga bækistöðvarferð. Raufarhöfn er þorp við heimskaupsbaug, með mikla sögu og birtan er töfrandi á Melrakkaslétu um sólstöðurnar. Gengið verður á tvo nyrstu tanga landsins og komið á söguslóðir Fóstbræðrasögu.

1. d., mánudagskvöld: Þátttakendur mæta í Gistihúsið Hreiðrið á Raufarhöfn og koma sér fyrir. Kl. 20:00 er fundur með fararstjóra um dagskrá næstu daga.

2. d. Á og í kringum Raufarhöfn. Gengið meðfram höfninni, að vitanum, um Höfðann, upp að Heimskaupsgerði, niður á Klifin, yfir Ásinn, niður að sjó og heim aftur. 10 km. Síldarsögur og aðrar sögur.

3. d. Nyrstu tanga landsins. Ekið út á Melrakkaslétu, gengið út á Hraunhafnartanga, ekið til vesturs og gengið út að Rífi á Rifstanga. 14 km. Fóstbræðrasaga og búskaparsaga.

4. d. Ekið suður fyrir Deildará og gengið upp með ánni, síðan fram Bæjarásinn, út á Hólshöfðann og meðfram sjónum að upphafsreit. 11 km. Fallegar flúðir og sjávarsýn.

5. D. Gengið út á Súlu sunnan Raufarhafnar. Komið við í Krókshöfn og Súlnahöfn. 7 km.

Verð: 57.000 / 62.000. Innifalið: Gisting í uppbúnum rúmum, 3x kvöldmat, göngukort og fararstjórn.

Nauðsynlegt er að skrá sig í ferðina í síðasta lagi 20. maí.

Skráning hjá ffjordurslod@simnet.is.

Sólstöðuganga við Öxarfjörð 1 skór

23. júní, föstudagur

Brottför: Síðla kvölds og gengið inn í bjarta sumarnóttina.
Gangan er hluti af Sólstöðuhátíð á Kópaskeri. Nánar auglýst síðar.

Náttúra og saga í Kelduhverfi 1 skór

4. - 9. júlí, 6 dagar

Mæting fyrir kl. 19 á Hótel Skúlagarði.
Kelduhverfi geymir marga fallega staði, í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum og víðar í sveitinni. Ný sex daga bækistöðvarferð í fallegu umhverfi þar sem við njótum náttúrunnar í rólegheitum. Gist er í Gistihúsinu Garði í Kelduhverfi.

1. d., þriðjud. Kvöldmat á Hótel Skúlagarði kl. 19:00, fundur um komandi daga kl. 20.

2. d. Í kringum Lónin vestast í Kelduhverfi. Gengið verður frá Fjallahöfn suður hlíðina vestan Lónanna en þaðan er gott útsýni yfir Lónin. Sunnan Lónanna verður litið eftir uppsprettum og svo verður hringnum lokað með því að ganga norður Flæðarnar austan Lónanna. 11 km.

3. d. Við förum út úr dyrunum og göngum inn í heiðina sem geymir margt skemmtilegt, að Hraunstakkaborg sem er sérstök náttúrusmíð. Við lítum einnig á Skjálftavatnið og göngum meðfram Veggnum og Veggjargjánni. 9 km.

4. d. Svínadalshringur í Vatnajökulsþjóðgarði. Skammt suður af Vesturdal liggur Svínadalur, harðbýl en grösug jörð þar sem búið var við fábrottnar aðstæður allt til 1946. Þar tengdust maður og náttúra í samhljómi og átökum, í blíðu og stríðu. Fjölmargar mannvistarleifar og örnefni bera því vitni og segja sögu af horfnum heimi. Komið að Karli og Kerlingu, Kallbjargi og Svínadal áður en hringnum verður lokað í Vesturdal. 7 km.

5. d. Ekið í Vesturdal og gengið þaðan um Hljóðakletta, Rauðhóla og Klappir niður í Ásbyrgi. Frábært útsýni yfir gljúfrin og Ásbyrgi, einstakar jarðmyndanir, jarðsaga og fjölbreytt lífríki. 14 km.

6. d.: Kveðjustund og brottför.

Verð: 100.000 / 105.000. Innifalið: Gisting í uppbúnum rúmum, 5x kvöldmat, akstur, göngukort, fararstjórn.

Nauðsynlegt er að skrá sig í ferðina í síðasta lagi 1. júní.

Skráning hjá ffjordurslod@simnet.is.

Heiðarnes og Heiði á Langanesi 1 skór

22. júlí, laugardagur

Brottför: Kl. 13 frá afleggjaranum að Heiðarfjallinu.
Gengið um fjöruna út í Heiðarnes, gengið um nesið og upp að Heiði og aftur að upphafsstað. Gangan er hluti af dagskrá Bryggjudaga á Þórshöfn.

Langanes - Fontur 2 skór

23.– 28. júlí, 6 dagar

Mæting: Fyrir kl. 20 að Ytra Lóni.

Ferð um friðsæla byggð sem var og eyðipörp með mikla sögu, um lífleg fuglabjörg og út á ysta odda Langaness. Gist í fimm nætur á fallegu gistiheimili. Ekki er gert ráð fyrir sameiginlegum mat fyrsta kvöldið. Á köflum er gengið um óslétt land og þýfða móa og þurfa þátttakendur að vera í góðri gönguþjálfun.

1. d., sunnud. Mæting á Gistiheimilið Ytra Lón á Langanesi.

Þátttakendur koma sér fyrir. Kl. 20:00 er fræðslustund og farið yfir dagskrá næstu daga.

2. d. Gengið frá Sauðanesi út í Grenjanesvita. Á leiðinni eru margvísleg mannvirki og menningar-minjar. Í lok ferðar er komið við í Sauðaneshúsi og síðan haldið að Ytra Lóni þar sem heiti potturinn og kvöldmaturinn bíða. 9 km.

3. d. Gengið um svokallaðan eyðibýlahring og fræðst um sögu bæjanna og byggðarinnar, gróðurinn, fuglana og fjöllin. 15 km.

4. d. Gengið með sjónum frá Lambanesi út að Heiðarhöfn, um Heiðarnesið og til baka eftir Messumelnum. Rekaviður og fallegar fjörur, fullar af lífi. 16 km.

5. d. Ekið upp á Heiðarfjall og ummerki ratsjárstöðvar varnarliðsins skoðaðar. Síðan niður í Hrolllaugsstaði en þaðan er gengið um Kumblavík og Skálabjarg að eyðipörpinu Skálum. 12 km. Frá Skálum er ekið út á Font, komið við á Skoruvíkurbjargi sem iðar af fugli og litið á súlubyggðina í Stóra-Karli. Ekið til baka að Ytra Lóni.

6. d. Eftir morgunmat er haldið heim á leið.

Verð: 105.000 / 110.000. Innifalið: Gisting í uppþúnum rúmum, fullt fæði, akstur, göngukort, aðgangseyrir og fararstjórn.

Nauðsynlegt er að skrá sig í ferðina í síðasta lagi 20. júní. Skráning hjá ffnordurslod@simnet.is.

Sléttugangan 1 skór

19. ágúst, laugardagur

Brottför: Kl. 11:00 frá ráðhúsinu á Raufarhöfn.

Gengið frá Raufarhöfn inn að Kerlingarhömrum og Ólafsvatni á Melrakkasléttu. Litið yfir hin fjölmörgu vötn Austursléttunnar og heimleiðin liggur fyrir sunnan Glápavötnin. 11 km. Sund og kvöldverður á Raufarhöfn að lokinni göngu.

Skráning á ffnordurslod@simnet.is.

Hafralónsá – Gunnarsstaðir 1 skór

6. september, miðvikudagur

Brottför: Kl. 18 frá Brúarlandi I í Pistilfirði.

Gengið niður með Hafralónsá niður að ósi, síðan upp að Gunnarsstöðum og litið inn í Sillukot. 7 km.

Arnarþúfufoss 1 skór

30. september, laugardagur

Brottför: Kl. 13 frá ráðhúsinu á Raufarhöfn til að sameinast í bíla.

Gengið verður að Arnarþúfufossi að vestan og litið á ýmsa fallega staði við Ormarsána á leiðinni ásamt fleiru sem fyrir augu ber.

Gangan er í tengslum við menningarviku á Raufarhöfn. 5 km.

Digranesviti 1 skór

14. október, laugardagur

Brottför: Kl. 12 frá skólahúsinu á Bakkafirði.

Steintún er einstaklega fallegt bæjarstæði. Þaðan er stutt að Digranesvita sem stendur á ævintýrlegum stað. Gengið er eftir slóða alla leið, svo þetta er þægileg ganga fyrir alla fjölskylduna. 9 km.

FERÐAFÉLAG BORGARFJARÐARHÉRAÐS

Heimasíða: www.ffb.is

Fésbók: Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs

Netfang: ffb@ffb.is

Sími: 859-8178

Ferðir verða auglýstar nánar á heimasíðu og á fésbókarsíðu félagsins þegar nær dregur.

Þátttaka er ókeypis, nema annað sé tekið fram.

Almennt er mæting á upphafsstað kl. 10, nema annað sé tekið fram.

Stafganga

28. janúar. Stafgöngunámskeið í Borgarnesi.

Söguganga um Borgarnes 1 skór

18. febrúar. Gengið um Borgarnes undir leiðsögn manneskju sem er "kunnug staðhátum!" Mæting við Landnámssetur Íslands

Á söguslóðum við Hvítá 1 skór

18. mars. Söguganga við Hvítá. Gengið um svæðið við Hvítárvelli og Ferjukot með staðkunnugum.

Arnarstapi 1 skór

23. apríl. Gengið milli Arnarstapa og Hellna á Snæfellsnesi. Mæting við Bárðarstýttuna á Arnarstapa.

Húsafell 2 skór

13. maí. Gengið upp á Selfell og komið niður Teigsgil. Mæting á Húsafelli (milli afþreyingarmiðstöðvarinnar og Þjóðveggarins)

Einkunnir 1 skór

27. maí. Gengið frá Einkunnir að Borg á Mýrum. Mæting á bílastæðinu í Einkunnum.

Melasveit 1 skór

11. júní. Melabakkar í Melasveit, (fjöruferð) fjölskylduferð.

Hafnarfjall 3 skór

24. júní. Jónsmessuganga á alla sjö tinda Hafnarfjalls.

Ármannsfellið fagurblátt 2 skór

9. júlí. Gengið á Ármannsfell. Mæting við Skógarhóla.

Sælingsdalur 1 skór

22. júlí. Laugar í Sælingdal í Dalasýslu. Gengið á Dagmálahól. Mæting við hótelið á Laugum.

Vatnaleiðin 2 skór

11. – 13. ágúst, 3 dagar

Vatnaleiðin í einu lagi. Gengið frá Hallkellstaðahlíð á Snæfellsnesi að Bifröst í Borgarfirði. Gist í skálum FFB við Hítarvatn og Langavatn.

Verð: 30.000/ 35.000. Innifalið: gisting í skálum, leiðsögn og trúss. Takmarkaður fjöldi. Pantanir og fyrirspurnir berist til ffb@ffb.is

Hlíðarvatn - Hítarvatn 2 skór

11. ágúst. Fyrsti leggur af Vatnaleiðinni. Lagt af stað frá Hallkellsstaðahlíð og endað við Hítarvatn.

Verð: kr. 3000,- Innifalið: leiðsögn.

Hítarvatn - Langavatn 2 skór

27. ágúst. Annar leggur af Vatnaleiðinni. Lagt af stað frá Hlíðarvatni og endað við Langavatn

Verð: kr. 3000,- Innifalið: leiðsögn.

Langavatn - Bifröst 2 skór

2. september. Þriðji leggur af Vatnaleiðinni. Lagt af stað frá Langavatni og endað á Bifröst.

Verð: kr. 3000,- Innifalið: leiðsögn.

Skjaldbreið 2 skór

23. september. Gengið á hið formfagra fjall Skjaldbreið. Farið frá fjallveginum yfir Haukadalsheiði.

Hafnarfjall 2 skór

7. október. Gengið á hið eina sanna Hafnarfjall.

England 2 skór

22. október. Hringleið sem hefst við Hótel Basalt á lðunnarstöðum í Lundarreykjadal. Leiðin liggur upp á Englandsháls að hinu sögufræga Pétursvirki, síðan að Englandslaug og Krosslaug og endað aftur á lðunnarstöðum. Um 12 km leið.

Aðventugleiði

18. nóvember. Aðventugleiði FFB í Höskuldargerði í Reykholti.